FRÉTTABLAÐIÐ

64. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. MARS 2019

Vill læra af Íslendingum

Alfred Bosch, utanríkisráðherra Katalóníu, er á Íslandi. Hann ræðir um stöðuna í héraðinu og réttarhöldin yfir katalónskum sjálfstæðissinnum sem standa yfir í Madríd. → 26

Það á að leysa málið á hinn íslenska hátt. Með viðræðum, atkvæðagreiðslum og friði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfirveguð, nema á dansgólfinu

Vinir og vandamenn lýsa Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur. → 32

Skurðaðgerðir á intersexbörnum

Formaður Samtakanna '78 segir stjórnvöld eiga að stöðva skurðaðgerðir á kynfærum intersexbarna. → 32

Skrópuðu til að mótmæla

Á annað þúsund ungmenna skrópuðu í skólanum og mótmæltu á götum úti. → 6, 38

nettó Á NETINU

NETTÓ Á NETINU

- ÓDÝRT OG ÞÆGILEGT -

Frí heimsending ef verslað er fyrir 15.000 kr. eða meira*

*Gildir á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sjö kjörin í stjórn VR

FÉLAGSMÁL Kosningu til stjórnar VR lauk í gær en kosið var um sjö af fimmtán sætum í stjórninni til tveggja ára. Alls greiddu 2.806 félagsmenn atkvæði en á kjörskrá voru 35.614. Var kosningaþátttaka því 7,9 prósent.

Þau sem náðu kjöri eru Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Árnadóttir, Sigurður Sigfússon, Harpa Sævarsdóttir, Björn Kristjánsson og Helga Ingólfsdóttir.

Þá voru þau Þorvarður Bergmann Kjartansson, Anna Þóra Ísfold og Sigmundur Halldórsson kjörin varamenn í stjórn.

Eins og áður hafði komið fram verður Ragnar Þór Ingólfsson áfram formaður félagsins til næstu tveggja ára þar sem ekkert mótframboð barst. – sar

Á annað þúsund gengu fylktu liði til að bjarga jörðinni

Mótmælin fóru fram í gær í meira en tvö þúsund borgum og bæjum í meira en hundrað löndum. Forsprakki skólaverkfallsins, hin sænska Greta Thunberg, var á fimmtudaginn tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri ljósmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Starfsfólkið spurt um ferska kjúklingastrumpa

SAMFÉLAG Auglýsingar fyrir leikritið Súper hafa orðið til þess að starfsmenn verslunarinnar Super 1 hafa ítrekað þurft að svara spurningum frá viðskiptavinum um hluti á borð við „ferska kjúklingastrumpa“ og „hægsvæfða spenagrísi á teini“.

„Þetta var fyndið fyrsta daginn, þegar fólk var að spyrja um lundir af nýsvæfðum grísum. Síðan þegar fólk er að spyrja starfsfólkið aftur og aftur, og líka hringja, þá er þetta orðið dálítið þreytt,“ segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, eigandi Super 1, í samtali við Fréttablaðið. „Þetta eru líka ansi skuggalegar lýsingar á slátrunaraðferðum sem ég vil ekki tengja við mína verslun.“

Leikritið Súper, sem er gamanleikrit eftir Jón Gnarr í leikstjórn Benedikts Erlingssonar, verður frumsýnt í kvöld. Það fjallar um fólk sem hittist í stórmarkaðnum Súper og á í einlægum samræðum.

Sigurður Pálmi segir að sér hafi brugðið í brún er hann sá auglýsingar fyrir leikritið stuttu eftir að hann opnaði sína verslun fyrir rúmum mánuði. Hann hefur rætt við fulltrúa markaðsdeildar Þjóðleikhússins sem hafi tekið erindi hans fálega. „Þessi framsetning er villandi, þetta eru auglýsingar eins og fyrir búð. Mér finnst ótrúlegt að þeir hafi ekki hugsað þetta áður en þeir vaða í svona markaðssetningu. Það má alla vega taka fram að þetta sé leikrit.“

Ekki náðist í markaðsdeild Þjóðleikhússins við vinnslu fréttarinnar. – ab

Sigurður Pálmi í Super 1

Boð ráðherra kostaði hátt í tvær milljónir

35 ráðstefnugestum Arctic Circle var boðið í kvöldverð í Hellisheiðarvirkjun í október síðastliðnum. Ríkissjóður borgaði brúsann og fékk reikning frá ON upp á 1,7 milljónir. Reyndist dýrt að breyta virkjun í veislusal með eldhúsi.

STJÓRNMÁL Ríkissjóður fékk reikning upp á tæpar 1,7 milljónir króna eftir að forsætisráðherra bauð 35 erlendum gestum Hringborðs norðurslóða í kvöldverð í Hellisheiðarvirkjun í lok október. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, var gestgjafi í kvöldverðinum í fjarveru Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, en Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Hringborðs norðurslóða, kom einnig að skipulagningu.

Hringborð norðurslóða 2018, eða Arctic Circle, fór fram í lok október en reikningur fyrir hinni veglegu veislu barst ekki forsætisráðuneytinu fyrr en í síðasta mánuði. Var hann birtur á vefnum Opnir reikningar sem ætlað er að auka gagnsæi í opinberum innkaupum. Reikningurinn er frá Orku náttúrunnar (ON) fyrir risnukostnaði og hljóðar upp á alls 1.684.445 krónur.

Fréttablaðið kallaði eftir frekari upplýsingum um tilefni þessarar greiðslu hjá Ágústi Geir Ágústssyni, skrifstofustjóra ráðuneytisins. Hann upplýsti að reikningurinn sé vegna kvöldverðar fyrir 35 erlenda gesti frá mörgum þjóðlöndum í tengslum við Hringborðið. Fréttablaðið óskaði einnig eftir afriti af reikningnum frá ON þar sem fram kemur að hann hljóðaði upp á tæpar 1,8 milljónir. Ráðuneytið gerði hins vegar athugasemd við upphæðina samkvæmt heimildum Fréttablaðsins og fékk tæpar 270 þúsund krónur í afslátt. Með VSK endaði reikningurinn í tæpum 1,7 milljónum.

„Valið var að staðsetja kvöldverðinn við Hellisheiðarvirkjun til þess að kynna hana og kolefnisbindingarverkefni ON samhliða fyrir hinum erlendu gestum.“

Kostnaðurinn helgast meðal annars af því að veislan fór fram í sýningarsal virkjunarinnar sem hvorki er innréttaður fyrir veislur né með aðgang að eldhúsi.

„Þurfti því að innrétta salinn af þessu tilefni og setja upp eldunaraðstöðu,“ segir í svari ráðuneytisins. Miðað við upphæð reikningsins og gestafjölda nam kostnaður við hvern gest því nærri 50 þúsund krónum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem gestum ráðstefnunnar er boðið út að borða á kostnað ríkissjóðs. Fréttablaðið fjallaði um það í desember 2017 þegar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, bauð 13 manna sendinefnd frá Kyrrahafseyjum, auk innlendra gesta í þriggja rétta máltíð í Bláa lóninu. Reikningurinn þá nam 400 þúsund krónum.

mikael@frettabladid.is

Hópur gesta frá Arctic Circle 2018 sótti veglega veislu við Hellisheiðarvirkjun í október í boði forsætisráðherra.

Ólafur Ragnar Grímsson.

+PLÚS

Nóg komið

Mikill fjöldi skólabarna safnaðist í gær saman í miðborginni og krafðist aðgerða í loftslagsmálum. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með. Sams konar mótmæli fóru fram víðs vegar um heiminn í fjölmörgum borgum og bæjum.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Nýtt Húsasmiðjublað
er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is

LADY málning
25% afsláttur

Nilfisk háþrýstidælur
20% afsláttur

RAUÐIR DAGAR
Í HÚSASMIÐJUNNI

GROHE og Damixa blöndunartæki
25% afsláttur

Parket
20% afsláttur

SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum.
Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

25% afsláttur
1.490 kr
~~1.990 kr~~
Gúmmítré
Ficus elastica Robusta í 13 cm potti.
11261873

26% afsláttur
Orkedea
1.990 kr
~~2.690 kr~~

Jotun gæði, lægra verð!
Verð á lítra **866 kr**
9 ltr.
25% afsláttur
7.796 kr
~~10.395 kr~~
Jotun vegg- og loftamálning
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel.
7119781-83

Sjáðu verðið!
Kynningaverð, aðeins 100 stk.
Electrolux
49.990 kr
~~59.990 kr~~
Þvottavél 1200 sn. EW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu,
1805436

Sjáðu verðið!
48% afsláttur
Kynningaverð aðeins 100 stk., í boði
12.995 kr
~~24.995 kr~~
Rafmagnshekkklippur CH55Y
560W, 55 cm, klippigeta 20 mm, þyngd 4 kg, vandaðar klippur
5085414

25% afsláttur
Electrolux
12.990 kr
~~17.565 kr~~
Ryksuga
Electrolux Ergo Rapido ZB2951.
1805357

34% afsláttur
GRAPHITE
22.995 kr
~~34.595 kr~~
Borvél 18V Graphite
109 fylgihlutir, tvær rafhlöður, taska, 2.0Ah li-ion, sn./mín., 0-350/0-1250, mesta hersla 44Nm, 19 stillingar, 13 mm patróna.
5245273

Fæst í Skútuvogi og husa.is
99.990 kr
Tak-markað magn
Sjónvarp 55UK6500MLA
LG 55" UHD snjall sjónvarp með Wide Colour Gamut veitir betri gæði, sjálvikur dimmir og ultra skýrir litir.
1860068

Byggjum á betra verði

TÖLUR VIKUNNAR 10.03.2019 TIL 16.03.2019

350
Boeing 737 MAX 8 þotur voru kyrrsettar í vikunni.

4
dómarar af fimmtán í Landsrétti dæma ekki mál í bili.

94
prósent vilja að bólusetningar séu skylda samkvæmt könnun Zenter rannsókna.



52,3 prósent
þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu hjá VR samþykktu verkfallsaðgerðir félagsins.

3,8
milljónir króna eru mánaðarlaun Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, eftir lækkun.

Þrjú í fréttum
Afsögn, ferna og piparúði

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra

sagði af sér embætti á fimmtudag í kjölfar áfellisdóms Mannréttindadómstóls Evrópu í Landsréttarmálinu. Flokkssystir hennar, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, tók svo við dómsmálaráðuneytinu tímabundið í gær.

Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir,
tónlistarkona



var sigursælust allra á Íslensku tónlistarverðlaununum á fimmtudagskvöld. Hún hlaut fern verðlaun; sem besta söngkonan, fyrir plötu ársins og ásamt öðrum fyrir popplag ársins og myndband ársins.

Ónefndi hælisleitandinn

mótmælandi á Austurvelli var meðal mest áberandi einstaklinga vikunnar. Lögreglan beitti á mánudag piparúða gegn hópi fólks sem mótmælti meðferð á flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd. Reyndu sumir að lina sársaukann með mjólk.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Lætur af störfum eftir fjórtán ára starf sem forstjóri ÍSP

Ingimundur Sigurpálsson lætur brátt af störfum sem forstjóri Íslandspósts. Hann tilkynnti þetta á aðalfundi í gær. Neikvæður 500 milljóna viðsnúningur varð á rekstri fyrirtækisins í fyrra. Nýverið komst Ríkisábyrgðasjóður að því að vandi Póstsins væri slíkur að ekki kæmi til greina að lána félaginu meira fé.

SAMKEPPNI Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts ohf. (ÍSP), hyggst láta af störfum sem forstjóri fyrirtækisins. Þetta tilkynnti hann á aðalfundi félagsins í gær. Samhliða var ársreikningur félagsins birtur en fyrirtækið tapaði 293 milljónum á síðasta ári. Hagnaður ársins 2017 var til samanburðar 216 milljónir.

Á liðnu ári rambaði ÍSP á barmi gjaldþrots og þurfti að fá neyðarlán frá íslenska ríkinu til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Fyrir jól var samþykkt heimild til að lána félaginu allt að milljarð til viðbótar. Nýverið komst Ríkisábyrgðasjóður að þeirri niðurstöðu að vandi Póstsins væri slíkur að ekki kæmi til greina að lána félaginu meira fé. Því var samþykkt heimild á hluthafafundi þann 6. mars til að auka hlutafé í því um allt að 1,5 milljarða. Áætlað er að neyðarláninu verði breytt í hlutafé og að 500 milljónir til viðbótar bætist við á vormánuðum.

Í starfsþáttayfirliti sem birt er með ársskýrslu kemur fram að einkaréttarbréf hafi skilað 53 milljóna afgangi en rúmlega 1,1 milljarðs tap hafi verið á alþjónustuhlutanum. Veltufjárhlutfall hrapar milli ára, stendur nú í 0,63, eftir að kröfur á erlend fyrirtæki færðust í fastafjármuni efnahagsreikningsins. Hlutfall EBITDA í heildartekjum var 0,8 prósent nú samanborið við 8,3 prósent árið á undan og arðsemi eigin fjár hrapar úr jákvæðum 9,4 prósentum í neikvæð 11,6 prósent.

Í ræðu sinni á aðalfundinum fór forstjóri ÍSP yfir slæma stöðu fyrirtækisins. Hana mætti meðal annars rekja til tregðu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) til að hækka gjaldskrár fyrirtækisins. Áætlaði Ingimundur að synjun stofnunarinnar á hækkun í fyrra hefði kostað fyrirtækið 513 milljónir króna. Einnig varð honum tíðrætt um alþjónustubyrði félagsins en ÍSP telur hana hafa numið 900 milljónum á liðnu ári.

Á liðnu ári rambaði ÍSP á barmi gjaldþrots og þurfti að fá neyðarlán frá ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það hefur ekki verið sérstaklega rætt hvenær ég hætti.**
> Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts

Enn fremur kom Ingimundur inn á það að fyrir Alþingi lægi fyrir frumvarp til nýrra póstþjónustulaga þar sem einkaréttur ÍSP verði loksins afnuminn. Það muni hafa í för með sér að virkir samkeppnismarkaðir myndist á höfuðborgarsvæðinu og mögulega Eyjafjarðarsvæðinu. Hins vegar muni þurfa að greiða úr því hvernig sinna eigi alþjónustu hér á landi á svæðum þar sem ekki er rekstrargrundvöllur fyrir samkeppni. Í nýju lögunum sé opnað á að ríkið geri þjónustusamning vegna þessa og fagnaði Ingimundur því enda ÍSP lengi kallað eftir slíku.

„Það hefur ekki verið sérstaklega rætt hvenær ég hætti. Nú tek ég spjall við stjórnarformanninn og sé til hvernig við spilum úr því. Ég er ekkert að hlaupa frá þessu. Það tekur alltaf smá tíma að ráða nýjan mann," segir Ingimundur.

Ingimundur segist hafa ætlað að hætta árið 2016 en þá hafi ekki verið réttur tími til að hætta. Nú sé hins vegar rétt að fá nýjan mann í brúna samhliða breyttu rekstrarumhverfi. Ákvörðunin hafi verið hans eigin og ekki hafi verið pressað á hann af hálfu stjórnar. Hann hafi tilkynnt stjórnarformanni ákvörðun sína fyrir fund. **joli@frettabladid.is**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE

2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

LEXUS RX –
FÁGUN OG FEGURÐ AÐ UTAN SEM INNAN

HYBRID ハイブリッド

Í Lexus RX 450h sportjeppanum hefur verið hugsað fyrir öllu. Línurnar eru djarfar og áberandi og fágað rýmið fullkomnar upplifunina. Hönnun og frágangur byggður á Takumi-hugmyndafræðinni setur ný viðmið fyrir sportjeppa í hæsta gæðaflokki.

RX 450H – SPORTJEPPI FRÁ 11.300.000 KR.

Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – lexus.is

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Simaveski.is

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Ungmenni fjölmenntu í bæinn og skrópuðu í skólanum til að krefjast aðgerða í loftslagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ungir mótmælendur hvorki hvattir né lattir

Á annað þúsund ungmenni skrópuðu í skólanum í gær til að mótmæla aðgerðarleysi stjórnvalda í loftslagsmálum. Þurftu flest leyfi frá foreldrum til að mæta. Skólastjóri segir nemendur hvorki hafa verið hvatta né latta til þátttöku.

UMHVERFISMÁL Á annað þúsund ungmenni mótmæltu aðgerðarleysi stjórnvalda í loftslagsmálum. Mótmælin hófust á hádegi þar sem ungmennin söfnuðust saman fyrir framan Hallgrímskirkju og gengu niður á Austurvöll.

Mótmælin eru hluti af skólaverkfalli sem fór fram í gær í meira en tvö þúsund borgum og bæjum í meira en hundrað löndum. Forsprakki skólaverkfallsins, hin sænska Greta Thunberg, var á fimmtudaginn tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels.

Ungir mótmælendur sem Fréttablaðið ræddi við voru allir á sama máli um að nauðsynlegt væri að grípa til tafarlausra aðgerða í loftslagsmálum. „Við erum komnir til að mótmæla, ætlum að gera betri framtíð fyrir okkur. Við fengum fría eyðu, við fáum síðan að fara heim. Við fréttum bara af þessu í dag frá öðrum nemendum," segir Reynir Snær Skarphéðinsson, sem tók strætó úr Hafnarfirði ásamt félögum sínum til að mæta á mótmælin. „Ég frétti nú bara af þessu á Instagram áðan," bætti félagi hans við.

Skólarnir í Reykjavík virðast ekki hafa verið með samantekin ráð um viðburðinn. Í bréfi skólastjóra Vesturbæjarskóla til foreldra kom fram að mótmæli undanfarnar vikur hefðu valdið óróa innan skólans og ekki yrði hringt í foreldra til að fá leyfi fyrir þau börn sem vildu taka þátt. Foreldrar þyrftu að óska eftir leyfi með góðum fyrirvara fyrir þau börn sem vildu taka þátt.

> **Við þurftum að fá leyfi frá foreldri, bara eins og veikindaleyfi. Við hringdum bara í mömmur okkar, skólinn var eitthvað á móti því að við færum.**
>
> Nemendur í Valhúsaskóla

Í bréfi sem skólastjóri Melaskóla sendi á foreldra klukkutíma fyrir mótmælin í gær sagði hann að á sama tíma og jákvætt væri að börnin vildu beita sér fyrir aðgerðum til verndar náttúrunni þá mættu þau ekki skrópa. Í bréfinu lýsir hann áhyggjum af því að börn fari úr þeirra umsjón og eftirlitslaus niður í miðbæ en starfsmenn skólans muni ekki fylgja þeim.

Fréttablaðið sendi fyrirspurnir í á annan tug grunnskóla og skóla- og frístundasvið vegna mótmælanna en fá svör bárust. Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla, segir að einhverjir nemendur sínir hafi farið, þeir hafi undirbúið sig í félagsmiðstöðinni fyrr í vikunni. Þeir hafi hvorki verið hvattir til að mótmæla né lattir.

Elísabet Brynjarsdóttir, formaður Stúdentaráðs og einn skipuleggjenda mótmælanna, sagði að hún hefði ekkert heyrt frá skólunum. „Ég hef ekki heyrt múkk frá þeim. Það hafa engar kvartanir borist. Ég held að þetta sé hluti af skólastarfi að fræða börn um loftslagsmál."

Það var nokkur munur á svörum mótmælenda eftir því úr hvaða skólum þeir komu. „Við þurftum að fá leyfi frá foreldri, bara eins og veikindaleyfi. Við hringdum bara í mömmur okkar, skólinn var eitthvað á móti því að við færum, þau sögðu að við fengjum fjarvist ef við færum án leyfis," sögðu piltar úr Valhúsaskóla við blaðamann. Einn þeirra skaut inn: „Við búum á Nesinu, þannig að þetta er allt svolítið hægrisinnað." **arib@frettabladid.is**

ftr.
FÉLAG TÆKNIFÓLKS Í RAFIÐNAÐI

Framboð í trúnaðarstöður
FTR

Samkvæmt 33. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnað, skal auglýsa frest til framboðs.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til
kl. 12 á hádegi 27. mars 2019

Reykjavík 12. mars 2019
Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnað

Vilja ekki kyngja skerðingu framlags

SVEITARFÉLÖG „Ef þetta verður að veruleika þá erum við að tala um skerðingu á tekjum sveitarfélaga um alls 3,4 milljarða á næstu tveimur árum. Við erum ekki tilbúin að kyngja þessu því sveitarfélögin sinna náttúrulega mikilvægri nærþjónustu og þurfa til þess tekjur," segir Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) um áformaða skerðingu á framlögum ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Umræddur niðurskurður er meðal tillagna sem er að finna í drögum að ríkisfjármálaáætlun 2020-2024. Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að veita sveitarfélögum fjárframlög til að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga.

Stjórn SÍS samþykkti á fundi sínum í gær harðorða bókun þar sem niðurskurðinum er mótmælt.

> **Það er mjög sérkennilegt að ætla að bæta hag ríkissjóðs með því að rýra hag sveitarfélaganna.**
>
> Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þar segir meðal annars að aðgerðin sé árás á sjálfsákvörðunarrétt og fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Þá gætu fyrirætlanirnar haft áhrif á samskipti ríkis og sveitarfélaga .

Aldís segir að stjórnin hafi velt því fyrir sér að stíga mjög afdrifarík skref en ákveðið að fara í viðræður við ríkisvaldið. Skili þær viðræður ekki árangri verði gripið til róttækra aðgerða.

„Ríkið er að reyna að loka gatinu því það er með markmið um að skila 28 milljarða hagnaði á ári. Til þess að gera það er þetta ein af þeim aðgerðum sem lagt er til að ráðist verði í. Það er mjög sérkennilegt að ætla að bæta hag ríkissjóðs með því að rýra hag sveitarfélaganna. Við vonumst til að ná lendingu í þessu því ríki og sveitarfélög eru saman með hagstjórnina í landinu og þessir tveir aðilar verða að dansa í takt." segir Aldís.

Hún gagnrýnir einnig aðferðafræðina. „Við erum í umfangsmiklum samskiptum sérstaklega varðandi fjármálin og það er undarlegt að þetta skuli ekki hafa verið tekið til alvarlegrar umræðu þar í staðinn fyrir að boða okkur á fund í vikunni og í rauninni tilkynna okkur að þetta væri orðinn hlutur." **– sar**

Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um Nýræktarstyrki

Nýræktarstyrkir eru veittir árlega til að styðja við útgáfu á skáldverkum höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á ritvellinum og hvetja þá til frekari dáða á þeirri braut. Átt er við skáldverk í víðri merkingu orðsins.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2019

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

Meira ferskt

Svanur kjötmeistari okkar í Kringlunni er með yfir 30 ára reynslu af því að þjónusta viðskiptavini. Svanur og félagar taka vel á móti þér!

Hefur þú kíkt í Dry Aged kælinn? Nautakjöt sem gerist ekki betra

NAUT – LAMB – SVÍN – FISKUR – MEÐLÆTI

EITT GLÆSILEGASTA KJÖTBORÐ LANDSINS ER Í HAGKAUP KRINGLUNNI

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Ræddu samskipti Íslands og Þýskalands

UTANRÍKISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra átti í gær fund með Heiko Maas, utanríkisráðherra Þýskalands. Á fundinum sem haldinn var í Berlín ræddu ráðherrarnir meðal annars öryggis- og varnarmál, málefni norðurslóða og alþjóðlegt viðskiptaumhverfi.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu var haft eftir Guðlaugi Þór að Ísland mæti ávallt hlýhug og áhuga í Þýskalandi og mikilvægt sé að rækta tengsl þessara vinaþjóða. Þjóðirnar deili sömu gildum og sýn á alþjóðavettvangi.

„Tvíhliða samskipti Íslands og Þýskalands standa jafnframt í miklum blóma, meðal annars á sviðum viðskipta, fjárfestinga og ferðamennsku, en einnig í menningarmálum og íþróttastarfi. Það er margt og bjart fram undan í samskiptum ríkjanna," segir Guðlaugur Þór. **– sar**

» Á fundinum ræddu ráðherrarnir meðal annars öryggis- og varnarmál, málefni norðurslóða og alþjóðlegt viðskiptaumhverfi.

Sigríður Á. Andersen, fyrrverandi dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sigríður fær ráðherralaun í hálft ár eftir afsögn

KJARAMÁL Sigríður Á. Andersen, fyrrverandi dómsmálaráðherra, fær biðlaun sem ráðherra í allt að hálft ár eftir að hún sagði af sér á miðvikudag. Það þýðir að hún á rétt á fullum launum ráðherra sem einnig situr á þingi upp á rúmar 1,8 milljónir krónur á mánuði.

Samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað á ráðherra sem setið hefur samfellt í ár eða meira rétt á biðlaunum í sex mánuði. Ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fagnaði eins árs afmæli sínu í lok nóvember síðastliðins.

» Sigríður á rétt á fullum launum ráðherra sem einnig situr á þingi upp á rúmar 1,8 milljónir króna á mánuði.

Sigríður mun sitja áfram sem þingmaður og mun því fá þingfararkaup áfram sem nemur rúmum 1.100 þúsund krónum á mánuði. Ráðherralaun eru samsett úr þingfararkaupi og svo ráðherrahlut upp á rúmar 725 þúsund krónur sem Sigríður í þessu tilfelli á rétt á í hálft ár til viðbótar. **– smj**

Sýni voru tekin í Breiðholtsskóla vegna kvartana starfsfólks um slappleika. Mygla var í útvegg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Álmu í Breiðholtsskóla lokað vegna myglu

Átta stofum í Breiðholtsskóla verður lokað fram á næsta haust eftir að mygla fannst í útvegg. Aðstoðarskólastjóri neitar að ræða málið og ekki náðist í fulltrúa skóla- og frístundasviðs borgarinnar. Ljóst að mikið þarf að endurnýja.

SKÓLAMÁL Álma í Breiðholtsskóla verður að fullu rýmd í dag og á morgun eftir að mygla fannst í veggjum skólans. Um er að ræða átta kennslustofur sem verða endurnýjaðar að fullu innandyra, búist er við því að framkvæmdum ljúki næsta haust. Búið var að rýma fimm kennslustofur, síðustu þrjár verða rýmdar yfir helgina.

Ekki náðist í Ástu Bjarneyju Elíasdóttur skólastjóra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Jóna Björg Sætran aðstoðarskólastjóri vildi ekki ræða málið þegar eftir því var leitað. „No comment. Ég ætla ekki að ræða þetta mál við fréttamenn," sagði Jóna Björg. Ekki náðist heldur í fulltrúa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Jóna Björg Sætran, aðstoðarskólastjóri Breiðholtsskóla

Fram kemur í minnisblaði Mannvits frá því í byrjun febrúar að engar sýnilegar rakaskemmdir hafi fundist við frumskoðun en sýni voru tekin vegna kvartana starfsfólks um slappleika. Sýnin voru send á Náttúrufræðistofnun Íslands, í þremur af fjórum kennslustofum þar sem tekin voru sýni fundust vísbendingar um ástand sem ástæða var til að bregðast við. Í sýni sem tekið var úr útvegg einnar kennslustofunni var ástandið alvarlegra.

Í sýninu fundust gró myglusvepps ásamt smádýraskít. Um er að ræða svepp sem getur valdið ofnæmi, astma og útbrotum. Í minnisblaðinu er lagt til að byrjað verði á að opna útveggi í kennslustofum til að kanna ástandið strax.

Ljóst er að mikið þarf að endurnýja, þar á meðal er útveggjaklæðning, ofnakerfi, rafmagnslagnir, loftaklæðning, gólfdúkar og þétting glugga.

arib@frettabladid.is

Aðalfundur VR

Aðalfundur VR verður haldinn miðvikudaginn 27. mars kl. 19:30 á Hilton Reykjavík Nordica.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á **vr.is**.

Við hvetjum félagsmenn til að mæta.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS

VR

Í liði Kvennó voru Fjóla Ósk, Hlynur og Berglind. RÚV/SKJÁSKOT

Kvennó sigraði MR á úrslitakvöldi Gettu betur

SAMFÉLAG Kvennskælingar tóku hljóðnemann heim þetta árið eftir æsispennandi úrslitaviðureign gegn MR í gærkvöldi. Úrslitin réðust með síðustu spurningunni.

MR-ingar voru einu stigi yfir með sex stig eftir í pottinum, eftir að hafa svarað næstsíðustu vísbendingaspurningunni á síðustu vísbendingu. Kvennó lét þó ekki hugfallast og fékk tvö stig fyrir síðustu vísbendingaspurninguna.

MR hafði því lokatækifæri til að vinna keppnina í þríþrautinni, en í henni var spurt um heiti á þremur íslenskum jöklum og hver þeirra hopi hraðast af völdum loftslagsbreytinga. Svarið var ekki rétt og því úrslitin ljós.

» Úrslitin réðust með síðustu spurningunni.

Í liði Kvennaskólans voru Fjóla Ósk Guðmannsdóttir, Hlynur Ólason og Berglind Bjarnadóttir og lið MR var skipað Sigrúnu Völu Árnadóttur, Hlyni Blæ Sigurðssyni og Ármanni Leifssyni. Spyrill keppninnar var Kristjana Arnarsdóttir, spurningahöfundar og dómarar voru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. **– jmt**

Vinsælasti billinn á Íslandi hefur nú fengið skarpara útlit, meiri íburð, lengri drægni, meira afl, aukið akstursöryggi og margt fleira.

Aukahlutir að verðmæti 350.000 kr. fylgja með öllum Mitsubishi út apríl!

OUTLANDER PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV er sannarlega einn með öllu. Þessi fullvaxni tengiltvinnbíll skartar háþróuðum tæknilausnum og miklu akstursöryggi. Hann er rúmgóður, vistvænn, kraftmikill og ótrúlega hagkvæmur í rekstri með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0 l/100 km* – svo er hann á verði sem slær allt út. Nú fylgir páskapakki með öllum Mitsubishi; aukahlutir að eigin vali fyrir 350.000 kr. Komdu og kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.

Verð frá **4.690.000** kr.

*Skv. WLTP viðurkenndri mælingu.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

Örverkföll Eflingar dæmd ólögmæt

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í gær að fyrirhuguð örverkföll Eflingar stæðust ekki lög. Framkvæmdastjóri SA fagnar niðurstöðunni en vonbrigði eru með niðurstöðuna hjá Eflingu. Framhaldið í viðræðum SGS og SA gæti ráðist um helgina.

KJARAMÁL Félagsdómur úrskurðaði í gær að fyrirhuguð örverkföll eða vinnutruflanir meðal félagsmanna Eflingar sem hefjast áttu á mánudag væru ólögmæt. Meðal annars stóð til að starfsmenn hættu að þrífa klósett á hótelum og að hópbifreiðastjórar hættu að rukka í strætó.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fagnar niðurstöðu dómsins fyrir hönd fyrirtækja og samfélagsins í heild.

„Dómsuppsagan var rétt um þremur klukkustundum eftir að málflutningi lauk og dómurinn er einróma um að örverkföll Eflingar séu dæmd ólögmæt," segir Halldór.

„Það er álit SA að Efling hafi verið að reyna á þanþol vinnulöggjafarinnar, en þessari túlkun Eflingar hafnar dómurinn einróma."

Aðspurður segir Halldór að SA geri ekki athugasemd við önnur fyrirhuguð og öllu hefðbundnari verkföll Eflingar sem munu hefjast á föstudaginn næstkomandi. Hann segir að enn sem áður sé verkefnið að ná kjarasamningum áður en verkföllin hefjast.

Ekkert verður af fyrirhuguðum örverkföllum Eflingar sem hefjast áttu næsta mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri félagsins, lýsa bæði yfir vonbrigðum með niðurstöðuna í yfirlýsingu.

Haft er eftir Viðari að það sé miður að félagsmenn fái ekki að nýta verkfallsréttinn til fulls. Efling muni að sjálfsögðu hlíta dómnum og læra af honum. Þá er haft eftir Sólveigu Önnu að þau séu hvergi af baki dottin og haldi ótrauð áfram með þau hefðbundnu verkföll sem boðuð hafa verið.

Samninganefnd Starfsgreinasambandsins (SGS) samþykkti á fundi í gær að komi ekki fram nýjar hugmyndir eða viðbrögð frá SA á næstu dögum hafi viðræðunefnd SGS fulla heimild til að slíta viðræðum.

„Þetta er búið að vera gríðarlega góð vinna en svona er þetta stundum, það gengur ekki allt upp. Við erum kannski í þeirri stöðu núna. Auðvitað eru þetta mikil vonbrigði fyrir okkur að þetta takist ekki því þetta er komið mjög langt. Það má segja að það vanti meira, sérstaklega í þessi vinnutímamál sem við höfum verið að ræða," segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

Umræður um launaliðinn hafi hins vegar þokast en Björn leggur áherslu á að þetta sé einn heildarpakki og engu verði lokað fyrr en allt sé búið.

> **Það er álit SA að Efling hafi verið að reyna á þanþol vinnulöggjafarinnar, en þessari túlkun Eflingar hafnar dómurinn einróma.**
>
> Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

Varðandi framhaldið segir Björn að nú sé komið að ákveðnum tímamótum en á föstudaginn í síðustu viku sagði í tilkynningu að þolinmæði SGS í þessum kjaraviðræðum væri ekki endalaus.

„Ég reikna með að við gefum þessu helgina. Ef ekkert gerist um helgina þá munum við óska eftir fundi hjá ríkissáttasemjara á mánudaginn."

Síðdegis í gær boðaði svo ríkissáttasemjari SGS og SA til fundar á mánudaginn klukkan 11.

sighvatur@frettabladid.is

Það besta úr báðum heimum.

IONIQ Plug-in Hybrid sameinar það besta úr báðum heimum.
Þú getur ekið allt að 63 km á rafmagni án nokkurs útblásturs eða sett á Hybrid-stillingu fyrir bensín og rafmagn og farið hvert á land sem er.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

Hyundai IONIQ PHEV. Verð frá: 4.390.000 kr.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

ENNEMM / SÍA / NM92142

Kringlan

Viðbúin, tilbúin,

FERMING

Í Kringlunni finnur þú fullt af allskonar fyrir ferminguna. Allt frá kökunni til klæðanna og skartinu til skreytinga. Úrvalið er endalaust!

GJAFA KORT

KONTOR REYKJAVÍK

OPIÐ:

LAUGARDAG 10–18
SUNNUDAG 13–18

kringlan.is

SKIPULAG UM LOFTSLAG, LANDSLAG OG LÝÐHEILSU

Hafin er vinna við gerð viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem mótuð verður nánari skipulagsstefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.

Lýsing

Lýsing þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun stefnunnar liggur frammi til kynningar frá **16. mars til 8. apríl 2019**. Lýsingin er aðgengileg á landsskipulag.is. Nálgast má prentað eintak hjá Skipulagsstofnun. Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistök til Skipulagsstofnunar. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **8. apríl 2019**. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og geta borist bréfleiðis, með tölvupósti á landsskipulag@skipulag.is, eða á athugasemdagátt á landsskipulag.is.

Kynningar- og samráðsfundir

Öllum sem áhuga hafa er jafnframt boðið til kynningar- og samráðsfunda á eftirtöldum tímum. Þar gefst tækifæri til að kynna sér hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu og taka þátt í umræðum um æskilegar áherslur og aðgerðir í landsskipulagsstefnu varðandi loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.

Borgarnesi	18. mars	kl 15-17	Hjálmakletti
Ísafirði	19. mars	kl 14-16	Hótel Ísafirði
Selfossi	20. mars	kl 15-17	Tryggvaskála
Reykjavík	21. mars	kl 15-17.30	Nauthóli
Akureyri	25. mars	kl 15-17	Hofi
Egilsstöðum	27. mars	kl 15-17	Hótel Héraði
Blönduósi	2. apríl	kl 15-17	Hótel Blöndu

Hús opnar 15 mín. fyrir upphaf fundar á hverjum stað

Fundinum í Reykjavík verður streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar

Nánari upplýsingar á landsskipulag.is

Allir velkomnir

Lýsing er kynnt samkvæmt 11. gr. skipulagslaga og 16. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík

Þrjú umferðarlagabrot sem skekið hafa kerfið

Í þriðja skiptið hefur umferðarlagabrot valdið usla í réttarkerfinu. Aðskilnaðarmálið og dómarafulltrúamálið leiddu af sér betri dómstólavernd fyrir borgarana í tímans rás. Lærdómar Landsdómsmálsins eiga eftir að koma í ljós.

DÓMSMÁL Það hefur ekki verið fyrirhafnarlaust fyrir íslenska ríkið að koma málum þannig fyrir í réttarkerfinu að mál séu flutt í samræmi við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í þriðja skiptið verða umferðarlagabrot til þess að kollvarpa íslenska dómskerfinu.

Sami maður – sitthvor hattur

Árið 1986 lagði maður að nafni Jón Kristjánsson fram kæru til Mannréttindanefndar Evrópu sem þá hét, á þeim grundvelli að brotið hefði verið gegn ákvæði sáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstól. Hann hafði hlotið dóm fyrir að aka yfir gatnamót á rauðu ljósi. Jón vísaði í kæru sinni til þess að mál hans hefði verið rannsakað af lögreglustjóranum á Akureyri og dæmt af sakadómaranum á Akureyri en um einn og sama embættismann var að ræða.

Mannréttindanefndin komst einróma að þeirri niðurstöðu að þessi skipan samræmdist ekki ákvæði 6. gr. sáttmálans og vísaði málinu til Mannréttindadómstólsins.

Alþingi Íslendinga rauk til í kjölfar niðurstöðu nefndarinnar og réðst í heilmiklar kerfisbreytingar og vorið 1989 voru lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði samþykkt. Ríkið leitaði í kjölfarið sátta við Jón og lauk máli hans í Strassborg þar með.

Lögfræðingar í dómaraþjálfun

Með lögunum sem sett voru 1989 voru átta héraðsdómstólar settir á laggirnar og 38 dómarar skipaðir. Flestir við Héraðsdóm Reykjavíkur. Auk dómaranna voru ráðnir þrettán dómarafulltrúar.

Í greinargerð með lögunum kom fram að nauðsynlegt væri að viðhalda dómarafulltrúastöðunum vegna mikilvægis þess að þjálfa lögfræðinga í dómaraverkum.

Var nú kyrrt um hríð og Hæstiréttur gerði ekki athugasemdir við hina nýju skipan mála í bili.

Vorið 1995 skipti rétturinn hins vegar snögglega um gír. Og aftur var það umferðarlagabrot sem skók kerfið. Maður var dæmdur fyrir brot á reglum um hámarksöxulþunga bifreiða. Það var dómarafulltrúi við Héraðsdóm Austfjarða sem kvað upp dóminn yfir manninum.

Hann vildi ekki una því að fulltrúi í stað skipaðs dómara dæmdi sig til refsingar.

Hæstiréttur féllst á málsástæður mannsins, sem voru meðal annars þær að ráðningarkjör dómarafulltrúa sem ekki voru æviráðnir, eins og skipaðir dómarar, fælu það í sér að dómsmálaráðherra gæti afturkallað löggildingu þeirra og vikið þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla. Framkvæmdarvaldið gæti því með áhrifum sínum og ráðstöfunum bundið enda á ráðningu þeirra með skömmum fyrirvara. Af þessum sökum væri ekki tryggt að dómarafulltrúi væri óvilhallur eins og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmálans áskilja.

Dómurinn kom ýmsum á óvart enda hafði Hæstiréttur ekki gert athugasemdir við dóma fulltrúanna fram að þessu. Á það er hins vegar að líta að þegar þessi dómur gekk var ár liðið frá lögfestingu Mannréttindasáttmálans og samþykkt nýrra mannréttindaákvæða í stjórnarskrá handan við hornið. Ekki er ólíklegt það hafi haft áhrif.

Í kjölfar dómsins þurfi að taka upp aðskilnaðarlögin og binda enda á dómaraþjálfun lögfræðingastéttarinnar og skipa þá dómara, enda talið eftir nýja dóminn að dómarafulltrúarnir gætu ekki að óbreyttum lögum sinnt neins konar dómstörfum. Þegar dómur féll var ný löggjöf um framtíðarskipan dómsmála í undirbúningi hjá réttarfarsnefnd en dómsmálaráðherra taldi nauðsynlegt að bregðast strax við, „til að koma í veg fyrir að ófremdarástand skapist hjá héraðsdómstólunum þar til tími vinnst til að gera endanlegar tillögur um dómstólaskipan“.

Með lögunum var samþykkt að dómsmálaráðherra gæti skipað dómarafulltrúa til að framkvæma dómsathafnir í umboði dómara og að um brottvikningu þeirra giltu sömu ákvæði og um skipaða dóma.

Vildu auka verndina enn

Og var nú kyrrt lengi eða allt þar til menn fóru að huga að rétti manna til að fá dóma endurskoðaða að öllu leyti á æðra dómstigi, en allt þar til Landsrétti var komið á var ekki unnt að fá sönnunarfærslu í héraði endurskoðaða fyrir Hæstarétti. Markmið millidómstigsins var ekki síst að uppfylla skilyrði Mannréttindasáttmálans um þessa endurskoðun. Það tókst þó ekki betur en svo að skipun þeirra dómara sem úr þessu áttu að bæta hefur verið dæmd ólögmæt og í andstöðu við 6. gr. sáttmálans. Það er ef til vill óþarft að taka það fram en enn og aftur var það umferðarlagabrot sem varð kerfinu að falli.

adalheidur@frettabladid.is

Óframdarástand og réttaróvissa í kjölfar dóma

1990 Aðskilnaðarmál

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við um eftirmál sáttar Jóns Kristjánssonar við ríkið muna ekki til þess að Hæstiréttur hafi tekið til við að ómerkja dóma eftir sáttina í Strassborg. Né heldur hafi verið fallist á endurupptöku mála með vísan til þessa máls.

Á þessum tíma hafði Mannréttindasáttmáli Evrópu hvorki verið lögfestur, né var búið að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Borgararnir voru því ef til vill ekki að velta réttindum sínum gagnvart ríkisvaldinu jafn mikið fyrir sér.

1995 Dómarafulltrúamál

Í kjölfar dómarafulltrúadómsins ómerkti Hæstiréttur hins vegar alla dóma sem dæmdir höfðu verið af dómarafulltrúa og vísaði þeim aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Þau mál sem voru undir áfrýjun og höfðu verið dæmd af fulltrúum voru ómerkt og vísað aftur heim í hérað til nýrrar meðferðar. Hins vegar var ekki hróflað við þeim málum sem þegar höfðu verið dæmd í Hæstarétti.

2019 Landsréttarmál

Þeir fjórir dómarar sem dómur MDE tekur til hafa kveðið upp 506 dóma og úrskurði frá því rétturinn tók til starfa. Í flestum tilvikum er um úrskurði að ræða en dæmd einkamál eru 110 og sakamál 82 talsins. Í 75 þeirra var hinn ákærði sakfelldur.

Búist er við að Hæstiréttur þurfi að ómerkja fjölda dóma og vísa þeim aftur til Landsréttar til nýrrar meðferðar í kjölfar dóms MDE. Þar verði málin tekin aftur fyrir og dæmd af öðrum en þeim fjórum dómurum sem dómurinn tekur til. Gera má ráð fyrir því að fjöldi beiðna um endurupptöku mála verði sendur endurupptökunefnd en skilyrði til endurupptöku hafa verið rýmkuð og taka nú til mála ef verulegur ágalli er talinn hafa verið á málsmeðferð.

LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13:00 TIL 16:00

FJÖLDI SPENNANDI STÓRHUNDA: BOXER, FINNISH LAPPHUND, BERNER SENNEN, BRIARD, O.FL.

HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★ DÝRALÆKNIR ★ RAUÐAKROSSHUNDUR

FÓÐURKYNNINGAR ★ KYNNING Á NÝJU HRÁFÓÐRI ★ LUKKUPOTTUR O.FL.

ROYAL CANIN

Hill's

Premium BELCANDO DOG FOOD

Brit PREMIUM



BRUNCH HLAÐBORÐ
Á SPÍRUNNI
FRÁ 11 TIL 15
UM HELGAR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

Frumsýnum 100% r

Niro Plug-in Hybrid

Verð frá	4.390.777 kr.
Afborgun á mánuði*	35.777 kr.
Drægni á rafmagni WLTP	58 km
Eyðsla eldsneytis á 100 km	1,3 l
Stærð farangursrýmis	324 l

M.v. 50% innborgun eða bíl í uppítöku og lán til 84 mánaða. Greidd heildar–fjárhæð á 7 árum er 5.149.318 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,20%

Láttu sjá þig með Niro í dag

Við bjóðum þér á glæsilega sýningu sem er tileinkuð Niro-línunni frá Kia. Þar frumsýnum við hinn ofurspennandi Kia e-Niro sem er 100% rafknúinn borgarjepplingur með allt að 455 km drægni. Einnig kynnum við Niro Hybrid og Plug-in Hybrid sem hafa slegið rækilega í gegn. Sérfræðingar frá Orku náttúrunnar og Hlöðu verða á sýningunni og kynna helstu nýjungar og hleðslubúnað fyrir rafmagnsbíla.

Komdu í heimsókn í dag kl. 12–16 og njóttu þín með Niro. Við tökum vel á móti þér.

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Brandenburg | SÍA

ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

kia.com

afdrifinn Kia e-Niro

Hvaða Niro hentar þér?

Niro Hybrid

Verð frá	3.990.777 kr.
Afborgun á mánuði*	31.777 kr.
Drægni á rafmagni WLTP	–
Eyðsla eldsneytis á 100 km	3,8 l
Stærð farangursrýmis	410 l

M.v. 50% innborgun eða bíl í uppítöku og lán til 84 mánaða. Greidd heildar–fjárhæð á 7 árum er 4.678.298 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,21%

e-Niro

Verð frá	5.490.777 kr.
Afborgun á mánuði*	43.777 kr.
Drægni á rafmagni WLTP	455 km
Eyðsla eldsneytis á 100 km	–
Stærð farangursrýmis	451 l

M.v. 50% innborgun eða bíl í uppítöku og lán til 84 mánaða. Greidd heildar–fjárhæð á 7 árum er 6.428.579 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,17%

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

KIA

Svartur dagur í sögu Nýja-Sjálands

Á fimmta tug voru myrt og álíka mörg særðust í hryðjuverkaárás á tvær moskur í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Karlmaður handtekinn og ákærður fyrir morð. Árásarmaður var í beinni útsendingu á Facebook og gaf út hatursfulla stefnuyfirlýsingu.

NÝJA-SJÁLAND Heimsbyggðin er í sárum eftir að 49 hið minnsta voru myrt og 48 særðust í hryðjuverkaárás á múslima í borginni Christchurch á Nýja-Sjálandi í gær. Ráðist var á tvær moskur í borginni, Al-Noor-moskuna og Linwood-moskuna, og var árásarmaður í beinni útsendingu á Facebook á meðan hann réðst á þá fyrrnefndu. Þar lét hann falla hatursfull ummæli um múslima.

Lögregla hefur handtekið karlmann á þrítugsaldri vegna málsins og hefur hann verið ákærður fyrir morð. Aukinheldur voru tveir karlar og ein kona handtekin. Einum aðilanum var sleppt úr haldi. Þótt nafn einskis þeirra hafi verið gert opinbert kvaðst hinn meinti árásarmaður í beinu útsendingunni heita Brenton Tarrant og vera ástralskur. Lögregla fór fram á við almenning að deila myndefninu ekki og síðum Tarrants á samfélagsmiðlum hefur verið eytt.

Samkvæmt lýsingum erlendra fjölmiðla gekk árásarmaðurinn inn í Al-Noor klukkan 13.40 að staðartíma. Hafði þá verið í beinni útsendingu í nokkrar mínútur. Um 400 voru inni í moskunni við bænahald. Árásarmaðurinn flúði vettvang og fór austur að Linwood-moskunni. Þaðan flúði hann sömuleiðis áður en hann var handtekinn skömmu síðar.

New Zealand Herald hafði eftir Nour Tavis, sem kveðst hafa verið á fremsta bekk í Al-Noor þegar árásin hófst, að hann hafi ekki strax áttað sig á því hvaðan hinn skyndilegi hávaði var að koma. „Síðan heyrðum við öskrin ... og örvænting braust út á meðal okkar allra. Það heyrðust skothvellir og skothvellir og skothvellir ... fólk reyndi að forða sér og maður sá það allt í einu falla til jarðar," sagði Tavis.

Maðurinn sem sagðist heita Brenton Tarrant birti í gær 74 blaðsíðna stefnuyfirlýsingu sem hann titlaði „Afleysingarnar miklu" þar sem hann hélt því fram að verið væri að fremja þjóðarmorð á hvítu fólki og lýsti sjálfum sér sem þjóðernissinna og fasista. Hann sagðist sjálfur líta á árásina sem hryðjuverk, kvaðst innblásinn af Anders Breivik.

Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja-Sjálands, sagði gærdaginn einn þann svartasta í sögu Nýja-Sjálands. „Það er skýrt að það er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en hryðjuverkaárás. Hún virðist hafa verið þaulskipulögð. Tvær sprengjur, festar við bíl grunaðra, hafa fundist og þær gerðar óvirkar," sagði Ardern og bætti við:

„Við erum stolt þjóð rúmlega 200 þjóðerna og 160 tungumála. Auk þessarar fjölbreytni deilum við sameiginlegum gildum. Það gildi sem við einbeitum okkur að nú er samúð og stuðningur við það samfélag sem þessi árás hafði bein áhrif á. Við fordæmum alfarið hugmyndafræði árásarmanna."

„Við erum harmi slegin yfir þessu voðaverki. Nýja-Sjáland er náið samstarfsríki og íslensk stjórnvöld hafa vottað Nýsjálendingum samúð. Eftirgrennslan borgaraþjónustunnar, lögreglunnar og ræðismanns Íslands, sem hefur haft samband við Íslendinga í borginni og nýsjálensk stjórnvöld, hefur leitt í ljós að engir Íslendingar eru meðal látinna. Stjórnvöld hér á landi munu áfram standa vörð um okkar sameiginlegu gildi og vinna gegn hvers konar öfgahyggju sem virðist undirrót hryðjuverkanna á Nýja-Sjálandi," sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þjóðhöfðingjar um allan heim hafa vottað fórnarlömbum virðingu sína og gefið út yfirlýsingar um málið. Leiðtogarnir fordæma árásina og hugmyndafræðina á afdráttarlausan hátt.

„Ég fordæmi hina ofbeldisfullu, öfgafullu hryðjuverkaárás sem heimti líf svo margra saklausra Nýsjálendinga er þeir voru við bænahald í moskum sínum í Christchurch í dag," sagði Scott Morrison, forsætisráðherra Ástralíu.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sagðist votta fórnarlömbum og Nýsjálendingum öllum samúð sína eftir árásina.

Theresa May, breski forsætisráðherrann, vottaði Nýsjálendingum samúð fyrir hönd Breta og sagði árásina hrylling.

Elísabet önnur Bretlandsdrottning gaf út yfirlýsingu þar sem hún sagði tíðindin sorgleg. „Við Filippus prins vottum fjölskyldum og vinum hinna látnu samúð okkar. Ég vil sömuleiðis votta neyðarþjónustustarfsfólki og sjálfboðaliðum sem aðstoða hina særðu virðingu mína."

thorgnyr@frettabladid.is

> **Það er skýrt að það er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en hryðjuverkaárás.**
>
> Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja-Sjálands

Nýsjálenska fánanum var flaggað í hálfa stöng við þinghúsið í Wellington sem og víðar. Mikil sorg ríkir á meðal Nýsjálendinga. NORDICPHOTOS/AFP

Nýsjálenskt samfélag er í sárum eftir voðaverkin. Þessi blóm voru bundin við grindverk fyrir framan mosku í Wellington. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglumaður á vettvangi við Al-Noor-moskuna. NORDICPHOTOS/AFP

Lögregla gerði rassíu á heimili í Dunedin í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Starfsemi Gildis - lífeyrissjóðs 2018

Hrein eign sjóðsins í árslok var 561,2 milljarðar króna og hækkaði um 43,9 milljarða á milli ára. Á árinu greiddu 56.147 sjóðfélagar til Gildis og 23.397 fengu greiddan lífeyri. Samtals eiga 234.968 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 556.323 m.kr. í árslok 2018 og hækkaði um 43.460 m.kr. á árinu. Hrein eign séreignardeilda í árslok 2018 var 4.894 m.kr. og hækkaði um 402 m.kr. frá fyrra ári.

Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:

25,2% Erlend hlutabréf
24,9% Ríkistryggð skuldabréf
18,3% Innlend hlutabréf
15,1% Önnur innlend skuldabréf
9,0% Veðskuldabréf
5,8% Erlend skuldabréf
1,8% Innlán



Ávöxtun sjóðsins á árinu er borin upp af innlendum skuldabréfum. Óskráð hlutabréf, bæði innlend og erlend, skiluðu góðri ávöxtun. Ávöxtun annarra eignaflokka var lakari. Vægi erlendra eigna nam 34,6% í árslok 2018, samanborið við 32,8% í árslok 2017. Stefna sjóðsins er að auka vægi erlendra eigna frekar á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.



Stjórn sjóðsins

Kolbeinn Gunnarsson (formaður), Gylfi Gíslason (varaformaður), Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Önundardóttir, Guðmundur Ragnarsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Birkisdóttir og Sverrir Sverrisson.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

Efnahagsreikningur		í milljónum kr.
	2018	**2017**
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	273.727	247.949
Skuldabréf	272.050	247.608
Bankainnstæður	10.618	18.047
Aðrar fjárfestingar	49	81
Kröfur	4.809	3.700
Varanlegir rekstrarfjármunir	399	355
Skuldir	-434	-384
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**561.217**	**517.356**

Breytingar á hreinni eign		í milljónum kr.
	2018	**2017**
Iðgjöld	28.335	23.014
Lífeyrir	-16.487	-15.365
Framlag ríkisins vegna örorku	1.832	1.527
Hreinar fjárfestingartekjur	31.054	37.299
Rekstrarkostnaður	-873	-806
Hækkun á hreinni eign á árinu	43.861	45.669
Hrein eign frá fyrra ári	517.356	471.687
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**561.217**	**517.356**

Kennitölur samtryggingardeildar		
	2018	**2017**
Hrein nafnávöxtun	5,8%	7,7%
Hrein raunávöxtun	2,4%	5,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,8%	5,4%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	3,9%	0,5%
Hrein raunávöxtun (15 ára meðaltal)	3,3%	4,1%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	3,7%	3,9%
Tryggingafræðileg staða	-1,5%	-1,5%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	34.216	32.966
Fjöldi launagreiðenda	6.090	5.835
Fjöldi lífeyrisþega	23.397	22.255
Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum	2,9%	3,2%
Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum	0,16%	0,16%
Árlegur rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga	3.642 kr.	3.495 kr.

Ársfundur 2019

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl kl. 17:00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Velkomin aftur

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Niðurstaða Mannréttindadómstólsins er skýr, og mín persónulega skoðun á málinu breytir engu um það. Í ljósi þess að persóna mín gæti flækst fyrir eðlilegri umræðu og úrvinnslu málsins þá segi ég hér með af mér sem dómsmálaráðherra. Fleiri verða orðin ekki.“

Einhvern veginn svona hefði afsagnarræða Sigríðar Andersen, fráfarandi dómsmálaráðherra getað hljómað. Stutt, snarpt og skýrt. Þannig hefði hún axlað ábyrgð. Ekki endilega af því hún hefði gert eitthvað siðferðislega ámælisvert, heldur einfaldlega af því að hennar hlutur í málinu flæktist fyrir eðlilegri starfsemi ráðuneytis og dómstóla.

En því miður var ræða ráðherrans fráfarandi þokukennd á blaðamannafundinum, þar sem hún tilkynnti næstu skref. Ekki var gott að skilja hvert hún var að fara, og meira að segja orðalagið varðandi afsögn hennar var ruglingslegt. Viðstaddir klóruðu sér í kollinum.

Var hún að hætta eða fara í frí?

Afsögn Sigríðar kom degi of seint. Hennar fyrstu viðbrögð voru hefðbundið íslenskt yfirklór. Samflokksmenn hennar voru litlu skárri. Næststærsta dagblað landsins kastaði rýrð á Mannréttindadómstólinn í fréttum og leiðurum. Kunnuglegt stef fyrir þá sem fylgst hafa með íslenskri pólitík í lengri tíma.

Þrátt fyrir þetta er Sigríði að mörgu leyti vorkunn. Íslenska leiðin er einfaldlega að setja undir sig hausinn og bíða þess að storminum sloti. Íslenskir ráðamenn segja almennt einfaldlega ekki af sér fyrr en í fulla hnefana. Tímasetningin var henni líka erfið af persónulegum ástæðum. Ekki má líta fram hjá því.

En þótt framkvæmdin hafi verið klaufaleg er kannski um mikilvægt fordæmi að ræða. Efnislega voru skilaboðin þau að Sigríður myndi víkja úr ráðherrastóli svo hægt væri að leiða málið til lykta. Það er virðingarvert skref að taka. Málefnin sett í fyrsta sæti, hún sjálf í annað.

Óskandi væri að þetta væri skref til að breyta íslenskri stjórnmálahefð. Víða í kringum okkur, til að mynda á Norðurlöndum, segja stjórnmálamenn af sér þegar í stað, ef persóna þeirra er farin að flækjast fyrir. Þótt svo fari í það skiptið er ekkert sem segir að viðkomandi eigi ekki afturkvæmt á stóra sviðið. Sérstaklega er þessi hefð rótgróin í Bretlandi. Peter Mandelson, einn dyggasti stuðningsmaður Tony Blair, sagði af sér embætti tvisvar, en sneri jafnharðan aftur. Amber Rudd, sem nú er vinnumálaráðherra, tók við því embætti rúmu hálfu ári eftir að hafa sagt af sér sem innanríkismálaráðherra.

Afsögn þarf ekki að þýða endalok. Nema sakir séu þeim mun meiri. Sigríður Andersen, vertu velkomin aftur.

Afsögn þarf ekki að þýða endalok. Nema sakir séu þeim mun meiri. Sigríður Andersen, vertu velkomin aftur.

BFS BRÚ – FÉLAG STJÓRNENDA

AÐALFUNDUR

Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 18. mars kl. 19:00 í húsnæði ÍSÍ að Engjavegi 6, 104 Reykjavík

DAGSKRÁ
Venjuleg aðalfundastörf
Kynning frá Virk -kulnun í starfi-
Kosning hluta stjórnar

FÉLAGAR FJÖLMENNUM!!
Stjórnin.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Fullveldi fantsins

Þriðjudaginn 26. júní árið 1984 steig Jón Kristinsson upp í Subaru bifreið sína á Akureyri.

Klukkan 16.40 stöðvuðu hann tveir lögreglumenn sem gáfu honum að sök að hafa ekki virt stöðvunarskyldu þar sem hann ók norður Byggðaveg og beygði inn á Þingvallastræti til austurs. Var þetta annað meint umferðarlagabrot Jóns á stuttum tíma. Málin voru tekin fyrir í Sakadómi Akureyrar. Var Jón sakfelldur af báðum ákærum og honum gert að greiða 3.000 króna sekt.

„Mig greindi á við lögregluna um stöðvunarskyldubrotið,“ sagði Jón í samtali við Morgunblaðið. „Ég var alveg viss í minni sök um að ég hefði stöðvað bifreiðina, en það stóð staðhæfing gegn staðhæfingu.“ Jón áfrýjaði málinu til Hæstaréttar. Á landsbyggðinni fóru sýslumenn og bæjarfógetar með dómsvald auk þess sem þeir sáu um löggæslu. Setti verjandi Jóns, Eiríkur Tómasson, fram þá kröfu að dómurinn yrði ómerktur því sami aðili hefði rannsakað og dæmt í málinu. Hélt Eiríkur því fram að slíkt stæðist hvorki stjórnarskrá né Mannréttindasáttmála Evrópu.

Þegar dómur fyrir annað brotið var staðfestur í Hæstarétti leitaði Jón til Mannréttindadómstóls Evrópu sem ákvað að veita honum áheyrn fyrstum Íslendinga.

Komst Mannréttindanefnd Evrópuráðsins að þeirri niðurstöðu að málsmeðferð í kjölfar meints umferðarlagabrots Jóns hafi brotið í bága við 6. grein Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta dómsmeðferð fyrir dómstólum og vísaði hún málinu til Mannréttindadómstólsins. Málið var þó aldrei rekið fyrir dómnum þar sem sátt náðist milli Jóns og íslenska ríkisins. Í kjölfarið voru sett lög á Alþingi þar sem skilið var með óyggjandi hætti milli dóms- og framkvæmdarvalds. Eða eins og segir á minnisvarða um málið á Akureyri: „Óréttur sem þjóðin hafði búið við heyrði þar með sögunni til.“

Nú, 35 árum eftir að Jón Kristinsson var stöðvaður af lögreglu á Akureyri, hefur umferðarlagabrot á ný bakað okkur Íslendingum vandræði við Mannréttindadómstól Evrópu. Í vikunni komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn rétti manns sem ákærður var fyrir umferðarlagabrot til réttlátrar málsmeðferðar þegar dómari sem dómsmálaráðherra hafði skipað með ólögmætum hætti við Landsrétt dæmdi í máli hans. Á ný höfðu íslensk stjórnvöld gerst brotleg við 6. grein Mannréttindasáttmálans.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði í kjölfar umferðarlagabrots Jóns Kristinssonar var breyting á meinlegri íslenskri lagahefð. Með dómi sínum í vikunni bendir Mannréttindadómstóll Evrópu á lögleysu annarrar meinlegrar íslenskrar hefðar. Lagatúlkurinn Jón Steinar Gunnlaugsson kallaði dóm Mannréttindadómstólsins „árás á fullveldi Íslands“. Jón Steinar hefur á réttu að standa. Dómurinn er árás á fullveldi. En ekki fullveldi Íslands. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu er árás á fullveldi fárra til að vera fantar; hann er árás á þá gamalgrónu hefð að íslenskir valdhafar fylli opinberar stöður og embætti með vinum, vandamönnum og flokksgæðingum.

Íslenskir ráðamenn hafa margir hverjir brugðist við niðurstöðu Mannréttindadómstólsins með skætingi. Fjármálaráðherra setur spurningamerki við valdsvið Mannréttindadómstólsins; forsætisráðherra boðar að dómnum verði áfrýjað. Í stað þess að skammast sín fyrir framgönguna við skipun í Landsrétt, í stað þess að lofa úrbótum sem tryggja Íslendingum sjálfsögð mannréttindi, eru stjórnvöld eins og hópur óskammfeilinna barna sem stendur við opna smákökukrús með klístraðar krumlur og mylsnu út á kinn en segist ekkert hafa gert af sér.

Vinhygli, frændhygli, flokkshygli. Fyrirgreiðslupólitík er plága í íslensku samfélagi. Hún er óréttur sem þjóðin hefur búið við allt of lengi. Nú er tíminn að tryggja að hún heyri sögunni til.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

TRAUSTIR BÍLAR Á ÖRUGGUM STAÐ

GEGGJUÐ TILBOÐ!

Kauptu traustan bíl á öruggum stað. Kauptu bíl hjá Brimborg.
Yfir 500 gerðir bíla frá Volvo, Ford, Mazda, Citroën og Peugeot.
Frábært verð og traust þjónusta. Við eigum rétta bílinn fyrir þig!

VOLVO

Volvo V40 CC D2 Momentum

2,0 Turbo dísil, 120 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, Webasto vélarhitari og LED aðalljós með beygjustýringu.

Verðlistaverð 5.015.000 kr.

Tilboðsverð: 4.290.000 kr.

-725.000 kr.

Ford

Ford EcoSport Titanium S SUV

1,0 bensín, 125 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leðuráklæði og Xenon aðalljós.

Verðlistaverð 3.850.000 kr.

Tilboðsverð: 3.390.000 kr.

-460.000 kr. + Vetrardekk

mazda

Mazda 2 Niseko

1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

Nettur og vel búinn Mazda2 með SkyActiv spartækni og snjallhemlun!

Verðlistaverð 2.660.000 kr.

Tilboðsverð: 2.410.000 kr.

-250.000 kr.

PEUGEOT

Peugeot 3008 Allure

1,2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur

Glæsileg hönnun, há sætisstaða, fyrsta flokks þægindi og hugvitsöm tækni einkenna Peugeot 3008 SUV.

Verðlistaverð með bakkmyndavél ofl. 4.690.000 kr.

Tilboðsverð: 4.290.000 kr.

-400.000 kr.

CITROËN

Citroën C3 Aircross Shine

1,2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Aukabúnaður: Grip Control spólvörn, 17"álfelgur, lyklalaust aðgengi, bakkmyndavél og málmlitur.

Verðlistaverð 4.120.000 kr.

Tilboðsverð: 3.690.000 kr.

-430.000 kr.

OPIÐ Í DAG KL. 12-16

– Komdu í reynsluakstur í dag!

brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Gunnar mætir Leon í kvöld

Bardagakappinn Gunnar Nelson mætir Bretanum Leon Edwards inni í búrinu í London um helgina. Edwards er á heimavelli og mætir fullur sjálfstrausts enda hefur hann unnið síðustu sex bardaga sína.

MMA Bardagakappinn Gunnar Nelson mætir Bretanum Leon Edwards inni í búrinu í London um helgina. Þetta er annar bardagi Gunnars á síðustu fjórum mánuðum eftir sautján mánaða fjarveru vegna meiðsla og fær hann verðugan andstæðing í Edwards og það í heimalandi hans. Leon er í tíunda sæti styrkleikalistans í veltivigt, þremur sætum fyrir ofan Gunnar og kemur inn í þennan bardaga fullur sjálfstrausts eftir sex sigra í röð undanfarin þrjú ár.

Bardagi Gunnars er einn af aðalbardögum kvöldsins (e. co-main event) ásamt bardaga Darrens Till og Jorge Masvidal og fer fram í O2-höllinni í London. Bardagakvöldið hefst klukkan 17.00 að íslenskum tíma og má áætla að Gunnar stígi inn í búrið fyrir bardagann um tíuleytið.

Edwards, sem er 27 ára, er fæddur á Jamaíku en fluttist ungur að árum til Birmingham á Englandi. Hann byrjaði snemma að æfa bardagalistir og barðist í fyrsta sinn innan UFC 23 ára gamall og tapaði tveimur af fyrstu fjórum bardögum ferilsins.

Annar bardagi hans innan UFC vakti athygli enda stöðvaði dómarinn bardagann eftir átta sekúndur þegar Edwards var búinn að slá Seth Baczynski í gólfið og láta höggin dynja þar til hann var stöðvaður.

Hefur aðeins einn bardagi innan veltivigtarinnar tekið skemmri tíma en þessar átta sekúndur sem það tók Edwards að leggja hinn pólska Baczynski á heimavelli hans í Póllandi.

Í tíu bardögum Edwards innan UFC hafa sjö ráðist af dómaraúrskurði sem gefur til kynna að hann sé ekki fljótur að þreytast og af síðustu sex sigrum hans unnust fjórir þeirra á dómaraúrskurði eftir að ekki tókst að útkljá sigurvegara í tilætluðum lotum.

Gunnar færðist upp um tvö sæti á styrkleikalista UFC þegar hann vann öruggan sigur á Alex Oliveira í Toronto. Sviðsljósið var á Íslendingnum fyrir bardagann gegn Oliveira eftir langa fjarveru vegna meiðsla og stóðst hann prófið með hæstu einkunn þegar hann sigraði Oliveira með hengingartaki. Það skilaði honum í tólfta sætið á sínum tíma en með sigri í kvöld gæti Gunnar blandað sér í hóp þeirra tíu efstu á styrkleikalista UFC. Með því ættu að opnast möguleikarnir á stærri bardögum í framtíðinni fyrir íslenska bardagakappann.

kristinnpall@frettabladid.is

Það fór vel á með Leon Edwards og Gunnari á fjölmiðlaviðburðum í aðdraganda bardagans. NORDICPHOTOS/GETTY

6

bardaga í röð hefur andstæðingur Gunnars unnið.

Nýjast

Olís-deild kvenna

KA/Þór - Fram 29-27

KA/Þór: Martha Hermannsdóttir 10, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 8, Rakel Sara Elvarsdóttir 4, Ásdís Guðmundsdóttir 2, Aldís Ásta Heimisdóttir 2, Katrín Vilhjálmsdóttir 2, Ólöf María Hlynsdóttir 1.

Fram: Steinunn Björnsdóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 5, Elva Þóra Arnardóttir 3, Karen Knútsdóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 2, Ragnheiður Júlíusdóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.

Efri		Neðri	
Valur	30	KA/Þór	19
Fram	29	Stjarnan	11
Haukar	23	HK	9
ÍBV	21	Selfoss	4

Man. United fer á Nývang

FÓTBOLTI Dregið var í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær þar sem Manchester United fékk enn eitt erfiða verkefnið, að reyna að slá út Lionel Messi og félaga í Barcelona. Liðin mættust tvisvar fyrir tíu og átta árum í úrslitaleik Meistaradeildarinnar þar sem Barcelona fór með sigur af hólmi en hafa ekki mæst síðan.

Blálitir Manchester-menn í Manchester City fengu kunnuglega andstæðinga því City mætir Tottenham í átta liða úrslitunum. City hefur einu sinni komist í undanúrslit Meistaradeildarinnar en Tottenham hefur aldrei komist lengra en í átta liða úrslitin.

Þá mætast Liverpool og Porto í útsláttarkeppninni annað árið í röð og Ajax sem varð fyrsta liðið í fjögur ár til að senda Real Madrid úr keppninni fær Cristiano Ronaldo og liðsfélaga í ítalska stórveldinu Juventus. **– kpt**

AÐAL-
FUNDUR
BYGGIÐNAR

Aðalfundur Byggiðnar – Félags Byggingamanna verður haldinn fimmtudaginn **28. MARS NK, KL. 18:00 Á STÓRHÖFÐA 31, REYKJAVÍK** (gengið inn Grafarvogsmegin) og **SKIPAGÖTU 14, AKUREYRI**.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa verða kosnir fulltrúar félagsins á aðalfundi Birtu, lífeyrissjóðs, Stapa lífeyrissjóðs og á þing Samiðnar sem haldið verður í byrjun maí.

Eftir aðalfund er boðið upp á kvöldverð.

Stjórnin.

Félagsmenn á höfuðborgarsvæðinu athugið að félagið er flutt á Stórhöfða 31.

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Málsvari byggingamanna | byggidn.is

Mæta gríðarsterkum mótherja í kvöld

AMERÍSKUR FÓTBOLTI Íslenska ruðningsliðið Einherjar sem keppir í amerískum fótbolta mætir bandaríska liðinu Empire State Wolfpack í Kórnum í kvöld. Er þetta ellefti leikur Einherja en jafnframt sá fyrsti sem þeir leika gegn bandarísku liði.

Empire State Wolfpack er lið frá New York sem keppir sem hálfatvinnumannalið í Bandaríkjunum. Þeir léku til úrslita í deildinni sinni á austurströnd Bandaríkjanna á síðasta tímabili og er um að ræða einn sterkasta mótherja sem Einherjar hafa mætt.

Þetta er annar leikur Einherja á þessu ári eftir 41-13 sigur á þýska liðinu Hof Jokers í síðasta mánuði. Íslenska liðið hefur verið á siglingu og unnið síðustu fjóra leiki sína en af tíu leikjum liðsins frá upphafi hafa Einherjar unnið sjö. Tímabilinu lýkur með leik gegn Kuopio Steelers frá Finnlandi í maí.

„Undirbúningurinn hefur gengið vel, það eru bara tvær vikur síðan við spiluðum síðast og við njótum góðs af undirbúningnum fyrir þann leik í dag. Í síðasta leik gekk allt upp á tíu sem gefur okkur mikið fyrir þennan leik," segir Bergþór Pálsson, leikstjórnandi (e. quarterback) Einherja.

„Við sáum þá á æfingu, þessi leikur er hluti af undirbúningstímabili þeirra og þetta er gríðarlega sterkt lið. Maður hefur varla séð annað eins og það sem þeir sýndu á æfingunni, hver einasti leikmaður var eins og sá besti í liðunum sem við höfum verið að mæta. Þeir eru stærri, sterkari og fljótari en andstæðingar okkar til þessa en það verður gaman að prófa hvar við stöndum. Okkur hefur gengið vel að undanförnu og við förum inn í þetta til að vinna leikinn."

Frá leik Einherja á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þeir eru flestir stærri, sterkari og fljótari en andstæðingar okkar til þessa.**
>
> Bergþór Pálsson, leikstjórnandi Einherja

Shaun Spencer, eigandi Empire State Wolfpacks, á von á erfiðum leik eftir að hafa skoðað lið Einherja.

„Við erum búnir að skoða leiki og fengum að fylgjast með æfingu hjá Einherja. Þeir eru með sterkt lið. Við þurfum að passa vel upp á leikstjórnandann þeirra, hann getur hlaupið og kastað og það eru öflugir varnarmenn innan hópsins," sagði Shaun sem tók því fagnandi að spila á Íslandi.

„Það hafa nokkrir spilað utan Bandaríkjanna en þetta er öðruvísi og spennandi tækifæri." **– kpt**

Dagskrá krakkabanka

Ekki missa af magnaðri skemmtun
í útibúi Íslandsbanka í Norðurturni

Laugardagurinn 16. mars kl. 13:00
Ingó Geirdal verður með töfrasýningu fyrir krakka á öllum aldri, en hann hefur á undanförnum árum sýnt ótrúleg töfrabrögð sín víða í Evrópu, Ameríku og Asíu.

Laugardagurinn 6. apríl kl. 13:00
Bráðskemmtileg sýning fyrir alla fjölskylduna með brúðumeistaranum Bernd Ogrodnik þar sem við fylgjumst með degi í lífi Einars Áskels og pabba hans.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

HELGARSPRENGJA Í HÖLLINNI

FÖSTUDAGUR TIL MÁNUDAGS

PASSO
Borðstofuborð frá
Danform. Svört grind og fætur.
Grábrún, sterk keramik plata.
Stærð: 100 x 200/300 x 75 cm

149.993 kr. ~~199.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR

PASO DOBLE
U-sófi frá Furninova. Hægri eða vinstri tunga.
Can ljósgrátt áklæði.
Stærð: 357 × 156/258 × 80 cm

359.993 kr.
~~479.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

FRIDAY
Tungusófi. Tunga getur verið beggja vegna.
Ljósgrátt áklæði. Hnakkapúði seldur sér.
Stærð: 236 × 175 × 88 cm

123.494 kr.
~~189.990 kr.~~

MANLEY
Hægindastóll úr dökkbláu sléttflaueli með svörtum viðarfótum.

40% AFSLÁTTUR

16.164 kr. ~~26.990 kr.~~

ELLY
2ja og 3ja sæta sófar og stóll í klassískri lögun.
Town grátt áklæði

30% AFSLÁTTUR

2ja sæta: 145 x 82 x 85 cm
48.993 kr. ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 183 x 82 x 85 cm
62.993 kr. ~~89.990 kr.~~

NEW WILSON
Vinsælir, einstaklega vel hannaðir og endingargóðir stólar.
Ólitaður askur.

35% AFSLÁTTUR

11.694 kr. ~~17.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

PARKER
La-z-boy hægindastóll. Dökkbrúnt leður. Stærð: 84 x 95 x 103 cm.

95.994 kr. ~~159.900 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

RIALTO
Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi.
Klæddur Graphite áklæði. Stærð: 205 × 90 × 105 cm

223.992 kr.
~~279.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

RIALTO
La-z-boy hægindastóll. Graphite ákl.
Stærð: 80 x 85 x 105 cm.

87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir frá föstudegi 15. til mánudags 18. mars 2019

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

SELJUM BORÐSTOFUBORÐ, -STÓLA OG SKENKA ÚR SKOVBY-SÝNINGARRÝMI OKKAR Í REYKJAVÍK NÚ UM HELGINA MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI. EINNIG SÝNINGAREINTÖK AF SÓFUM.

30-50%

RÝMINGAR-AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

skovby®

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
16. MARS 2019 LAUGARDAGUR

La Traviata

„La Traviata er enn ein glæsiuppfærsla Íslensku óperunnar síðan Steinunn Birna Ragnarsdóttir tók við stöðu óperustjóra fyrir nokkrum árum. Hún hefur svo sannarlega staðið sig með sóma," segir Jónas Sen, gagnrýnandi Fréttablaðsins, og gefur uppfærslunni fjórar og hálfa stjörnu.

30 ára Þrír frakkar

Svartfuglsbringur, hvalsteik eða hákarl? Ekki fyrir alla en nokkrir á ritstjórn sem eru kjötætur mæla heilshugar með veitingastaðnum Þrír frakkar hjá Úlfari sem var stofnaður 1. mars 1989 og hefur verið rekinn af fjölskyldu Úlfars Eysteinssonar matreiðslumeistara síðan þá. Í tilefni af 30 ára afmæli staðarins er 30% afsláttur af mat á matseðli út mars og þá má kaupa bjór á 250 krónur, eða þrjátíu ára gömlu verði.

Hvað ef – GDNR



„Látið ykkur dreyma," ráðlagði tónlistarkonan GDRN, eða Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir, ungum stúlkum. Hún svoleiðis rakaði inn verðlaunum á Íslensku tónlistarverðlaununum. Plata GDRN, Hvað ef? var valin poppplata ársins en hér er á ferðinni mergjuð frumraun, góðar lagasmíðar og áhugaverð textasmíð. Við mælum með.

Írskir dagar og Guðlaug

Þeir sem leggja leið sína á írska daga á Akranesi um helgina ættu ekki að sleppa ferð í Guðlaugu á Langasandi. Guðlaug samanstendur af útsýnispalli, heitri laug og grynnri laug sem nýtur vatns úr yfirfalli efri laugarinnar og þaðan er hægt að njóta útsýnis yfir Faxaflóann.

Sara og Friðgeir opna brátt fyrir gestum á Laugavegi 77, Eiriksson Brasserie. Í kjallaranum er peningahvelfing og þar verða vínflöskurnar geymdar. Sumar afar fágætar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vínið geymt í hvelfingu

Sara og Friðgeir eru þungavigtarfólk í veitingageiranum. Þau ráku Hótel Holt og Gallery Restaurant en opna nú Eiriksson Brasserie sem er alþýðlegri staður. Lúxusinn er þó ekki langt undan.

Þar sem Landsbankinn var áður til húsa á Laugavegi 77 er verið að undirbúa opnun nýs veitingastaðar, Eiriksson Brasserie. Á bak við reksturinn er þungavigtarfólk í veitingageiranum. Hjónin Friðgeir Ingi Eiríksson og Sara Dögg Ólafsdóttir, ásamt föður Friðgeirs, Eiríki Inga Friðgeirssyni. Þau ráku Hótel Holt og Gallery Restaurant og reka Viðeyjarstofu.

„Við erum að leggja lokahönd á undirbúning og stefnum á að opna veitingastaðinn seinna í mars," segir Sara Dögg sem segir nýjar áherslur munu einkenna staðinn. „Þetta er mjög ólíkt því sem við höfum verið að gera. Við ákváðum að opna stað þar sem yrði boðið upp á mat sem okkur þykir góður og vinum okkar þykir gott og skemmtilegt að borða. Við bjuggum lengi í Frakklandi og líklega erum við undir einhverjum áhrifum þaðan," segir Sara en Friðgeir er fyrrverandi yfirmatreiðslumaður á Michelin-veitingastaðnum Domaine de Clairfontaine í Lyon í Frakklandi.

„Við vildum samt ekki opna hefðbundinn franskan veitingastað heldur er matseðillinn í evrópskum og nútímalegum evrópskum matargerðarstíl og líklega má segja að það sé sérstök áhersla á ítalska matargerð. Við elskum pitsur og þær verða á matseðlinum en líka fleiri skemmtilegir réttir. Það er í raun allt leyfilegt og réttirnir af fjölbreyttu tagi," segir Sara frá. „Við erum hrifin af trufflum sem hráefni, við munum til dæmis bjóða upp á trufflukokteila," segir hún.

Friðgeir við pitsuofninn en þau hjón eru hrifin af pitsum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lúxusinn er ekki langt undan. Á neðri hæðinni er vínkjallari veitingahússins í gamalli peningahvelfingu. „Þar er vínsafnið okkar sem telur rúmlega fjögur þúsund vínflöskur. Margar afar fágætar. Í hvelfingunni verður eitt borð sem gestir geta pantað og fengið þar lúxusþjónustu í mat og drykk," segir Sara frá. **– kbg**

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites

EIGUM LEAF TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Mest seldi rafbíllinn

Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í Evrópu frá því að hann var fyrst kynntur árið 2010. Ný sending hefur borist og nú eigum við Nissan Leaf til afgreiðslu strax með 40 kWh rafhlöðu sem gefur allt að 250 km* raundrægi við íslenskar aðstæður á einni hleðslu. Nú er um að gera að bregðast skjótt við og næla sér í nýjan Nissan Leaf í dag.

ProPilot

ProPilot er fyrsta kynslóð tæknibúnaðar frá Nissan í átt að sjálfkeyrandi bílum. ProPilot tæknibúnaðurinn eykur öryggi í akstri og aðstoðar ökumann við að fylgjast með aðvífandi umferð auk þess sem búnaðurinn getur lagt bílnum í stæði. ProPilot er staðalbúnaður í Tekna.

Nissan EV Connect

Með 3G tengingu í LEAF er hægt að stjórna miðstöð, sjá stöðu rafhlöðu, orkunotkun og margt fleira í gegnum Nissan EV Connect appið.

Nissan Leaf. Verð frá 4.490.000 kr.

Nánari upplýsingar á nissan.is

zero Emission

*Drægi samkvæmt nýjustu WLTP stöðlum. Drægi bíls fer eftir aksturslagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum.

ENNEMM / SÍA / NMxxxxx

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2018 WORLD GREEN CAR

Nýr Nissan Leaf var kjörinn
The World Green Car 2018
á alþjóðlegu bílasýningunni í New York.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Alfred Bosch, utanríkisráðherra Katalóníu, segir að meintir glæpir hinna ákærðu aðskilnaðarsinna hafi aldrei átt sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Katalónar hrífast af íslensku leiðinni

Alfred Bosch, utanríkisráðherra Katalóníu, ræðir við Fréttablaðið um réttarhöld yfir leiðtogum katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar, stöðuna í Katalóníu og hvernig Katalónar geti lært af Íslendingum.

Sjálfstæðisbarátta Íslands og saga þess síðan þá felur í sér nauðsynlegan lærdóm fyrir Katalóna. Þetta segir Alfred Bosch, utanríkisráðherra Katalóníu, í viðtali við Fréttablaðið. Hann er staddur á Íslandi um helgina og hefur til að mynda sótt fund með utanríkismálanefnd Alþingis.

„Hún hafði mikinn áhuga á stöðunni í Katalóníu og á Spáni. Ég útskýrði sýn mína á málið og bað þau auðvitað um aðstoð. Ekki við að koma á sjálfstæðri Katalóníu, það er okkar verkefni, heldur við að tryggja friðsamlegt umhverfi og koma á viðræðum við spænsku ríkisstjórnina. Hún vill ekki koma að borðinu heldur vill frekar koma leiðtogum okkar frá og bæla okkur niður," segir Bosch.

Tólf leiðtogar katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar eru ákærðir fyrir til að mynda uppreisn og uppreisnaráróður og eiga yfir höfði sér áratugi í fangelsi vegna atburðanna sem áttu sér stað í héraðinu haustið 2017. Þá boðuðu Katalónar til atkvæðagreiðslu um sjálfstæði, hún fór fram og loks var sjálfstæði lýst yfir. Málið kom fyrir hæstarétt í febrúar en því er hvergi nærri lokið.

Dáist að Íslendingum

Bosch segist ekki kominn til Íslands sérstaklega til þess að tala um réttarhöldin og sjálfstæðisbaráttuna. „Ég er kominn hingað því það er nauðsynlegt að læra af íslensku fordæmi. Við dáumst að ykkur og teljum að þið séuð ákaflega sjálfstæð, sem er gott. Þið elskið tungumálið ykkar og einkenni. Þið fenguð fullveldi fyrir um hundrað árum og hafið haldið því alla tíð síðan. Það er aðdáunarvert," segir hann og bætir við:

„Við viljum fylgja í fótspor ykkar. Og við höfum líka komist að því að þið látið fólk um allan heim ykkur varða sem og mannréttindi og óréttláti."

Hann segir Íslendinga bera virðingu fyrir þeim sem eru þeim ólíkir, séu færir í að eignast vini og koma á friði. Það sé nauðsynlegur lærdómur því Katalónar þurfi að „sannfæra suma um að það sé slæm hugmynd að stofna til átaka, fangelsa fólk og halda pólitísk réttarhöld".

„Það á að leysa málin á hinn íslenska hátt. Með viðræðum, atkvæðagreiðslum og friði," segir Bosch.

Pólitísk réttarhöld

Bosch segir mikilvægt fyrir Íslendinga að vita að réttarhöldin í Madríd séu pólitísk. Hann segist vilja að réttarhöldunum verði hætt, sakborningar verði leystir úr haldi. „Þau eru leiðtogar okkar og eru það fólk sem er best til þess fallið að ná friðsamlegu samkomulagi."

Þá vill Bosch að mannréttindi séu virt. „Tjáningarfrelsið, réttur til yfirráða yfir eigin líkama, til sanngjarnra réttarhalda og til pólitískrar þátttöku."

Katalónía er að sögn Bosch rólyndishérað og Katalónar afslappað en þó harðduglegt fólk. „En við eigum í vandræðum með spænska ríkið. Með einmitt þau vandræði gætuð þið hjálpað okkur af því að þið hafið reynsluna og þekkinguna til þess."

Sakleysi

Kveðið er á um óuppleysanlega einingu Spánar í spænsku stjórnarskránni. Stjórnlagadómstóll úrskurðaði sömuleiðis atkvæðagreiðsluna haustið 2017 ólöglega áður en hún átti sér stað. Það þýðir hins vegar ekki, segir Bosch, að fangelsa ætti héraðsstjórnina sem stóð að atkvæðagreiðslunni.

„Stjórnlagadómstóllinn getur eingöngu úrskurðað um stjórnarskrártengd mál, ekki sakamál. Hann getur ekki dæmt fólk í fangelsi. Hann sagði atkvæðagreiðsluna stangast á við stjórnarskrá en það gerir margt annað án nokkurra afleiðinga. Til að mynda við réttinn til að hafa þak yfir höfuðið eða til jafnréttis. Ef atkvæðagreiðslan stangast á við stjórnarskrá var það vegna pólitískrar deilu þeirra sem vildu halda hana og þeirra sem vildu ekki að hún færi fram. Slíkt á að leysa á pólitískum vettvangi."

Bosch segir enn fremur að það sé „skrítið, óvenjulegt og óásættanlegt" að ákærðu sitji nú í sakamáladómstól og séu sökuð um glæpi sem „áttu sér einfaldlega aldrei stað".

„Þau eru sökuð um uppreisn og uppreisnaráróður, glæpi sem þurfa að fela í sér ofbeldi. En það átti ekkert ofbeldi sér stað. Hvar var ofbeldið? Þjóðin var afar friðsamleg og héraðsstjórnin sömuleiðis. Það ættu aðrir að sitja fyrir dómi, ekki friðelskandi fyrrverandi héraðsstjórnin," segir Bosch og talar um að eina ofbeldið umrætt haust hafi verið af hálfu spænsku lögreglunnar þegar hún barði á kjósendum og reyndi að stöðva kosningarnar.

Ráðherrann minnist á að nokkrir ráðherrar hafi valið að fara í útlegð og séu nú frjálsir í Belgíu og víðar. „Þau hafa farið fyrir dómara. Enginn þeirra dómara hefur litið svo á að draga skuli þau fyrir sakamáladómstól."

Öfgaöfl

Einn þeirra þriggja aðila sem sækja málið er öfgaíhaldsflokkurinn Vox. Bosch segir um að ræða flokk sem er andvígur sjálfsákvörðunarréttinum, kvenréttindum, réttindum dýra og innflytjendum.

„Þetta er óumburðarlyndur flokkur. Hann er nú í kosningabaráttu og heyr hana í dómssal. Það er mikið áhyggjuefni af því að það þýðir að spænsk öfgaöfl, annað en gerist nú annars staðar í Evrópu, starfa innan kerfisins með leyfi yfirvalda," segir Bosch og bætir við:

„Þetta snýst ekki bara um katalónskt sjálfstæði heldur líka um öfgaíhaldshreyfinguna í Evrópu."

Engin bjartsýni

Bosch segist ekki bjartsýnn á að dómstólar sýkni sakborningana. „Ég hef litla trú á því að hann sýni almenna skynsemi, sem stundum er ekki almenn, þá sérstaklega í þessu tilviki. Ég hef hins vegar trú á framtíð okkar og mannkynsins alls. Í Vestur-Evrópu 21. aldarinnar geta atburðir eins og þeir sem eiga sér stað heima ekki staðið yfir lengi. Þessu mun ljúka, ég er viss um það. Ég tel að við fáum brátt tækifæri til þess að ákvarða eigin framtíð."

Hann segir að dómarnir gætu orðið þungir. „Krafist er allt að 25 ára yfir mörgum sakborningum, sem er þyngra en refsingin við morði. Ef dómarnir eru þungir mun það ekki hjálpa til við að leysa úr deilunni. Hún verður líklega verri."

Þá segist hann viss um að frelsið, almenn skynsemi og grundvallarmannréttindi muni hafa betur. „Þess vegna er ég í þessu starfi."

Bosch kveðst jafnframt vongóður um að hann muni sjá stofnun katalónsks lýðveldis á sinni ævi. Katalónar hafi þó ákveðin grundvallargildi í sjálfstæðisbaráttunni sem þeir muni aldrei víkja frá. „Við viljum að ferlið sé lýðræðislegt, siðmenntað og friðsamlegt. Við munum ekki beita ofbeldi, sama hvað um okkur er sagt og sama hvað verður um samstarfsmenn okkar sem nú sæta illri meðferð."

Hann segir að sjálfstæði sé markmiðið því þannig sé hægt að auka velsæld og lífsgæði Katalóna. „Það er hægt að líta til íslensks fordæmis. Lífsgæði hafa aukist mikið frá því Ísland fékk sjálfstæði. Við skiljum ekki hvers vegna við ættum ekki að mega fara sömu leið."

Ekkert upplýsingastríð

Bosch hefur nú ferðast til nokkurra evrópskra höfuðborga. Hann segist ekki eingöngu hafa talað um stjórnmál á ferðum sínum en hafa vissulega verið hreinskilinn þegar hann er spurður út í stöðuna, líkt og í þessu viðtali. Katalónar eigi þó ekki í neinum upplýsingahernaði.

„En við höfum tekið eftir því að Spánverjar þróa nú upplýsingaherferð sem kallast „Þetta er Spánn í raun" þar sem því er haldið fram að Spánn sé lýðræðisríki sem hafi sjálfstæða dómstóla og beri virðingu fyrir mannréttindum. Þegar maður á borð við Pedro Sanchez, forsætisráðherra Spánar, fer fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og fullyrðir þetta fyrir framan dómara, sem gætu litið Spán jákvæðum augum, gætu þeir velt því fyrir sér hvað knýi hann til þess að tala á þennan hátt. Telur hann Spán viðkvæman að þessu leyti? Heldur hann að Evrópa efist um þessa stöðu?" spyr Bosch.

„Ég held að þetta sé ekki sniðug nálgun. Hún sýnir óöryggi og mikinn veikleika spænska stjórnkerfisins þegar það þarf að tala á þennan hátt."

Vonbrigði

Katalónskir sjálfstæðissinnar á spænska þinginu greiddu atkvæði með því að Pedro Sanchez, úr Sósíalistaflokki, yrði nýr forsætisráðherra. „Af því vonuðumst við eftir öðru og betra viðmóti og bjuggumst við því að hægt væri að eiga í viðræðum og finna lýðræðislega lausn á deilunni," segir Bosch.

Það hefur hins vegar ekki gerst. „Það sem gerðist var afar svipað því sem við upplifðum undir stjórn Lýðflokksins. Málaferlin héldu áfram og þótt viðræður hafi farið af stað var þeim slitið innan fáeinna daga þegar spænska ríkisstjórnin stóð upp frá borðinu. Við höfum í mörg ár setið ein við þetta viðræðuborð og viljum finna lýðræðislega lausn."

Sjötyngdur söngvari

Alfred Bosch segist hafa trúlofast stjórnmálunum fyrir sjö árum, þá orðinn fimmtugur. Fram að því starfaði hann sem háskólaprófessor, rithöfundur og var jafnframt aðgerðasinni. Í gegnum síðastnefnda starfið sogaðist hann inn í stjórnmálin og hefur síðan þá setið í borgarstjórn Barcelona, á spænska þinginu og er nú ráðherra.

Aðspurður hvort það hjálpi í núverandi starfi að tala sjö tungumál segir Bosch hiklaust já. „Það er betra en að tala ekkert tungumál. Eins og þú veist eru Katalónar tvítyngdir, tala sitt eigið mál, katalónsku, og spænsku sömuleiðis," segir hann og bætir við að hann hafi að auki lært ensku, frönsku, þýsku, portúgölsku og ítölsku.

Bosch söng mikið á yngri árum en segir ekki alveg við hæfi að titla sig söngvara. „Ég söng þegar ég var yngri og þá bara sem áhugamaður. Það var óperusöngur og svo söng ég líka spænska óperu. Það var bara í áhugamannahóp sem hafði gaman af því að setja upp sýningar fyrir vini og kannski fáeina til viðbótar. Nú til dags syng ég bara í sturtu."

Þá var hann einnig sjálfstæður blaðamaður í fortíðinni og starfaði á vettvangi víða, til að mynda í Suður-Afríku, Líbanon, Sri Lanka og Kambódíu. Í því starfi segist hann hafa lært mikið um mannkynið. Það sé afar fjölbreytt og hafi mismunandi skoðanir en sé þó svipað innbyrðis. „Við fæðumst, deyjum, elskum, berjumst."

Langur aðdragandi að réttarhöldum yfir Katalónunum tólf og ítarleg umfjöllun Fréttablaðsins um málið

Aðdragandinn að réttarhöldunum í Madríd var langur. Einfaldast er að segja að hann teygi sig aftur til september 2017 þegar meirihluti katalónska þingsins samþykkti að boða til atkvæðagreiðslu héraðsbúa um sjálfstæði héraðsins .

Vissulega má þó færa rök fyrir því að aðdragandinn hafi verið mun lengri, enda katalónska sjálfstæðishreyfingin í rauninni hundrað ára gömul.

Fréttablaðið hefur fylgst náið með málinu frá þessu örlagaríka hausti og birt fjölda umfjallana og frétta um stöðuna.

Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi þingmaður, var til að mynda viðmælandi blaðsins þann 2. október, daginn eftir kjördag, en hún tók þátt í eftirliti með atkvæðagreiðslunni. Þá sagði hún að aðgerðir spænsku lögreglunnar, sem þykir hafa gengið afar hart fram og slasað fjölmarga, alvarlega „aðför að lýðræðinu á allan hátt“.

Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þáverandi forseti Katalóníu, Carles Puigdemont, er í sjálfskipaðri útlegð ásamt nokkrum ráðherrum og ákærur hafa verið gefnar út á hendur tólf leiðtogum aðskilnaðarsinna og er málið nú fyrir dómi.

Sækjendurnir þrír, ríkissaksóknari, saksóknari dómsmálaráðuneytisins og öfgaíhaldsflokkurinn Vox, krefjast áratugalangs fangelsis fyrir meðal annars uppreisn, uppreisnaráróður og skipulagða glæpastarfsemi.

Fréttablaðið hefur enn ekki náð tali af sækjendum málsins. Í grein sem spænska sendiráðið sendi Fréttablaðinu fyrr á árinu, en reyndist of löng til birtingar, sagði lögfræðingurinn og prófessorinn Rafael Arenas García að Spánn væri lýðræðisríki og ásakanir um annað, eða um að mannréttindi væru í hættu á Spáni, væru „einfaldlega ósannar“.

Hins vegar hefur Fréttablaðið náð tali af Jordi Cuixart, formanni samtakanna Omnium Cultural og einum af sakborningunum tólf. Í viðtali sem birtist í janúar biðlaði hann til Íslendinga.

„Mín skilaboð til íslensku ríkisstjórnarinnar eru þau að ef þau leyfa öðru Evrópuríki, Spáni í þessu tilfelli, að brjóta með alvarlegum hætti á mannréttindum eru þau að stefna þessum sömu réttindum í hættu um alla Evrópu. Hvernig getum við krafist þess að Pólland og Ungverjaland, eða Tyrkland, virði þau réttindi ef Spánn gerir það ekki?“

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sagði í febrúar, í svari sínu við fyrirspurn, að stjórnvöld fylgdust grannt með málefnum Katalóníu.

„Við höfum ítrekað komið áhyggjum okkar á framfæri við spænsk stjórnvöld, nú síðast í janúar þegar sendiherra Íslands gagnvart Spáni sótti reglubundinn fund í spænska utanríkisráðuneytinu. Þá hafa málefni Katalóníu einnig ítrekað verið tekin upp við sendiherra Spánar gagnvart Íslandi,“ sagði Guðlaugur Þór.

Í sömu frétt sagði Olivier Peter, lögmaður fyrrnefnds Cuixarts, að réttarhöldin væru einstök og afbrigðileg.

„Þau eru í raun glæpur gegn pólitískum andstæðingi, framinn í pólitískum tilgangi. Réttarhöldin eru pólitísk,“ sagði Peter en verjendur og ákærðu hafa ítrekað haldið slíku fram.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, var viðstödd upphaf réttarhaldanna í hæstarétti í Madríd í síðasta mánuði og átti meðal annars fund með Alfred Bosch utanríkisráðherra.

„Fyrir mér blasir þetta þannig við að sama hvaða skoðun maður hefur á sjálfstæði Katalóníu, þá eru þessi réttarhöld pólitísk og fangelsun stjórnmálafólks sem hefur barist með friðsamlegum hætti fyrir sinni sannfæringu og skoðunum einfaldlega ólíðandi,“ sagði Rósa Björk þá um réttarhöldin í Madríd, sem enn standa yfir.

Jordi Cuixart, sakborningur og aðgerðasinni. MYND/OMNIUM CULTURAL

Rósa Björk Brynjólfsdóttir þingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tæki færi

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Það eru Tækifærisdagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.

BOSCH

Uppþvottavél, Serie 4

14 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting og kraftþurrkun. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 44 dB. „aquaStop“-flæðivörn.

Tækifærisverð: SMU 46FW01S

109.900 kr.

Fullt verð: 139.900 kr.

BOSCH

Blandari, SilentMixx

800 W. Einstaklega hljóðlátur. „Thermo-safe“ gler sem þolir heita og kalda drykki.

Tækifærisverð: MMB 65G5M

17.900 kr.

Fullt verð: 23.900 kr.

BOSCH

Ryksuga

Orkuflokkur A. Útblástur B. Parkett og flísar, flokkur A. Teppi, flokkur C. Hljóð: 80 dB.

Tækifærisverð: BGN 2A300

14.900 kr.

Fullt verð: 18.900 kr.

SIEMENS

Kæli- og frystiskápur, iQ300

Hvítur. „hyperFresh“-skúffur sem tryggja ferskleika grænmetis og ávaxta og auka geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Lyktarsía. „noFrost“-tækni: Affrysting óþörf.
H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.

Tækifærisverð: KG 36NVW3P

113.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.

BOSCH

Bakstursofnar, Serie 6

Stórt 71 lítra ofnrými. Kjöthitamælir. Sjö hitunaraðgerðir, þar á meðal 3D-heitur blástur. Hraðhitun. Nákvæm hitastýring frá 50 - 275° C. LCD-skjár.

Tækifærisverð (stál): HBT 517CS0S

Tækifærisverð (hvítur): HBT 517CW0S

94.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.

BOSCH

Skaftryksuga

Öflug, 16,8 V. Ryksuga með skafti og handryksuga. Hentar á öll gólfefni.

Tækifærisverð: BBH 2P163R

23.900 kr.

Fullt verð: 29.900 kr.

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Nærmynd

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

Fædd: 4. nóvember 1987
Maki: Hjalti Mogensen
Börn: Marvin Gylfi og Kristín Fjóla
Embætti: Ráðherra dómsmála, ferðamála, nýsköpunar og iðnaðar

Það kemur vinum og vandamönnum Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur ekki á óvart að samstarfsmenn leiti til hennar þegar harðnar á dalnum, líkt og raunin varð í vikunni þegar Sigríður Á. Andersen sagði af sér embætti og Þórdís var skipuð dómsmálaráðherra í hennar stað, að minnsta kosti tímabundið. Gömul vinkona segir hana eiga glæstan leiklistarferil að baki og útilokar ekki endurkomu á stóra sviðið, bróðir hennar segir Cheerios hafa róandi áhrif á ráðherrann og vinkona hennar úr stjórnmálastarfinu segir að það þurfi ansi mikið að ganga á til að ná henni úr jafnvægi. Dagurinn sem Þórdís tók við embætti ráðherra í fyrsta sinn, yngst í lýðveldissögunni, beri því glöggt vitni.

Þórdís Kolbrún og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari flokksins, ræða málin fyrir utan Valhöll á dögunum, en þeim er vel til vina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rappelskandi ráðherra með ráð undir rifi hverju

Vinir og vandamenn **Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur** lýsa henni sem yfirvegaðri, sannfærandi og traustri. Henni er lýst sem úrræðagóðum og glaðværum stuðbolta sem elskar að dansa við íslenskt rapp heima í stofu, nágrönnum hennar til hóflegrar gleði.

Unnur Lilja Hermannsdóttir

vinkona úr HR og lögmaður á Landslögum.

Við Þórdís kynntumst fljótlega eftir að við hófum nám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík árið 2007. Þar var hún í hópi vina og kunningja ofan af Skaga og við ásamt góðum hópi laganema hópuðumst fljótlega saman. Skemmst er frá því að segja að það hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með Þórdísi og hennar starfsferli frá útskrift. Mér varð fljótt ljóst hversu auðvelt hún átti með samtöl um hinn pólitíska vettvang við vini og samnemendur og skipti þar engu máli hvar staðið var á hinu pólitíska litrófi. Þórdís kann nefnilega að hlusta á mismunandi skoðanir annarra og svara þeim með rökum og virðingu. Ég hef ávallt dáðst að þessum eiginleika hennar. Þórdís er ekki þessi týpa sem miklar fyrir sér hlutina eins og fólkið í landinu hefur líklegast tekið eftir á undanförnum dögum en að sama skapi nálgast hún öll verkefni af mikilli virðingu. Fyrir utan þessa augljósu kosti er nauðsynlegt að minnast á að hún er ekki síður sterk(ust)! á félagslegu hliðinni. Þær eru ófáar gleðistundirnar sem við höfum átt saman og það er alltaf jafn gaman og notalegt að koma á heimili hennar og Hjalta en Þórdís er mikil fjölskyldumanneskja – góð mamma og gefur sér tíma fyrir sitt fólk. Þetta hljómar náttúrulega allt eins og gott ævintýri en svona er einfaldlega mín kona!

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir

vinkona Þórdísar og sjónvarpskokkur.

Ég kynntist Þórdísi þegar við vorum að leika í leikritinu Almost Famous sem leiklistarklúbbur Fjölbrautaskóla Vesturlands setti upp fyrir tíu,ellefu árum. Þar hófst okkar leiklistarferill og sennilega dó þar líka, og þó! Hver veit hvað við gerum síðar?

Ég tel mig mjög heppna að hafa kynnst henni Þórdísi minni og hún fékk mig í ungliðastarf Sjálfstæðisflokksins og örugglega eina manneskjan í heiminum sem getur og gat fengið mig til að mæta á SUS-þing á Ísafirði og rífa kjaft. Ég hugsa að þið sjáið ekki þá Evu í matreiðsluþáttum en hún Þórdís hefur nefnilega þann eiginleika að fá fólk með sér í lið vegna þess að hún talar hreint út, ekkert kjaftæði, hún segir hlutina eins og þeir eru og er aldrei að þykjast vera önnur en hún er. Hún hlustar á aðra og í hennar starfi tel ég það afar mikilvægt og sömuleiðis virðir hún skoðanir annarra og setur sig ekki á háan hest. Svo er hún bara brjálæðislega skemmtileg vinkona sem elskar kökur jafn mikið og ég, ef það er ekki ávísun á gott vinasamband þá veit ég ekki hvað. Hún hlustar á okkur vini sína og veitir öllu athygli, og faðmar okkur fast. Mér þykir svo vænt um þessa konu og dáist að öllu sem hún tekur sér fyrir hendur og treysti sennilega fáum eins vel og henni. Hún er mikil fyrirmynd, kjarnakona, ótrúlega góð mamma og vinur vina sinna. Ég væri samt alveg til í að hitta hana oftar þannig að við sem þjóð þurfum svolítið að vera stilltari og þá næ ég henni vonandi oftar í köku, díll?

Ásgeir H. Reykfjörð

bróðir Þórdísar og framkvæmdastjóri hjá Kviku banka.

„Það kemur mér ekki á óvart að samstarfsfélagar Dísu skuli leita til hennar þegar þörf krefur. Það er gott að leita til hennar. Hún er traust, einlæg og fylgin sér. Það fólk sem fylgist með henni í stjórnmálum er ekki að horfa á einhvern leika hlutverkið, svona er hún. Verkefni hennar og ríkisstjórnarinnar eru mörg og töluverð óvissa í málaflokkum sem hún ber ábyrgð á. Hún hefur í kringum sig góða ráðgjafa, Ólaf Teit [Guðnason], Hildi [Sverrisdóttur] og fleiri. Hún er einstaklega vel gift og fjölskyldur þeirra hjóna veita þeim mikinn stuðning svo að ég veit að hún mun gera þetta vel.

Hún er gædd þeim hæfileika að geta útilokað smáatriði og mjög fátt kemur henni úr jafnvægi. Þegar hún var smákrakki þá gat maður leyst flest mál með því að setja Cheerios á borðið. Það virðist enn þá hafa róandi áhrif á hana. Daginn sem hún tók við dómsmálaráðuneytinu þá heyrði ég í henni símleiðis borðandi Cheerios á leiðinni á Bessastaði í ráðherrabílnum. Það kom mér heldur ekki á óvart.

Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir

vinkona úr starfi Sjálfstæðisflokksins og aðstoðarmaður Kristjáns Þórs Júlíussonar.

Við Þórdís Kolbrún höfum starfað lengi saman í Sjálfstæðisflokknum. Hún er allt í senn eldklár, traust og ofboðslega skemmtileg. Árangur hennar og frami hefur alls ekki komið mér á óvart og Sjálfstæðisflokkurinn þarf á fólki eins og Þórdísi að halda.

Þórdís er ein yfirvegaðasta manneskja sem ég þekki. Gott dæmi um það er þegar hún varð ráðherra í fyrsta sinn. Þegar ég kom við hjá þeim Hjalta í Furugrundinni í Kópavogi, 45 mínútum fyrir ríkisráðsfundinn sat Þórdís við eldhúsborðið, pollróleg, með hárið út um allt og brjóstapumpuna á fullu til að passa að nóg yrði til fyrir litlu Kristínu Fjólu meðan mamman tæki við embætti, yngst allra ráðherra í lýðveldissögunni.

Í ofanálag var hún ekki búin að ákveða í hverju hún ætlaði að vera og lítill tími til stefnu. Eftir svona fjóra hringi á hringtorgi í Kópavogi ákváðum við að taka stefnuna í Hafnarfjörð. Hringdum í eina góða fatabúð og báðum um að að tekinn yrði frá samfestingur og geymdur í mátunarklefanum. Þórdís hljóp inn, mátaði og keypti. Fattaði svo reyndar á leiðinni út að hún var ekki í spariskóm, svo við fengum þá lánaða á staðnum. Næst áttaði hún sig á því að hún væri skartgripalaus og mamma hennar myndi ekki taka því létt. Þetta reddaðist þannig að Svanhildur Hólm [aðstoðarmaður

Bjarna Benediktssonar] laumaði sér inn í bílinn á Bessastöðum svo lítið bar á, tók af sér allt skart og smellti á Þórdísi. Ýmislegt annað gekk á þennan dag, en mikilvægast var að Þórdís mætti á réttum tíma, sallafín, eins og ekkert hefði í skorist. Þetta er Þórdís í hnotskurn, gengur í þau verk sem þarf að klára, hvað sem gengur á.

Þórdís er frekar gömul sál og þess vegna kemur tónlistarsmekkur hennar mér alltaf jafn mikið á óvart. Í honum kristallast okkar helsta ágreiningsefni. Okkar kona vill allra helst hlusta á íslenskt rapp og finnst fátt skemmtilegra en góð vinastund á dansgólfinu á Helgubraut með Jóa Pé og Króla, Herra Hnetusmjör, Hugin eða Emmsjé Gauta í botni, nágrönnum örugglega stundum til hóflegrar gleði.

WWW.BILALAND.IS

Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

MINI Countryman Cooper SE All4
Nýskr. 12/17, ekinn 13 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 5.490.000 kr.

MAZDA 2 Niseko
Nýskr. 08/18, ekinn 7 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990.000 kr.

SUBARU Outback Lux+ Eyesight
Nýskr. 07/18, ekinn 1 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.890.000 kr.



MMC Outlander Instyle PHEV
Nýskr. 03/18, ekinn 19 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000 kr.

NISSAN Qashqai Tekna+ Bose.
Nýskr. 03/18, ekinn 13 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr.

NISSAN Leaf Tekna 24KW
Nýskr. 09/15, ekinn 45 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

RENAULT Kadjar Zen 2wd
Nýskr. 04/17, ekinn 19 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

SUBARU Levorg Premium Eyesight
Nýskr. 01/17, ekinn 41 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.690.000 kr.

RENAULT Clio Zen
Nýskr. 01/18, ekinn 11 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

RENAULT Kadjar BOSE 2wd
Nýskr. 04/17, ekinn 14 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.

LAGERSALA

Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!

SUBARU Outback Lux
Nýskr. 06/14, ekinn 78 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.490.000 kr.

TILBOÐ!
2.790.000 kr.

SSANGYONG Tivoli XLV
Nýskr. 12/17, ekinn 16 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

TILBOÐ!
2.590.000 kr.

TOYOTA Rav4 GX
Nýskr. 06/17, ekinn 93 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐ!
3.390.000 kr.

KIA Sportage EX 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 96 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.690.000 kr.

TILBOÐ!
2.990.000 kr.

HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 02/16, ekinn 98 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.790.000 kr.

TILBOÐ!
3.990.000 kr.

- Ástandsskoðun
- Allt að 80% lán
- Ný vetrardekk
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland

Þegar hatursorðræða fær að grassera óáreitt þá felur það í sér þöggun þeirra hópa sem um er rætt, segir Þorbjörg Þorvaldsdóttir um þrengingu hatursorðræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stjórnvöld skortir kjark

segir **Þorbjörg Þorvaldsdóttir,** nýr formaður Samtakanna ’78, og gagnrýnir harðlega óafturkræfar aðgerðir sem gerðar eru á kynfærum barna á Íslandi. Bann við aðgerðunum var fjarlægt úr drögum að frumvarpi um kynrænt sjálfræði sem lagt var fyrir þingflokka á Alþingi í vikunni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók við formennsku í Samtökunum ’78 í byrjun mánaðar. Hún stundar doktorsnám í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands og er tiltölulega nýflutt heim frá Hollandi þar sem hún lauk MA-prófi í málvísindum frá Leiden University.

Þorbjörg er kvænt Silju Ýri S. Leifsdóttur lífeindafræðingi. Þær eiga eina dóttur, Valbjörgu Maríu þriggja ára. Þorbjörg er fyrsti formaður Samtakanna sem er opinberlega tvíkynhneigð.

„Við Silja giftum okkur frekar ungar, ég var 24 ára og hún 23 ára gömul. Hún starfar sem lífeindafræðingur. Við búum í Garðabæ,“ segir Þorbjörg um hagi sína.

„Ég sé fyrir mér að halda áfram því góða starfi sem hefur verið í samtökunum. Ég vil byggja á þeim grunni. Samtökin hafa stækkað undanfarið,“ segir Þorbjörg og vill styðja við enn frekari vöxt samtakanna.

„Ég vil auka fræðsluna og þjónusta fleira fólk, það er mikil eftirspurn eftir þeirri þjónustu sem samtökin bjóða upp á. „Fólk getur hringt á skrifstofuna og óskað eftir ráðgjöf. Þetta getur verið fólk sem er ekki komið út úr skápnum, eða fólk sem er löngu komið út úr skápnum og vill ræða við ráðgjafa um fjölskyldu- eða samskiptavandamál. Eða þarf bara á stuðningi að halda. Hælisleitendur nýta sér ráðgjöfina líka,“ segir Þorbjörg en samtökin veita þessa þjónustu frítt í gegnum samninga við hið opinbera. Sex ráðgjafar og lögfræðingur eru til taks og hitta skjólstæðinga samtakanna og ræða við þá.

Skref í rétta átt

Samtökin fagna ýmsum breytingum á hag hinsegin fólks. Nýverið var tekin til endurskoðunar blóðgjöf karlmanna sem stunda kynlíf með karlmönnum. Þó lýstu samtökin vonbrigðum með tillögur ráðgjafarnefndar um að þeir megi ekki gefa blóð fyrr en eftir tólf mánaða kynlífsbindindi.

Hún nefnir fleiri áríðandi verkefni á sínu borði sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Tvö frumvörp liggja nú fyrir Alþingi sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði og frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem tekur til þrengingar ákvæðis um hatursorðræðu.

Getur fengið að malla í kerfinu

„Frumvarp um kynrænt sjálfræði er mjög mikilvægt en það eru nokkrir gallar á því,“ segir hún. „Það er búið að fjarlægja hluta frumvarpsins sem var í drögum þess áður en það var sett inn á samráðsgáttina. Sá hluti snýr að banni á óafturkræfum aðgerðum á intersex börnum. Stjórnvöld hafa ekki haft kjark til að setja þetta á dagskrá. Ég tel að þau hafi óttast að þetta mikilvæga ákvæði yrði umdeilt. Og það var ákveðið að kalla til samráðshóp og lækna að borðinu. Sem er gott og blessað en þá hefði ég viljað að þessi inngrip yrðu bönnuð í millitíðinni.

Það er líka gagnrýnivert að það er enginn skilafrestur tilgreindur fyrir þennan samráðshóp. Þetta getur því fengið að malla í kerfinu endalaust sem er ömurlegt því það er verið að gera þessar aðgerðir á börnum núna,“ segir Þorbjörg. „Við viljum að þessum aðgerðum verði hætt. Ég fæ bara fyrir hjartað þegar ég hugsa um þetta, enda á ég þriggja ára dóttur. Að vita af börnum jafngömlum henni sem hafa farið í endurteknar aðgerðir á kynfærum til þess að þau líti út eins og fyrirframgefnar hugmyndir um það hvernig kynfæri eigi að líta út,“ segir Þorbjörg.

Tvöfaldi skápurinn

Þótt Þorbjörg gagnrýni stjórnvöld harðlega fyrir kjarkleysið segir hún mikla réttarbót í frumvarpinu fyrir transfólk. „Við fögnum því að sjálfsögðu en að sama skapi er frumvarpið vonbrigði þegar kemur að mannréttindum intersex barna. Því frumvarpið hefur verið í smíðum mjög lengi og það var haft samráð við hagsmunahópa hinsegin fólks,“ segir hún.

„Réttarbótin fyrir transfólk er mjög mikilvæg vegna þess að þau eru einn viðkvæmasti hópurinn hvað varðar líðan,“ segir Þorbjörg. „Sérstaklega transfólk sem er ekki lesið sem það kyn sem þau eru og losna aldrei við viðbrögð samfélagsins. Það er alltaf verið að spyrja þau hvaða kyni þau tilheyra. Ég nefni líka þau sem eru kynsegin og öll þau sem hafa stundum kyntjáningu sem ögrar hugmyndum samfélagsins,“ segir Þorbjörg um þá hópa innan samtakanna sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu hvað varðar fordóma og slæma líðan.

„Það sem kemur einnig í ljós í rannsóknum er að tvíkynhneigðar stelpur eru líka í miklum áhættuhópi hvað varðar slæma líðan. Það hefur oft verið talað um þennan tvöfalda skáp sem tví- og pankynhneigt fólk er í. Þau eiga það ekki víst að fá viðurkenningu innan hinsegin samfélagsins og ekki heldur innan gagnkynhneigða samfélagsins,“ segir Þorbjörg.

„Þótt ég vilji ekki alhæfa, þá finnst mér ég sjaldan hitta stráka sem eru opinberlega tvíkynhneigðir. Ég held að það sé vegna þess að þeir eru svo stimplaðir báðum megin, því miður,“ segir Þorbjörg.

Þrenging hatursorðræðu

Þorbjörg undirbýr umsögn um frumvarp dómsmálaráðherra sem felur í sér þrengingu á ákvæði um hatursorðræðu. „Við erum mjög óánægð með þetta frumvarp. Ekkert tillit er tekið til sjónarmiða sem snúa að félagslegum þáttum, til að mynda til umsagnar Mannréttindaskrifstofu Íslands. Við gáfum út yfirlýsingu nýlega og lýstum okkur eindregið á móti þessu. Í rökstuðningi fyrir þrengingu á ákvæðinu voru teknir sérstaklega fyrir Hæstaréttardómar sem féllu fyrir ummæli um hinsegin fólk. Það var tekið fram að þeir myndu ekki falla undir breytt lög. Okkur finnst það lítillækkandi, svona eins og þetta hafi bara verið eitthvað væl í hinsegin fólki og dómarnir mistök sem þurfi að leiðrétta. En ég held að það sem þetta frumvarp felur í sér fari gegn því sem meirihluti fólks vill. Í frumvarpinu felst þöggun. Ekki bara fyrir hinsegin fólk heldur alla aðra minnihlutahópa. Þegar hatursorðræða fær að grassera óáreitt þá felur það í sér þöggun þeirra hópa sem um er rætt.

Fólk veigrar sér við því að taka þátt í opinberri umræðu. Tjáningarfrelsi eins er farið að skerða frelsi annars. Til þess að fá að vera hann sjálfur án þess að eiga á hættu að þola svívirðingar og árásir.“

Staðreyndir

Hvað er að vera intersex?
Intersex er hugtak sem, eins og kemur fram á vef samtakanna Intersex Ísland: „nær yfir breitt svið af meðfæddum líkamlegum einkennum eða breytileika sem liggja á milli okkar stöðluðu hugmynda um karl- og kvenkyn. Intersex einstaklingar fæðast með einkenni sem eru ekki algjörlega karl- eða kvenkyns; sem eru sambland af karl- og kvenkyns; eða sem eru hvorki karl- né kvenkyns.

2-3 börn á hverju ári
Á hverju ári má gera ráð fyrir að það fæðist að minnsta kosti tvö til þrjú börn á Íslandi sem eru með ódæmigerð kyneinkenni. Dæmi eru um að skurðaðgerðir séu framkvæmdar á þessum börnum.

Óþarfa aðgerðir
Stundum eru gerðar læknisfræðilega nauðsynlegar aðgerðir á börnum, til dæmis ef þarf að opna fyrir þvagrás. En einnig eru gerðar aðgerðir á ungum intersex börnum sem hafa ekki læknisfræðilegan tilgang. Til að mynda skorið í kynfæri þeirra til þess að þau líti út fyrir að vera eins og fyrirframgefnar hugmyndir fólks eru um karlkyns eða kvenkyns kynfæri. Aðgerðir geta leitt til ófrjósemi og haft áhrif á hormónaframleiðslu. Þá er hætta á að „rangt kyn“ sé valið fyrir barn sem fer í slíka aðgerð. Það verði ekki í samræmi við kyngervið sem barn samsamar sig með seinna meir. Umboðsmaður barna hefur lýst því yfir að hann sé andsnúinn aðgerðunum.

Það eru þessar aðgerðir sem baráttusamtök vilja að sé lagt bann við eins og var gert ráð fyrir að yrðu bannaðar í drögum að frumvarpi um kynrænt sjálfræði.

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

OPNUM KL 11:00 Í FAXAFENI LAUGARDAGINN 16. MARS

OPNUNAR VERÐ SPRENGJA

TILBOÐSVERÐ Í AUGLÝSINGU GILDA EINUNGIS Í SUPER1 FAXAFENI 16. MARS 2019 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MODENA PIZZA

HÁGÆÐA ÍTALSKAR PIZZUR

399 kr.
KYNNINGARTILBOÐ

ÚRVAL AF LÍFRÆNUM VÖRUM

FRÁ REMA 1000

GRÆNMETI Í KARRÝ
265 kr.

FRÖNSK BLANDA Í TIMJAN
348 kr.

BROKKÓLÍ TOPPAR
284 kr.

ÍTÖLSK BLANDA MEÐ BASIL
348 kr.

LÍFRÆNT SPÍNAT
319 kr.

LÍFRÆNAR DANSKAR BAUNIR
373 kr.

LÍFRÆNT GRÓFT GRÆNMETI
319 kr.

LÍFRÆNAR STRENGJABAUNIR
329 kr.

HVÍTLAUKSBRAUÐ
99 kr.

emmessís
2 FYRIR 1
AF ÍS Í BOXI 1.L
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Allt fyrir hótel og veitingahús

LAUGARDAGUR 16. MARS 2019

Kynningar: Olís, Allt fyrir hótel, Central Pay, Hótelrekstur

Í fararbroddi í sölu á hótellíni

Edda Heildverslun hefur lengi verið leiðandi í sölu á hótelrúmfötum og stefnir á það sama í starfsmannafatnaði. Viðskiptavinir Eddunnar eru bæði stórir og smáir aðilar í gistiþjónustu. →2

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Edda Heildverslun var stofnuð árið 1932 og hefur því þjónustað fyrirtæki með lín og aðra vefnaðarvöru í 86 ár. Undanfarna áratugi hefur Eddan verið leiðandi í sölu á hótellíni og þjónustar í dag stærstu hótel landsins. Árið 2005 varð Eddan hluti af Rún Heildverslun, sem hefur sérhæft sig í innflutningi og sölu á fatnaði. Undanfarin ár hefur mikil aukning orðið í sölu á starfsmannafatnaði inn í hótel- og veitingageirann en viðtökur markaðarins hafa verið frábærar.

Allt lín fyrir hótelherbergið

Helga Ragnarsdóttir, sölu- og innkaupastjóri hjá Eddu Heildverslun, segir fyrirtækið bjóða upp á flest það sem hótelherbergið þarfnast þegar kemur að líni. „Stærstu vöruflokkarnir okkar eru rúmföt, lök og handklæði en einnig seljum við mikið af sængum, koddum, sloppum og ýmsa fylgihluti eins og púðum og teppum.“

Stærsta vörumerkið sem Edda selur er Dibella en það er þýskt framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á hótellíni og hefur verið starfandi í áratugi að sögn Helgu. „Dibella á verksmiðjur víðs vegar um heiminn og vörurnar þeirra má finna á ýmsum hótelum víðsvegar um Evrópu.“

Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við viðskiptavini enda þarfir þeirra mjög mismunandi, segir Helga. „Við leggjum mikla áherslu á að aðstoða hóteleigendur við val á rúmfatnaði. Hér ber að hafa í huga gæðastandard, meðhöndlun, endingu og kostnað við umhirðu. Það er langur vegur frá því að ein gerð af rúmfötum henti öllum rekstrareiningum.“

Helga segir heildverslunina hafa verið duglega síðustu misseri að bæta inn í alla vöruflokka og geti því sennilega boðið upp á mesta úrvalið hérlendis af hótellíni. „Meðal nýjunga sem við erum að taka inn á lager má nefna nýjan lit í straufríu SeerSucker rúmfötunum sem eru ein vinsælustu settin okkar, sérstaklega hjá hótelum og gististöðum sem sjá sjálf um þvottinn. Þessi sett hafa þann undraverða eiginleika að krumpast ekki þótt þau gleymist í þurrkaranum tímunum saman.“

Samfara miklum vexti í hótelbransanum undanfarin ár hafa sérþarfirnar aukist, segir Helga. „Við erum mjög vel sett með úrval á allri lagervöru okkar en við höfum lagt mikla áherslu á að þjónusta stærri hótelin með vörur sem eru sérsniðnar að þeirra þörfum og skapar þeim sérstöðu um leið. Sérpantanir eru því klárlega eitthvað sem er að aukast hratt.“

Starfsmannafatnaður í úrvali

Rún Heildverslun býður upp á starfsmannafatnað fyrir flest fyrirtæki á íslenskum atvinnumarkaði að sögn Þórhildar Vilhjálmsdóttur, sölu- og innkaupastjóra starfsmannafatnaðar. „Við erum með marga stóra birgja þannig að það er fátt sem við getum ekki leyst eða útvegað. Stærsti viðskiptamannahópur okkar eru hótel og veitingahús en auk þess sinnum við aðilum úr viðskiptalífinu, t.d. bílaleigum, fasteignasölum, bönkum sem og starfsfólki hins opinbera. Í raun má segja að við sinnum öllum þeim sem eru í framlínu fyrirtækja og þurfa að koma vel fyrir.“

Þjóna- og móttökufatnaðurinn er vinsælasti starfsmannafatnaður en hann samanstendur af skyrtum, jakkafötum, eða drögtum og oft vesti innan undir. „Við eigum þessar vörur á lager í fjórum til fimm litum og öllum stærðum og sniðum. Allir, jafnt smáir sem stórir, ættu að geta fundið eitthvað hjá okkur.“

Þórhildur segir enga kröfu um lágmarksmagn í pöntunum og viðskiptavinir þurfi ekki að skuldbinda sig til margra ára. „Markmið okkar er fyrst og fremst að veita það góða þjónustu að fyrirtækin kjósi að halda tryggð við okkur. Við bjóðum upp á mjög stuttan afgreiðslutíma, oftast samdægurs, þar sem við eigum flestar vörur á lager. Klæðskerameistari og klæðskeri okkar sjá um allar máltökur og mátanir ásamt því að ráðleggja um samsetningu og heildarútlit fyrir starfsfólk. Einnig bjóðum við upp á allar nauðsynlegar fatabreytingar, merkingar og annað sem til fellur. Sé þörf á að mæta á staðinn gerum við það að sjálfsögðu.“

Meðal nýlegra vara má nefna J. Harvest & Frost skyrtumerkið sem Rún er nýbúin að taka í sölu. „Skyrturnar eru sérhannaðar fyrir atvinnulífið og koma með mörgum skemmtilegum smáatriðum. Þær eru straufríar og allir elska straufríar skyrtur, er það ekki? Birgjarnir okkar eru mjög duglegir við að uppfæra línurnar sínar og koma með nýjungar. Má þar t.d. nefna sænska merkið Segers sem er framarlega í flokki fyrir nýtískulegan og spennandi kokka- og þjónafatnað,“ segir Þórhildur að lokum.

Þórhildur Vilhjálmsdóttir, sölu- og innkaupastjóri starfsmannafatnaðar (t.v.), ásamt Helgu Ragnarsdóttur, sölu- og innkaupastjóra Eddu Heildverslunar.

Rúmföt, handklæði, sængur og koddar eru vinsælustu hótelvörurnar.

> **Við leggjum mikla áherslu á að aðstoða hóteleigendur við val á rúmfatnaði. Hér ber að hafa í huga gæðastandard, meðhöndlun, endingu og kostnað við umhirðu.**
>
> **Helga Ragnarsdóttir**



Til vinstri má fjá flottan kokka- og þjónafatnað frá Segers. Fyrir neðan er sýnishorn af fínni starfsmannafatnaði fyrir starfsfólk í framlínu fyrirtækja.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4

PORKKA scan domestic ANIMO TECNODOM spa refrigerazione FKI retigo vision LAINOX eka

Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

STÓREELDHÚS

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

TAKTIK 5323 #

Það sem gestir vilja hafa á hótelum

Hótel skipta máli þegar fólk ferðast um heiminn. Það eru þó einstaka hlutir sem fólk vill umfram aðra. Frítt internet þykir orðið sjálfsagður hlutur en hreinlæti er í efsta sæti þegar kemur að kröfum gesta.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Þótt aukist hafi að fólk dvelji í leiguíbúðum (Airbnb) á ferðalögum þá kjósa flestir að dvelja á hótelum eða gistiheimilum. Sumir velja lúxus og greiða meira fyrir dvölina á meðan aðrir vilja spara í hótelkostnaði. Það eru þó allir sammála um nokkra nauðsynlega hluti sem þurfa að vera í lagi á hótelum. Samkvæmt könnun sem hotels.com gerði eru fimm hlutir sem skipta fólk mestu máli þegar hótel er valið. Hreinlæti er þar í fyrsta sæti og gott viðmót starfsfólks.

Því meira sem fólk ferðast, þeim mun frekar gerir það kröfur um góðan aðbúnað á hótelum eða gististöðum. Þráðlaust internet er nauðsynlegt hjá flestum og sömuleiðis góður morgunverður. Það eru þó ekki þessi tvö atriði sem reyndust mikilvægust í könnun hotels.com.

Fólk vill koma að hreinu herbergi með góðu baðherbergi. Sturtan þarf að vera hrein og sömuleiðis salernið. Það vill enginn sjá raka í veggjum, sveppi eða jafnvel lifandi pöddur í hótelherbergjum.

Vingjarnlegt starfsfólk virðist skipta miklu máli hjá ferðamönnum. Þegar tekið er á móti fólki með brosi á vör hefur það mikið að segja. Þá skiptir rúmið verulega miklu máli. Gott rúm með þægilegum rúmfötum er númer þrjú á listanum. Fólk vill góða hvíld á ferðalögum.

Staðsetningin er sömuleiðis mikilvæg. Það getur verið dýrt að fara á milli staða. Best er að hafa áhugaverða staði í göngufæri eða að minnsta kosti í nálægð við strætisvagna eða neðanjarðarlestir. Allir ættu að lesa umsagnir á netinu um hótelið áður en það er bókað.

Enginn vill borga of mikið fyrir hótelherbergi. Verðið skiptir miklu máli. Dýrari hótel eru ekki alltaf betri kostur því lítil, vinaleg og ódýr hótel geta verið mjög góð. Ef hótelið býður upp á frítt net er það stór bónus.

Þá er bent á að hótelherbergi þurfi að hafa góðar innstungur til að hlaða tölvur, myndavélar og síma. Helst þarf slík innstunga að vera nálægt rúminu þar sem margir liggja uppi í því með símann eða nota hann sem vekjaraklukku. Þá vilja þeir hafa símann við höndina þótt hann þurfi hleðslu.

Gestir vilja hafa baðherbergið prívat. Gler sem tíðkast í mörgum nýjum hótelum er ekki vinsælt þegar tveir eru saman, jafnvel þótt um pör sé að ræða.

Margir vilja geta hellt upp á kaffi á hótelherberginu og hafa það huggulegt.

Mörgum finnst nauðsynlegt að hafa kaffivél á hótelherbergi, til dæmis Nespresso-vél sem lagar kaffi fyrir einn bolla í einu. Sumir vakna snemma og vilja fá sér einn kaffibolla á meðan kíkt er á tölvupóstinn. Þá vilja margir að boðið sé upp á tannbursta og tannkrem. Fólk gleymir nefnilega oft þessum hlutum. Frítt vatn er líka á lista yfir þá hluti sem fólk nefnir þegar spurt er hvað sé nauðsynlegt á hótelherbergjum. Flestum gremst að þurfa að borga mikið fyrir vatnsflösku. Enginn þarf að hafa áhyggjur af slíkum hlutum hér á landi þar sem vatnið í krananum er ókeypis. Hins vegar væri ágætt að láta fólk vita af því þegar það bókar sig inn. Eitt enn sem fólk nefnir eru myrkvunartjöld ef það vill til dæmis leggja sig að deginum eftir næturflug. Einnig nefnir fólk að hótel ættu eingöngu að vera með púða sem hægt er að þvo. Oft eru skrautpúðar á hótelherbergjum sem aldrei eru þvegnir. Það sama gildir auðvitað um rúmteppi.

Þessi fimm atriði skiptu ferðamenn mestu máli þegar valin eru hótel:
1 Þrifnaður
2 Vinalegt starfsfólk
3 Gott og þægilegt rúm
4 Góð staðsetning
5 Hagstætt verð

Þá ættu að vera næg herðatré í fataskápum á hótelum. Fólk sem er í viðskiptaferð er oft með mismunandi klæðnað með sér og þarf að hengja betri fötin upp. Þá er einnig nauðsynlegt að hafa góðan stand fyrir ferðatösku.

Eitt af því sem er gagnrýnt eru baðherbergi með glerveggjum. Það hefur verið tíska á nýjum hótelum að í stað veggja er komið gler. Flestir vilja hafa klósett- og sturtuferðir prívat þegar tveir gista saman í herbergi.

Á sumum hótelum er iPad í boði fyrir gesti til að panta þjónustu. Þá er til dæmis hægt að panta sér morgunmat á herbergið rafrænt eða biðja um að verða vakinn. Einnig ætti að vera hægt að stýra merkingu á hóteldyrunum, til dæmis merkja „ekki ónáða“, með því að ýta á hnapp.

Markaðsrannsókn sem gerð var af Brodeur Partners í Boston fór í gegnum meira en 18 þúsund komment á netinu á sex mánaða tímabili til að finna út hvað fólk væri helst að gagnrýna. Mikið var rætt um stærð á herbergjum og tækni sem boðið var upp á. Það sem fólk vildi helst að bætt yrði úr var sturtan. Oftar en ekki var of lítið vatnsrennsli úr sturtuhausnum. Jafnvel á fínum og dýrum hótelum var sturtan vonlaus. Sömuleiðis var kvartað yfir of fáum innstungum til að hlaða símann.

Gott morgunverðarhlaðborð gerir gestina glaða með hóteldvölina. Súkkulaðimoli á koddanum kallar á ánægjubros að ógleymdri hamingjustund „happy hour“ á barnum.

Ásbjörn Ólafsson ehf. - Köllunarklettsvegi 6 - 104 Reykjavík - Sími: 414-1100 - www.asbjorn.is

Ragnheiður Sigurðardóttir í verslun sinni í Hátúni þar sem hún tekur á móti gestum. Þar er ýmislegt fallegt að finna og umhverfisvænt. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Vandaðar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur

Í Hátúni er Ragnheiður Sigurðardóttir með verslun sína Hótelrekstur þar sem hægt er að fá allt fyrir hótelherbergið á einum stað. Ragnheiður tók strax þá stefnu að vera með sem bestar vörur fyrir umhverfið. Hún þjónustar einnig einstaklinga sem vilja vandað á rúmin.

Hótelrekstur er fyrirtæki sem byggir á áralangri reynslu. Fyrirtækið leitast við að tryggja viðskiptavinum ábyggilega og persónulega ráðgjöf ásamt því sem boðið er upp á gæðavörur á góðu verði. Fyrirtækið býður upp á heildstæðar lausnir þannig að hægt sé að fá allt á einum stað. „Þetta er hugsað þannig að hótelið geti komið á einn stað og fengið nánast allt fyrir sitt hótel, allt umhverfisvænt," segir Ragnheiður Sigurðardóttir, eigandi Hótelreksturs. Einungis eru í boði mjög vandaðar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur sem koma frá Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi og Englandi. Markmiðið er að tryggja gestum sem besta upplifun með gæðum og viðskiptavinum persónulega þjónustu.

„Ég er að leitast eftir því að þetta fylgi því sem hótelin þurfa að fylgja eftir. Það eru svo margir gestir sem fara fram á að vörurnar sem eru í herbergjunum séu vottaðar umhverfisvænar og öruggar. Við val á þeim vörum sem ég býð upp á er horft til þess að bómullin sé vel valin, að vafningurinn sé þéttur, þær þoli suðu, að frágangurinn sé vandaður og að þær séu þægilegar í meðhöndlun. Þetta skiptir allt máli. Ég hef alist upp í því umhverfi að meðhöndla flíkur enda stofnaði afi minn efnalaug fyrir rúmum 65 árum."

Ragnheiður byrjaði að vinna þar áður en hún var 10 ára og þekkir því vel hvað efni þarf til að þola marga þvotta. „Í upphafi og við val á þeim vörum sem ég hef í minni verslun leitaðist ég við að gæðaprófa allar vörurnar í samstarfi við efnalaugina sem er fjölskyldufyrirtæki í dag, er uppfyllir kröfur um gæði, meðhöndlun og endingu.

Ég hef einnig í boði sápur sem eru parabenfríar og hafa ekki verið prufaðar á dýrum. Eins hef ég eins konar „mini kit" til að setja inn á herbergin eins og sturtuhettur, tannbursta og tannkrem, eyrnatappa, svefngrímur, saumasett og blautklúta til að hreinsa andlitið. Eins mikið úrval af sloppum, servíettuboxum, tekötlum, bökkum, töskustöndum, hárþurrkum, hönkum inn á bað, klósettrúllu-höldurum og margt fleira sem hægt er að nálgast á heimasíðunni hotelrekstur.is.

Einnig hef ég mikið úrval af servíettum, dúkum bæði ferköntuðum og hringlaga og straufríu dúkarnir hafa notið mikilla vinsælda en þá er hægt að fá í ýmsum litum. Eins rúmábreiður og borðrenninga sem einnig eru straufríir. Ég þjóna einnig einstaklingum og býð alla velkomna til mín í verslunina Hótelrekstur, Hátúni 6a."

Ragnheiður hefur í boði alls konar „mini kit" til að setja inn á herbergin eins og sturtuhettur, tannbursta og tannkrem, eyrnatappa og svefngrímur, svo fátt eitt sé nefnt. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Einungis eru í boði mjög vandaðar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur sem koma frá Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi og Englandi.

Við val á þeim vörum sem ég býð upp á er horft til þess að bómullin sé vel valin.

Hótelrekstur er fyrirtæki er byggir á áralangri reynslu. Fyrirtækið leitast við að tryggja viðskiptavinum ábyggilega og persónulega ráðgjöf ásamt því sem boðið er upp á gæðavörur á góðu verði.

Það er fátt sem minnir meira á hótellíf en sloppur. Ragnheiður hefur mjög gott úrval.

Léttur, grænn og góður hótelrekstur

Hjá Olís fæst allt sem stuðlar að góðum hótel- og veitingarekstri. Þar gefast lausnir sem minnka kolefnisspor, stuðla að sparnaði og umhverfisvernd og auka gæði og hvers kyns þjónustu.

Olís er umboðsaðili fyrir Ecolab, einn stærsta efnavöruframleiðanda heims. Í samvinnu við Ecolab býður Olís hágæðalausnir fyrir hótel og gistiheimili sem miða að umhverfisvernd, minnkun kolefnisspora og sparnaði, ekki bara í verði heldur líka umbúðum, umfangi og vatnsmagni," upplýsir Jón Berg Torfason, sölu- og þjónusturáðgjafi á fyrirtækjasviði Olís.

Lausnir eru í boði fyrir alla þætti í starfsemi hótela; eldhús, þvottahús, herbergjaþrif og öll önnur almenn rými.

„Olís vinnur að sama skapi öll tilhlýðileg gögn sem til þarf, svo sem þrifaplön, öryggisblöð og leiðbeinandi plögg fyrir starfsfólk, ásamt því að bjóða upp á mælingar af ýmsu tagi sem tengjast starfsemi eldhúsa," útskýrir Jón Berg. „Við leggjum metnað okkar í að fylgja því eftir að starfsfólk noti efni og búnað frá Ecolab á réttan máta og því er ætíð lögð áhersla á að kenna starfsfólki ýmist á verkstað eða með því að bjóða upp á námskeið fyrir stærri hópa."

Miklu meira en ryksugur

Ryksugur frá Nilfisk þekkja allir og nú hefur Nilfisk verið innan raða Olís í um það bil þrjú ár.

„Það má með sanni segja að viðtökur við Nilfisk-vörulínunni hafi verið hreint út sagt frábærar," upplýsir Guðrún Bergmann, sölu- og þjónusturáðgjafi á fyrirtækjasviði Olís.

„Hönnun vélanna stefnir hraðbyri í átt að sjálfvirknivæðingu en nú er Nilfisk að leggja áherslu á snúrulausar ryksugur með lithium-rafhlöðu sem er með mikla endingu og stuttan hleðslutíma. Þar eru VP600 Battery- og GD5 Battery-ryksugurnar mjög vinsælar," segir Jón Berg, en Nilfisk er miklu meira en ryksugur.

„Gólfþvottavélar Nilfisk eru vel þekktar hér á landi og mikið úrval í boði, allt frá hinum smæstu lausnum upp í þær stærstu. Sömuleiðis er til mikið af sópum og sú tíð að nálgast óðfluga að fyrirtæki og stofnanir fari að huga að þrifum utanhúss. Þá er mikið úrval í boði til þeirra verka frá Nilfisk," segir Guðrún.

Eftirlit í skýjalausn

Með haustinu býður Olís, í samstarfi við franska gæðastaðlafyrirtækið Bureau Veritas, nýja skýjalausn sem stuðlar að bættu matvælaeftirliti, auknum gæðum starfsfólks og samþættingu gátlista og gæðahandbóka, svo dæmi sé tekið.

Guðrún Bergmann og Jón Berg, sölu- og þjónusturáðgjafar á fyrirtækjasviði Olís, með úrval Nilfisk-ryksuga og hótelvagna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

„Allt er þá geymt á einum stað, þar sem stjórnandi með nokkrar starfsstöðvar getur haft eftirlit og stjórn með, og tryggt samræmd gæði og vinnubrögð. Nokkur verkefni eru þegar farin af stað og þau hafa reynst vel og viðtökur verið góðar við þessari viðbót í þjónustu við núverandi viðskiptavini Olís," upplýsir Jón Berg.

Hreinsivörur frá Ecolab henta fyrir öll rými og alla starfsemi á hótelum og veitingahúsum.

Fjölbreyttar lausnir

Olís býður upp á mikið úrval einnota umbúða frá Abena og hjá þeim er að finna landsins mesta úrval af einnota hönskum og nánast öllu sem þarf til reksturs hótela.

„Fjölbreytt úrval lita er til í vörulínu Olís og sömuleiðis er hægt að tryggja val á réttum hanska til að vinna rétt verk," segir Guðrún.

Allison er birgir í sápum og heildarlausnum í húðvörum fyrir hótel.

„Hér er lögð rík áhersla á sérstöðu hvers og eins viðskiptavinar fyrir sig, ásamt því sem hann hefur val um útlit umbúða og innihald sem getur haft öll umhverfismerki að leiðarljósi, svo sem Evróublómið, Svaninn, Vegan og astma- og ofnæmismerkingar," útskýrir Guðrún.

Sænska fyrirtækið Paxxo vinnur að heildarlausnum í sorpflokkun.

„Paxxo býður lausnir sem miða að sparnaði og minna kolefnisspori, tíma og kostnaði, og næst þetta með minnkun plastnotkunar og greinargóðri og skýrri flokkun," segir Guðrún.

Dásamlegar sápur frá Allison.

Allar nánar upplýsingar veita Jón Berg Torfason og Guðrún Bergmann ásamt öflugu teymi sölumanna Olís um land allt. Sjá nánar á olis.is

Fólk
Lífsstíll
LAUGARDAGUR 16. MARS 2019

Ragga er með mörg spennandi verkefni í farvatninu en nýtur þess að dvelja heima á Íslandi með syni sínum um þessar mundir. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

Sterk, ákveðin og þrjósk

Leikkonan og sunddrottningin Ragga Ragnars sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Vikings. Hún treystir á ómengaða íslenska náttúru þegar kemur að hreysti og fegurð og hefur losnað við rósroða með vörunum frá Feel Iceland. →2

Framhald af forsíðu

Mér finnst skipta öllu að bjóða sjálfri mér upp á hreinar, íslenskar húðvörur. Þess vegna elska ég Feel Iceland. Þá veit ég fyrir víst að ég tek inn afbragðs næringu sem gerir mér gott og ég treysti náttúrulegum og virkum innihaldsefnum þeirra vel fyrir húð minni," segir leikkonan og sunddrottningin Ragga Ragnars.

Ragga kynntist Feel Iceland-húðvörunum fyrst þegar hún tók að sér stórt hlutverk í sjónvarpsþáttunum Vikings sem slegið hafa í gegn um allan heim.

„Þá byrjaði ég að nota kollagen sem hreinlega bjargaði húðinni sem varð fljótt undir miklu álagi við tökur á Vikings og frábær árangurinn leyndi sér ekki," segir Ragga sem notar nú daglega Feel Iceland-kollagen í duftformi og ber Feel Iceland-serum á andlit sitt.

„Ég set svolítið djús í krukku ásamt tveimur matskeiðum af kollagen-dufti og hristi vel. Þetta drekk ég á hverjum degi og oftast með hádegismatnum, en serum ber ég á mig kvölds og morgna. Eftir að hafa borið á mig serum að morgni leyfi ég því að vera á húðinni í tíu mínútur áður en ég set á mig farða, en vanalega er ég ómáluð ef ég þarf ekki í vinnu, á fundi eða annað. Mér finnst bara best að setja á mig serum og leyfa því að vera yfir daginn," segir Ragga sem notar maska frá Feel Iceland eitt kvöld í viku.

„Maskinn er svona trít af og til. Ég finn mikinn mun um leið og ég er búin að setja hann á mig. Húðin verður ótrúlega fersk."

Laus við rósroðann

Eftir að hafa eignast son árið 2013 varð húð Röggu hrjúfari og í kulda varð vart við rósroða á kinnum hennar.

„Húðin hefur verið misslæm síðustu ár og ég hef af og til fengið bólur, þurrk og roða en þar hafa vörurnar frá Feel Iceland gert gæfumuninn. Húðin er slétt og fín áferðar og roðinn hefur minnkað mikið. Það hvarflar því ekki að mér að hætta," segir Ragga alsæl með árangurinn.

„Húðin er betri en hún hefur verið í langan tíma og það leynir sér ekki hvað Feel Iceland gerir henni gott. Ég hef alltaf átt erfitt með að halda húðinni góðri yfir vetrartímann og finn stóran mun á því hversu góð hún er nú í kuldanum," segir Ragga sem hefur nú notað vörurnar frá Feel Iceland í tvö ár og finnur einnig mikinn mun á hári og nöglum.

„Eftir langan sundferil og daglegar æfingar í klórvatni voru neglur mínar orðnar linar og mjúkar en með kollageni urðu þær aftur sterkar og fallegar. Ég set serum líka á axlir og hnén ef ég fæ þurrkubletti. Ég finn auk þess mikinn mun í liðum eftir að ég fór að taka inn kollagen frá Feel Iceland, þótt ég hafi aldrei verið sérstaklega stirð. Ég varð bara léttari á mér og þarf nú ekki að teygja eins lengi og áður."

Treystir á íslenska náttúru

Þegar kemur að hreysti og fegurð treystir Ragga meðal annars á náttúrulegar húðvörur Feel Iceland.

„Ég er rosalega hrifin af því að nota allar vörurnar saman. Mér hefur alltaf reynst auðvelt að muna að taka inn lýsi og vítamín, og eins og með kollagenduftið sem ég gleymi aldrei í dagsins önn. Hins vegar á ég stundum til að gleyma húðrútínunni á kvöldin en ég tek alltaf af mér allan farða fyrir svefninn. Ég mæli því eindregið með því að nota allar vörurnar saman en þá daga sem ég gleymi

Ragga drekkur kollagen-duft út í djús á hverjum degi og segir árangurinn ekki láta á sér standa enda veiti Feel Iceland-vörurnar almenna vellíðan, ljóma og fegurð. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

Á vinstri myndinni má sjá rósroða í kinnum Röggu og til hægri hvernig húðin lítur út í dag.

að bera á mig serum finn ég að eitthvað vantar," segir Ragga sem undanfarið hefur tekið til í snyrtivöruskúffunni og lesið innihaldslýsingar á hinum ýmsu húð-, hár- og snyrtivörum.

„Það er ótrúlegt hversu mikið er af aukefnum í húð- og hárvörum og nú legg ég mig fram um að velja hreinar og eituefnalausar vörur. Feel Iceland-vörurnar eru því frábær kostur og þær hafa einnig áhrif á almenna vellíðan. Því mæli ég hiklaust með þeim fyrir alla sem vilja hugsa vel um heilsuna og öðlast heilbrigða og fallega húð, hár og neglur."

Berst eins og Gunnhildur

Ragga er margfaldur Íslandsmeistari í sundi og keppti með landsliði Íslands á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004 og í Peking 2008.

„Ég hef alla ævi verið í sundi en var staðráðin í að verða leikkona þegar sundferlinum lauk," segir Ragga sem fór í leiklistarnám til Los Angeles þegar sonur hennar var ársgamall.

„Þar sá ég sjónvarpsþættina Vikings í fyrsta sinn og ákvað undir eins að verða mér úti um hlutverk í þeim. Fólk hló að mér þá, rétt eins og það hló að mér þegar ég sagðist ætla á Ólympíuleikana, en ég hef alltaf haldið mínu striki og sé svo sannarlega ekki eftir því að láta engan draga úr þrótti mínum við að elta drauma mína," segir Ragga sem í Vikings leikur víkingakvendið Gunnhildi, en margverðlaunuð þáttaröðin byggir á Íslendingasögunum og víkingnum Ragnari loðbrók.

Ragga segist eiga margt sameiginlegt með sögupersónunni Gunnhildi.

„Við erum báðar sterkar, ákveðnar og þrjóskar, og mikið er gert úr hæð Gunnhildar í þáttunum en sjálf er ég 188 sentimetrar á hæð. Gunnhildur er mikil bardagakona og mér finnst ég líka hafa það innra með mér. Ég slæst ekki við fólk, en ég berst eins og ljón við markmið mín og það sem ég ætla mér; æfði til dæmis látlaust til að komast á Ólympíuleikana, rétt eins og Gunnhildur gerir til að vinna sínar orrustur."

Meðleikarar Röggu í Vikings hafa líka komist á snoðir um ágæti Feel Iceland-húðvaranna.

„Á stelpukvöldi með vinkonum mínum úr leikarahópnum settum við á okkur Feel Iceland-maska og þær voru upprifnar af árangrinum enda húð þeirra geislandi og fersk á eftir. Karlleikararnir eiga enn eftir að upplifa Feel Iceland en ég er viss um að þeir tækju fagnandi að prófa jafn einstaka, hreina og rammíslenska náttúruafurð á hörund sitt," segir Ragga.

Lífsmottó að brosa

Röggu er annt um heilsu sína og útlit.

„Ég fer í ræktina á hverjum degi, drekk nóg af vatni og reyni að ná sem bestum nætursvefni, en tökudagar á Vikings eru langir og ég hef varla tíma í annað en örfáar magaæfingar og armbeygjur á stofugólfinu," segir Ragga sem hefur notið þess að vera heima á Íslandi undanfarið.

„Ég er þakklát fyrir að geta verið aðeins meira heima og ætla að njóta tímans með syni mínum eins og ég get áður en næstu tarnir taka við. Það er margt spennandi á döfinni en því miður má ekki ljóstra því upp enn sem komið er," segir Ragga sem eftir leik sinn í Vikings er orðin þekkt andlit víða um heim og með mikið fylgi á Instagram.

„Mitt lífsmottó er að brosa. Ef maður er glaður og fæst við það sem drífur mann áfram er hamingjan vís. Ég reyni alltaf að vera jákvæð og jákvæðnin hefur nýst mér best í afreksíþróttum og leiklistinni. Maður ætti líka að vera glaður með að gera hluti sem maður sjálfur ákvað að gera," segir Ragga sem keppir enn í sundi sér til gamans.

„Maður þarf að njóta þess sem maður fæst við, hafa úthald og gefast ekki upp. Það fer enginn á Ólympíuleika á einni nóttu né fær hlutverk í stærstu sjónvarpsþáttum heims. Allt tekur tíma og númer eitt að hafa gaman af. Hefði mér ekki þótt gaman að synda hefði ég aldrei farið á Ólympíuleikana og hefði ég ekki haft gaman af undirbúningsferli Vikings hefði ég aldrei fengið hlutverkið," segir Ragga sem er meðvituð um að vera góð fyrirmynd.

„Ég hef alltaf reynt að sýna ungu fólki gott fordæmi, sérstaklega stelpum. Með því að kenna þeim að vera sjálfum sér samkvæmar, trúar sjálfum sér og gera hlutina fyrir sig en ekki aðra. Ég vil líka hvetja fólk til að vera glatt og kátt í lífinu og gott við allt og alla; jörðina, dýr og menn. Að hafa jákvætt viðhorf til lífsins gerir allt auðveldara."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Lífið tók u-beygju til hins betra

Femarelle Rejuvenate við upphaf tíðahvarfaa er náttúruleg lausn. Virknin er staðfest með klínískum rannsóknum. Sýnt er að það vinnur einnig gegn beinþynningu og hefur góð áhrif á geðið.

Breytingaskeiðið (tíðahvörf) er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkenna fer þó oft að gæta allt að 10 árum áður en eiginleg tíðahvörf hefjast. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru samt ákveðin einkenni sem margar hverjar finna fyrir.

Einkenni eftir þrítugt

Það eru mörg dæmi þess að konur fari að finna fyrir einkennum sem tengjast breyttri hormónastarfsemi upp úr þrítugu, og stundum fyrr. Þessi einkenni tengjast minnkandi framleiðslu estrogens og geta t.d. verið:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun

Það er orðið sífellt algengara að konur þjáist á einhvern hátt vegna ójafnvægis í hormónaframleiðslu. Heilbrigt líferni getur spilað stórt hlutverk í að draga úr einkennum en oftar en ekki þarf meira til.

„Líf mitt breyttist“

Dídí Ásgeirs starfar í apóteki þar sem hún kynntist fyrst Femarelle. Hún hafði þetta að segja: „48 ára og í blóma lífsins taldi ég mig alls ekki vera komna á þann stað að vera byrjuð á breytingaskeiðinu. Ég svaf illa, vaknaði mörgum sinnum á nóttu og gat engan veginn sofið þar sem ég kófsvitnaði og bæði sæng og koddi rennblaut. Ég var sem sagt í bullandi afneitun. Einn góðan veðurdag fékk ég samt nóg og ákvað að kaupa mér einn pakka af þessari snilldarvöru og hugsaði, „ég hef engu að tapa“. Viðbrögðin létu ekki á sér standa en ég tók tvær töflur á dag og þegar ég var búin með tvö spjöld úr pakkanum breyttist líf mitt, þvílíkur munur! Ég tók u-beygju í lífinu, svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir er allt annar. Þær konur sem kannast við þessi einkenni ættu ekki að hika við að prófa Femarelle. Femarelle Rejuvenate er klárlega málið.“

Það eru mörg dæmi þess að konur fari að finna fyrir einkennum sem tengjast breyttri hormónastarfsemi upp úr þrítugu og stundum fyrr. Þessi einkenni tengjast minnkandi framleiðslu estrogens.

Femarelle Rejuvenate

Fjölmargir kvensjúkdómalæknar mæla með Femarelle sem fyrstu meðferð við tíðahvörf en að baki Femarelle línunni liggja fjölmargar klínískar rannsóknir sem tryggja virkni og auka líkur á betri lífsgæðum. Beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast og getur inntaka á Femarelle Rejuvenate verið ágætis forvörn gegn einkennum breytingaskeiðsins ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu. Auk DT56a sem slær á einkennin inniheldur Femarelle einnig hörfræ sem stuðla að meira hormónajafnvægi, B2- og B7-vítamín fyrir eðlileg efnaskipti, aukna orku og viðhald húðar, slímhúðar og hárs.

> **Ég tók u-beygju í lífinu, svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir verður allt annar.**
>
> **Dídí Ásgeirs**

Þéttur og heilbrigður hárvöxtur

Hair Gro frá New Nordic inniheldur frábæra blöndu náttúrulegra afurða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að auki hárvöxt og sé einstaklega góð fyrir hársvörðinn og hársrótina.

Hárþynning eða skallamyndun er vel þekkt og það síðarnefnda sérstaklega hjá karlmönnum. Í raun felur skallamyndun ekki í sér neitt heilsufarslegt vandamál ef sá sem missir hárið er fullkomlega sáttur við það en það eru þó fjölmargir sem vilja halda hárinu lengur en náttúran ætlaði þeim.

Staðreyndir um hár

Hárið á höfðinu vex að meðaltali um 0,44 millimetra á dag eða um 13 mm á mánuði. Fjöldi hára er nokkuð breytilegur en er yfirleitt á bilinu 100-160 þúsund hár. Hár myndast úr dauðum þekjufrumum sem þrýstast út úr hársekkjunum (rótinni) þegar nýjar frumur myndast þar. Hárvöxturinn er því undir þessari frumumyndun komin og þéttleiki hársins veltur á fjölda „virkra“ hársekkja.

Hair Gro fyrir þéttari hárvöxt

Hair Gro frá New Nordic inniheldur Procyanidin B2 úr eplum, en rannsóknir hafa sýnt fram á að það eykur hárvöxt. Hair Gro inniheldur einnig tocotrienol, efni úr E-vítamín „fjölskyldunni“ og er það þekkt fyrir að hafa jákvæð áhrif á almenna heilsu og einstaklega gott fyrir hársvörðinn og hársekkina (hárrótina) þar sem hárið myndast.

Hair Gro inniheldur tocotrienol, efni úr E-vítamín „fjölskyldunni“.

Töflurnar innihalda einnig hirsi, elftingu, amínósýrur, bíótín og sink, allt efni sem styrkja hárið og stuðla að eðlilegum hárvexti.

Allt að 50% meiri hárvöxtur

Nýlega var gerð lítil rannsókn á hópi fólks sem þjáðist vegna skallamyndunar. Fengu allir tocotrienol til inntöku og í ljós kom að þetta efni virkaði sérlega vel til að vinna gegn vandamálinu (skallamyndun) og með tímanum fór nýtt hár að vaxa og þéttleikinn jókst. Á 8 mánuðum var aukningin 10-25% hjá flestum en margir voru þó með meira en 50% aukningu í hárvexti.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

Sumarlína Ganni og 66° Norður komin í búðir

66°Norður og danska kvenfatamerkið Ganni hófu samstarf í ágúst í fyrra þegar ný sumarlína var kynnt. Sumarlínan samanstendur af fjórum flíkum, flísvesti og þremur jökkum. Allar vörurnar í samstarfinu eru úr tæknilegum efnum og framleiddar af 66°Norður í takmörkuðu upplagi.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Hönnunarteymi 66°Norður og Ganni unnu saman að nýju sumarlínunni sem sameinar gildi og arfleifð beggja merkja. „Ég elska að vinna með andstæður, það er hluti af okkar DNA, og það að vinna með 66°Norður við að búa til tæknilegan fatnað úr tæknilegum efnum gefur sumarlínu okkar skemmtilega og nýja vídd," segir Ditte Reffstrup, listrænn stjórnandi Ganni.

Fyrirtækin kynntu áframhaldandi samstarf á tískuvikunni í Kaupmannahöfn núna í ágúst fyrir veturinn 2019. „Eftir vel heppnað samstarf fyrirtækjanna við sumarlínuna sem er nú að koma í verslanir var eðlilegt framhald að hanna vetrarlínu og gera það með alveg nýrri nálgun, sem að mínu mati tókst framúrskarandi vel," segir Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður. Vetrarlínan sem kemur í verslanir í haust mun samanstanda af dúnúlpu, dúnvesti, kjól, trefli og tösku. Innblástur fyrir nýju línuna var sóttur í vetrarlínu og sjófataarfleifð 66°Norður með skemmtilegum og ferskum blæ frá danska kvenfatamerkinu.

„Til að fylgja á eftir fyrri samstarfslínunni, þá vildum við taka samstarfið áfram upp á næsta stig. Við unnum með snið sem voru til en vildum gefa þeim nýja nálgun. Ég kafaði ofan í gamlar vörulínur og myndasafn frá 66°Norður og við fengum m.a. innblástur frá gömlum myndum af sjómönnum að störfum sem minnti mig á heimabæ minn Hirtshals og sjómannasamfélagið þar. Svuntan í línunni er í uppáhaldi hjá mér, en hún er byggð á fiskvinnslusvuntu sem 66°Norður framleiðir enn í dag. Hugmyndin með línunni var að sjóða saman hugarheim Ganni við tæknilegan útivistarfatnað," segir Ditte Reffstrup, listrænn stjórnandi Ganni.

Módel sýnir flísvesti.

Efnin eru mjög tæknileg.



Nýja línan er glæsileg

Sumarið er handan við hornið.

Flísvestið góða.

Hlýr og töff jakki.

Það gæri rignt í sumar.

Stundum þarf að klæða sig vel.

> Eftir vel heppnað samstarf fyrirtækjanna við sumarlínuna sem er nú að koma í verslanir var eðlilegt framhald að hanna vetrarlínu og gera það með alveg nýrri nálgun

„Danska fatamerkið Ganni hefur að okkar mati sýnt gott fordæmi með sínum ótrúlega árangri á sviði kvenkyns samtímatísku, en merkið hefur á skömmum tíma orðið eitt umtalaðasta merki Danmerkur. Sú staðreynd að bæði GANNI og 66°Norður eru norræn merki á mikilli uppleið skapar einstakt tækifæri til að sameina sérþekkingu og styrkleika hvort annars, auk þess að skapa möguleika fyrir bæði merki til þess að stíga sín fyrstu skref inn á nýja markaði. Hver einasta flík samstarfslínunnar á sér ríka sögu og bakgrunn, en við hönnun þeirra var arfleifð beggja merkja höfð að leiðarljósi," segir Helgi Rúnar enn fremur.

- Blaser rifflar
- Sauer rifflar
- Weatherby rifflar
- Anschutz rifflar
- Blaser haglabyssur
- Benelli haglabyssur
- Breda haglabyssur
- Marocchi haglabyssur

HLAÐ SE
Sérverslun skotveiðimannsins

Hlað ehf.
Bíldshöfða 12
Sími: 567 5333
www.hlad.is

Árleg byssusýning um helgina

Fjölbreytt úrval skotvopna verður til sýnis á byssusýningu Veiðisafnsins á Stokkseyri sem fram fer um helgina. Haglabyssur, rifflar, skammbyssur, herrifflar ásamt ýmsu tengdu skotveiðum m.a úr einkasöfnum. Hjálmar í Hlaði og félagar sýna úrval skotvopna og búnað til skotveiða ásamt sjónaukum og aukabúnaði.

Hartmut Liedtke verður á staðnum með sérstaka kynningu á sjónaukum frá Blaser í Þýskalandi sem er nýjung hérlendis.

Kynntir verða rifflar frá Blaser, Sauer, haglabyssur frá Marocchi og Blaser, einnig sjónaukar frá Zeiss og Meopta ásamt hljóðdeyfum frá Hausken, Devik og Freyr, endurhleðsluvörum frá Hornady, Redding, Lyman, Berger Bullets og fleira. Skotvís verður með kynningu á sinni starfsemi og Bogveiðifélag Íslands verður einnig með kynningu á sinni starfsemi og sýnir búnað sem tengist bogveiðum.

Gestur byssusýningar í ár er Óskar Elías Sigurðsson, uppstoppari frá Vestmannaeyjum. Hann verður með kynningu á sínum verkum og verður þar margt fallegt að sjá af uppstoppuðum dýrum. Byssusýning Veiðisafnsins er landsþekkt og er aldrei eins á milli ára og sýningin í ár er þar engin undantekning. Allt áhugafólk um skotvopn og veiðar er velkomið en aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir fullorðna en börn þurfa að greiða 750 krónur.

LAGERHREINSUN
40-60%
AFSLÁTTUR AF VEIÐIBÚNAÐI
MIKIÐ ÚRVAL!
VERÐDÆMI:
Fluguveiðihjól frá 5.000 kr.
Flugustangir frá 8.000 kr.
Kasthjól frá 5.000 kr.
Kaststangir frá 9.000 kr.
Öndunarvöðlur frá 18.000 kr.
Vöðlupakkar frá 25.000 kr.
Vöðlujakkar frá 20.000 kr.
Flugulínur frá 4.000 kr.
Afslættir gilda ekki í netverslun
Á meðal merkja eru:
Loop, Scott, Guideline, Patagonia, Fishpond, Aquaz,
Wychwood, Hatch, Marryat, Scientific Angler, Vivarelli, C&F, Echo og mörg fleiri.
Opið í dag, laugardag, frá kl. 11:00-16:00
Veiðiflugur
LANGHOLTSVEGI 111 | 104 REYKJAVÍK | VEIDIFLUGUR.IS | 527-1060

Spáð í bolla á Írskum dögum

Írskir vetrardagar verða haldnir á Akranesi um helgina. Dagskráin er fjölbreytt en meðal annars verður opnuð sýningin Spáðu í bolla í Leirbakaríinu á Suðurgötu þar sem kennir ýmissa grasa.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Tvær leirlistakonur, þær Kolbrún Sigurðardóttir og María Kristín Óskarsdóttir, opnuðu Leirbakaríið í desember síðastliðnum. „Við tókum á leigu bakarí á Suðurgötunni og þar sem við höldum áfram að baka, bara við aðeins hærra hitastig, lá nafnið beint við," segir Kolbrún.

Í Leirbakaríinu eru listakonurnar með vinnustofu og gallerí. Auk þess er þar námskeiðsaðstaða þar sem hópar geta komið, skemmt sér og lært.

Ný sýning, Spáðu í bolla, verður opnuð á Írskum vetrardögum nú um helgina. „Við erum báðar að einbeita okkur að bollum þessa dagana. Bollar eru eins og manneskjur. Þeir eru ólíkir í lagi og áferð, háir og lágir, grófir og fínir. Ef þú leggur ólíka bolla á borð er gaman að sjá hver tekur hvaða bolla. Við verðum því á þessari sýningu ekki með spádóma í bolla heldur leyfum við fólki að spá í bollunum sjálfum," útskýrir Kolbrún. Allir bollarnir eru úr smiðju listakvennanna tveggja. „Bollarnir eru af öllum stærðum og gerðum en við erum að prófa okkur áfram með ólíkar leirgerðir, meðal annars með leir héðan af Vesturlandi," segir Kolbrún en sýningin stendur til 30. mars.

Írskir vetrardagar

Írskir vetrardagar fara fram á Akranesi um helgina. Dagskráin er fjölbreytt og stemningin verður vafalaust skemmtileg. Meðal þess sem boðið verður upp á eru tónleikar á bókasafni bæjarins en þar verður einnig hægt að sjá sýningu á verkum nemenda í listgreinum í Brekkubæjarskóla. Á sunnudaginn 17. mars, á degi heilags Patreks, verður Kallabakarí með bakkelsi í írsku fánalitunum. Þá verður fjölskyldutími á Smiðjuloftinu og skylmingafélagið Væringjar sýnir sverðfimi og leyfir öðrum að spreyta sig. Landsmót barna- og unglingakóra verður síðan í sal Grundarskóla en von er á 250 þátttakendum.

Nánari upplýsingar um dagskrá írskra vetrardaga er að finna á www.skagalif.is

Leirlistakonurnar Kolbrún Sigurðardóttir og María Kristín Óskarsdóttir opnuðu Leirbakaríið á Akranesi í desember síðastliðnum.

Bollar eru eins og manneskjur, segja listakonurnar sem eru með sýninguna á Írskum dögum.

Bollarnir eru misjafnir að lit og lögun.

Sýningin á bollunum stendur til 30. mars.

Hvernig ætli sé að spá í þessa bolla? Kannski viljið þið prófa.

Frábærir bollar til að hengja upp eins og hvert annað veggskraut.

BRÚÐKAUPSBLAÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um brúðkaup kemur út 22. mars nk.
Allt sem hugsast getur varðandi brúðkaup.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

Við leitum að framtíðarfólki í stjórnendateymi ON

Nú eru spennandi tímar í vændum hjá Orku náttúrunnar og við leitum að þremur leiðtogum í framkvæmdastjórn til að vera hluti af lausninni og móta framtíðina með okkur. Verkefni framkvæmdastjórnar ON kalla eftir einstaklingum sem búa yfir frumkvæði, leiðtogahæfni, umhyggju og umbótavilja. Einstaklingum með styrk til að marka stefnu fyrirtækisins og leiða hóp framúrskarandi fagfólks með brennandi áhuga á þróun viðskipta í samkeppnisumhverfi, góðri þjónustu, umhverfismálum og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda.

Ef þetta kveikir á ON takkanum hjá þér viljum við heyra frá þér.

Öll eru hvött til að sækja um störfin, óháð kyni.
Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019.

Sótt er um á ráðningavef ON, **on.is/framtidin**
þar sem finna má nánari upplýsingar.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Mannauðs- og rekstrarstjóri

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða mannauðs- og rekstrarstjóra til starfa.

Mannauðs- og rekstrarstjóri vinnur að stefnumótun og áætlanagerð í samstarfi við dómstjóra. Viðkomandi hefur yfirumsjón með daglegum rekstri og leiðir starfið á skrifstofu dómstólsins.

Umsóknarfrestur
1. apríl

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/13161

Meðal helstu verkefna sem þar eru unnin eru:

- Aðstoð við rekstur dómsmála.
- Fjármál og bókhald.
- Mannauðsmál.
- Gæða- og öryggismál.
- Umbótaverkefni og þróun.
- Húsnæði og aðstaða.
- Samskipti og samstarf við dómstólasýslu og aðra opinbera aðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfinu, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla af breytingastjórnun er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Teymishugsun, samstarfsvilji ásamt lipurð í samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.

Héraðsdómur Reykjavíkur er einn 8 héraðsdómstóla landsins. Hann er með aðsetur við Lækjartorg í Reykjavík. Meðal verkefna dómstólsins er að leysa úr öllum þeim sakamálum og einkamálum sem til hans er beint. Úrlausnum hans verður skotið til áfrýjunardómstigs. Hjá dómstólnum starfa 52 starfsmenn, sem eru héraðsdómarar, löglærðir aðstoðarmenn, dómritarar og annað starfsfólk.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna annast klínískan hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar

Meðal verkefna er vinna við Heilsurannsókn ÍE (*www.heilsurannsokn.is*) og við Alzheimer lyfjarannsókn sem nú fer fram.

Störf í boði

Læknir

Starfslýsing

- Móttaka þátttakenda í Alzheimer lyfjarannsókn.
- Úrvinnsla, mat og eftirfylgd með þátttakendum í lyfjarannsókninni.
- Framkvæmd og umsjón klínískra prófa í Heilsurannsókn ÍE.
- Ráðgjöf til þátttakenda um niðurstöður mælinga.

Hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi
- Reynsla af vísindavinnu er kostur
- Góð íslenskukunnátta

Sálfræðingur

Starfslýsing

Gagnasöfnun í rannsóknum sem meðal annars fela í sér taugasálfræðilegar prófanir, klínískt mat á geðheilsu og greind.

Hæfniskröfur:

- Meistararapróf í klínískri sálfræði.
- Þekking af geðröskunum og reynsla af taugasálfræðilegum prófum og greindarprófum er kostur.
- Reynsla af rannsóknarumhverfi er kostur.
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknir vegna beggja starfa óskast sendar ásamt ferilskrá á netfangið: *atvinna@rannsokn.is* fyrir 26. mars 2019.

Frekari upplýsingar veitir: Eva Sveinsdóttir í síma 520 2800.

www.rannsokn.is

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ RANNSÓKNAVERKEFNA

Stjórnandi gestaupplifunar

FlyOver Iceland leitar að öflugum stjórnanda til að hafa umsjón með gestaupplifun fyrirtækisins.

Stjórnandi gestaupplifunar er lykilaðili í samhentu stjórnendateymi fyrirtækisins og gegnir mikilvægu hlutverki leiðtoga þeirra starfsmanna sem annast þjónustu við gesti FlyOver Iceland. Viðkomandi vinnur í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra, rekstrarstjóra og tæknistjóra sem ásamt öðrum lykilstarfsmönnum bera sameiginlega ábyrgð á vexti og þróun þessa einstaka verkefnis. Stjórnandi gestaupplifunar er andlit FlyOver Iceland en mikil áhersla er lögð á að viðkomandi miðli sýn, markmiðum og gildum fyrirtækisins af metnaði til gesta og starfsmanna.

Umsóknarfrestur til og með
24. mars

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/13164

Hlutverk og helstu verkefni:
- Byggja upp og viðhalda góðri gestaupplifun í samvinnu við aðra stjórnendur.
- Leiða með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi það teymi starfsmanna sem sinnir móttöku hópa.
- Þátttaka í mótun á menningu FlyOver Iceland ásamt öðrum í stjórnendateyminu.
- Starfsmannastjórnun, t.a.m. ráðningar, þjálfun, vaktaskipulag, tímaskráning og áætlanir.
- Skipulagning og markmiðasetning.
- Aðgerðir til að uppfylla væntingar og hámarka ánægju viðskiptavina.

Hæfniskröfur:
- A.m.k. tveggja ára reynsla af stjórnun í sambærilegu starfi, t.d. gestamóttöku eða þjónustu.
- Reynsla af því að byggja upp jákvæða stemmingu innan hóps.
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í stjórnendateymi.
- Hæfni til að miðla upplýsingum.
- Geta til að leggja áherslu á hámarks árangur í samskiptum og ákvarðanatöku.
- Reynsla af stjórnun starfsmanna og geta til að takast á við áskoranir sem því fylgir.
- Góð þekking á Microsoft forritum (Excel, Word og Powerpoint) til þess að geta gert áætlanir, kynningar og skýrslur.
- Frammúrskarandi skipulagshæfileikar.

FlyOver Iceland er í eigu Esja Attraction en stærsti hluthafi félagsins er Viad Corp. sem starfrækir samskonar 7D kvikmyndahús í Ameríku og Kanada. Fyrirtækið sérhæfir sig í einstakri upplifun fyrir þá sem vilja fljúga yfir Ísland og njóta náttúrunnar á ógleymanlegan og raunverulegan hátt. Sérhönnuð 2700 fermetra bygging við Fiskislóð í Reykjavík mun hýsa þessa einstöku upplifun. Auk flugsins verða tvær minni sýningar í húsinu sem gera menningu og sögu Íslands hátt undir höfði.

Nánari upplýsingar á www.flyovericeland.is

Capacent – leiðir til árangurs

Capacent_

Leiðtogi í upplýsingatækni

Reykjavíkurborg

Framundan eru spennandi tímar í starfsemi og þjónustu borgarinnar og mun upplýsingatækni hafa þar mikilvægu hlutverki að gegna.

Reykjavíkurborg leitar því að öflugum og reynslumiklum leiðtoga í starf upplýsingatæknistjóra á nýju sviði þjónustu og nýsköpunar. Viðkomandi þarf að hafa skýra sýn á nútíma upplýsingatækni og hlutverk hennar sem lykileiningar í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið leiðir m.a. þróun og þjónustu í upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg með það að leiðarljósi að tryggja notendum bestu og hagkvæmustu lausnirnar til að ná hámarks árangri. Reykjavíkurborg rekur eina umfangsmestu upplýsingatækniþjónustu landsins, með þúsundum útstöðva á rúmlega þrjúhundruð starfsstöðvum. Notendur upplýsingatæknilausna eru öll svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar, flestir íbúar borgarinnar sem og fyrirtæki og atvinnulíf.

Upplýsingar og umsókn: **Capacent.com/s/13155**
Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl n.k.

Verkefni á sviði upplýsingatækni og stafrænnar umbreytingar hjá Reykjavíkurborg eru í mótun og hefur viðkomandi tækifæri til að koma að mótun og framtíðarskipulagi upplýsingatæknimála borgarinnar.

Helstu verkefni:
- Leiða stefnumörkun upplýsingatækniréksturs.
- Þróun og skipulagning á verklagi einingarinnar.
- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Samstarf við svið og stofnanir borgarinnar um upplýsingatæknimál.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla og reynsla af samningagerð.
- Yfirgripsmikil reynsla af verkefnastýringu og breytingastjórnun.
- Víðtæk upplýsingatækniyfirsýn.
- Leiðtogahæfileikar og rík aðlögunarhæfni.
- Rík þjónustulund, frumkvæði og drifkraftur.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og Norðurlandamáli.

Capacent – leiðir til árangurs

Capacent_

Stöðvarstjóri (Bakki í Ölfusi)

Laxar Fiskeldi ehf. er fyrirtæki sem stundar laxeldi á Íslandi. Fyrirtækið er að meirihluta í eigu Måsøval Eiendom, sem er norskt fjölskyldufyrirtæki sem hefur 45 ára reynslu af laxeldi.

Fyrirtækið rekur tvær seiðaeldisstöðvar að Bakka og Fiskalóni í Ölfusi auk þess sem landstöð er starfrækt í Þorlákshöfn. Auk þess eru Laxar Fiskeldi með sjókvíaeldi í Reyðarfirði þar sem fyrirtækið hefur leyfi til að framleiða allt að 9.000 tonn af laxi í sjókvíum á þremur stöðum en fyrirhuguð framleiðsla félagsins á Austfjörðum til lengri tíma litið mun nema um 25.000 tonnum.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.laxar.is

Laxar Fiskeldi óskar eftir að ráða stöðvarstjóra á Bakka í Ölfusi. Leitað er að skipulögðum og úrræðagóðum einstaklingi sem gerir skýrar væntingar til starfsmanna sinna, byggir upp traust og fær þá með sér. Æskilegt er að viðkomandi búi í innan við 15 mínútna fjarlægð frá stöðinni og geti hafið störf sem fyrst. Starfsemi stöðvarinnar er á vöktum.

Helstu viðfangsefni:

- Ber ábyrgð á tæknilegum og daglegum rekstri stöðvarinnar
- Tryggir líffræðilegan grundvöll og fiskivelferð stöðvarinnar
- Skipuleggur og fylgir eftir eldisverkefnum og viðhaldi
- Tryggir innra eftirlit, gæða-, öryggis- og umhverfisstjórnun stöðvarinnar
- Ber ábyrgð á eldisrekstri og árangri
- Starfsmannahald og þjálfun starfsmanna
- Skýrslugerð og skráningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af fiskeldi. Reynsla af seiðaeldi er kostur
- Menntun sem nýtist í starfi, helst í fiskeldisfræðum
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Frumkvæði og drifkraftur
- Skipulags- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 512 1225 og einnig Jóhannes Sigurðsson framleiðslustjóri seiðaeldis í síma 837-5750. Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.

Intellecta - Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími: 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

VIÐSKIPTASTJÓRI

KORTA LEITAR EFTIR KRAFTMIKLUM OG DRÍFANDI VIÐSKIPTASTJÓRA

KORTA er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í greiðslumiðlun og -lausnum. Við bjóðum upp á færsluhirðingu fyrir söluaðila á Íslandi og í öðrum ríkjum Evrópu ásamt því að sinna alhliða greiðsluþjónustu fyrir söluaðila. Þar á meðal eru snertilaus og hefðbundin posaviðskipti, tengingar við kassakerfi, boðgreiðslur og aðrar áskriftarlausnir, sem og tengingar við vefsíður. KORTA starfar á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu sem greiðslustofnun og er fullgildur aðili að Visa og Mastercard.

Um er að ræða fullt starf. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af markaðsstarfi og sölu æskileg
- Reynsla af stórfum í færsluhirðingu eða á fjármálamarkaði æskileg
- Þjónustulund, frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og tölvulæsi
- Gott vald á íslensku og ensku

Starfssvið

- Markaðssetning og sala á færsluhirðingu
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini
- Viðskiptaþróun og greining vaxtatækifæra

Nánari upplýsingar veitir Garðar Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs KORTA hjá **gst@korta.is**

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.
Umsóknir sendast á netfangið **vidskiptastjori@korta.is**

KORTA

Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík / 558 8000 / korta@korta.is / korta.is

Langar þig í skemmtilegar áskoranir?

Leikskólastjóri á Velli Reykjanesbæ

Í dag er laus staða skólastjóra á Velli í Reykjanesbæ. Skólastjórastarfið er mjög skemmtilegt, fjölbreytt og þroskandi. Menning og andrúmsloft leikskólans einkennist af gleði, kærleika og mikilli sköpun.

Í dag er laus staða skólastjóra á Velli í Reykjanesbæ. Skólastjórastarfið er mjög skemmtilegt, fjölbreytt og þroskandi. Menning og andrúmsloft leikskólans einkennist af gleði, kærleika og mikilli sköpun.
Í hverjum skóla ber skólastjóri ábyrgð á fjórum viðmiðum:

- Gleði barna og ánægju foreldra
- Starfsánægju starfsfólks
- Gæði í fagstarfi
- Góðum rekstri

Á Velli er frábært samstarfsfólk, góðir foreldrar og gæðin í starfi hafa aukist með hverju ári. Við hvetjum því alla sem hafa áhuga á að starfa sem skólastjóri að sækja um.

Hafir þú áhuga á að sækja um, farðu þá inn á vef skólans hjalli.hjalli.is og veldu Starfsumsókn. Nánari upplýsingar á thordis@hjalli.is eða síma 777 3008.

Hæfniskröfur eru

- Leikskólakennari
- Mikilvægt er að viðkomandi þekki hugmyndafræði Hjallastefnunnar og hafi löngun til að taka hana alla leið
- Öll stjórnunarreynsla er mikilvæg

Þá eru allir þeir eiginleikar í samskiptum sem við boðum í Hjallastefnunni öllum til framdráttar. Þið sem viljið sækja um starfið sendi fyrir 1. apríl umsókn með starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem kemur fram af hverju þér finnst þetta áhugavert starf og hvað þig langar að koma með í starfið.

Kaupfélag Borgfirðinga rekur eina verslunardeild, Búrekstrardeild ásamt rekstri fasteigna. Þar eru til sölu ýmsar rekstrarvörur fyrir landbúnað og fleira. Vöruval og starfsemi er að mestu sniðið að þörfum bænda á félagssvæðinu, þó einnig sé horft til þjónustu við aðra m.a. sumarbústaðaeigendur á félagssvæðinu. Fljótlega mun Kaupfélag Borgfirðinga opna veitingastað þar sem boðið verður upp á hollar og góðar veitingar fyrir fólk á ferðinni.

KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA – VERSLUNARSTJÓRAR

Kaupfélag Borgfirðinga leitar að verslunarstjórum í tvær stöður; verslunarstjóra í búrekstrardeild Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi og verslunarstjóra veitingastaðar Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi.

VERSLUNARSTJÓRI VEITINGASTAÐAR

Starfslýsing

- Þátttaka í stefnumótun veitingastaðar
- Ábyrgð á rekstri veitingastaðar
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Ábyrgð á útliti veitingastaðar og framsetningu
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskiptafræði eða verslunar- og/eða veitingastjórnunar er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Leiðtogahæfileikar
- Reynsla af verslunar- og/eða veitingastörfum er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt skilningi á rekstri
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Office
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og árangursdrifni

VERSLUNARSTJÓRI BÚREKSTRARDEILDAR

Starfslýsing

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við erlenda birgja
- Ábyrgð á útliti verslunar og framsetningu
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði landbúnaðar, viðskiptafræði eða verslunarstjórnunar er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Leiðtogahæfileikar
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt skilningi á rekstri
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Office og DK
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Tungumálakunnátta, a.m.k. enska og eitt Norðurlandamál æskileg
- Frumkvæði og árangursdrifni

Nánari upplýsingar veita:
Áslaug Kristinsdóttir, aslaug@hagvangur.is
Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þurfa að fylgja umsóknum um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Forstöðumaður mannauðs Arion banka

Arion banki leitar að stefnumiðuðum stjórnanda með framúrskarandi leiðtogahæfni til að leiða öflugan hóp reynslumikilla sérfræðinga í mannauðsmálum og breytingastjórnun. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og umbótadrifinn og hafa metnað til að ná árangri í starfi með það að leiðarljósi að gera betur í dag en í gær. Forstöðumaður mannauðs heyrir undir bankastjóra Arion banka.

Starfssvið forstöðumanns mannauðs

- Dagleg stjórnun mannauðsteymis
- Framfylgir mannauðs- og jafnréttisstefnum bankans og tryggir að unnið sé í takt við þær
- Hefur umsjón með kjaramálum/kjarasamningum og ákvörðunum um kjör starfsmanna
- Yfirumsjón með verkefnum, drífur þau áfram og ryður hindrunum úr vegi
- Skapar sterka liðsheild og tryggir að deildin sé rétt mönnuð
- Mótar framtíðarsýn og leiðir þróun hópsins
- Setur markmið og tryggir að verkefni séu unnin í samræmi við áherslur á hverjum tíma
- Styður við framkvæmdastjórn bankans
- Vinnur að bættu skipulagi, skilvirkni og árangursstjórnun

Hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni, drifkraftur og samskiptafærni
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og gagnrýnin hugsun
- Stjórnunarreynsla
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á sviði mannauðsmála er kostur
- Þekking á sviði straumlínustjórnunar er kostur
- Þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja er kostur
- Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti

Hlutverk mannauðsteymis Arion banka er að tengja saman fólk og lykilferla, með upplifun viðskiptavina að leiðarljósi. Innan deildarinnar starfar framsækinn og samstilltur hópur sérfræðinga með mikla þekkingu og reynslu. Helstu verkefni deildarinnar eru að veita stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning m.a. við ráðningar, starfsþróun, fræðslu og straumlínustjórnun. Einnig skipar mannauður stórt hlutverk þegar kemur að því að skapa jákvætt vinnuumhverfi og auka starfsánægju.

Umsjón með ráðningu hefur Intellecta. **Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2019**. Umsókn óskast útfyllt á **www.intellecta.is**. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Þórður S. Óskarsson**, **thordur@intellecta.is** og **Thelma Kristín Kvaran**, **thelma@intellecta.is** í síma **511 1225**. Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Árið 2015 fékk Arion banki jafnlaunavottun VR, fyrstur íslenskra banka. Með jafnlaunavottun er búið að koma upp stjórnkerfi sem tryggir að ákvarðanir í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Í kjölfar endurvottunar í september 2018 fékk Arion banki heimild til að nota jafnlaunamerkið, aftur fyrstur íslenskra banka.

arionbanki.is

Arion banki atvinna

Safnahús Borgarfjarðar

Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi

Verkefnisstjóri óskast

Umsóknarfrestur er til 4. apríl n.k. og er starfið auglýst til eins árs til að byrja með, með líkum á framtíðarráðningu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sjá nánar á www.safnahus.is.

Kærunefnd útlendingamála

Leitar að einum til tveimur drífandi lögfræðingum.

Kærunefnd útlendingamála úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli laga um útlendinga nr. 80/2016. Langstærsti málaflokkur nefndarinnar varðar umsóknir um alþjóðlega vernd en nefndin úrskurðar einnig í dvalarleyfismálum og málum tengdum brottvísunum. Kærunefnd útlendingamála er metnaðarfullur vinnustaður með öflugt teymi starfsmanna sem náð hefur verulegum árangri við að stytta málsmeðferðartíma.

Nefndin er að leita að einum til tveimur drífandi lögfræðingum.Starfið felst m.a. í að vinna með nefndinni við undirbúning og ritun úrskurða.

Frekari upplýsingar um stöðuna og hæfniskröfur má finna á starfatorgi (www.starfatorg.is)

ASKO

– vi forsyner Norge med mat

ASKO hefur fært Norðmönnum matvörur fra árinu 1866 og telur í dag 3300 starfsmenn. ASKO starfrækir 13 útibú víða um Noreg, Frá Lillesand i suðri til Tromsø í norðri.

ASKO Rogland AS er leiðandi heildsölu- og dreifingarfyrirtæki með yfir 5 milljarða veltu árlega.

Markaðurinn eru matvöruverslanir, birgjar, mötuneyti og veitingahús innan svæðissins frá Bømlo í norðri og allt til Moi i suðri. Fyrirtækið sjálft er staðsett í Skurve i Gjesdal (ca 30 mínútur fra Stavanger).

Blundar ævintýraþráin í þér?

Við óskum eftir íslenskum atvinnubílstjórum í sumar!

Við bjóðum:
- Örugga vinnu frá 1.júní og út ágúst og jafnvel fasta vinnu eftir sumarið
- Flug til Noregs (svo fremi sem unnið er út samningstíma)
- Húsnæði til leigu, í göngufæri við fyrirtækið
- Aðgang að æfingasal, squashsal og sauna
- Íslenskan tengilið

Hæfniskröfur:
- Ökuréttindaflokkur C og CE (meiraprófið)
- Vandvirkni, þjónustulipurð og snyrtimennska
- Reynsla
- Góð norsku/sænsku/dönsku -kunnátta eða mjög góð enska

Helstu verkefni:
- Lestun og losun
- Dreifing á vörum til viðskiptavina
- Að vera góður fulltrúi ASKO fyrir viðskiptavini

Nánari upplýsingar veitir Sigrid Thors í síma 0047 95 55 17 17

Áhugasamir sendi stutta ferilskrá ásamt nöfnum og símanúmerum til meðmælenda til: sigrid.thors@asko.no

Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Skólastjóri við Fellaskóla, Fellabæ

Staða skólastjóra við Fellaskóla, Fellabæ er laus til umsóknar frá og með næsta skólaári
Í Fellaskóla eru að jafnaði um 100 nemendur í 1. – 10. bekk og 27 starfsmenn. Lítils háttar samkennsla er í skólanum sem er vel mannaður réttindakennurum. Gott samstarf er með grunnskólunum þremur á Fljótsdalshéraði.

Hæfniskröfur:
- Grunnskólakennaramenntun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni

Allar frekari upplýsingar veitir Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri Fljótsdalshéraðs í síma 4700 700 eða á netfanginu **helga@egilsstadir.is.** Umsóknum með ferilskrá skal skila á skrifstofu Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum í síðasta lagi 5. apríl nk.

VEGHÖNNUN

VEGAGERÐIN

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi á hönnunardeild. Um er að ræða fullt starf, við hönnun umferðarmannvirkja.
Á hönnunardeild vinna um 18 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.

Við erum að leita eftir verk- eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Fjölmörg verkefni eru framundan varðandi uppbyggingu vegakerfisins á Íslandi. Um er að ræða spennandi starf við hönnun vega í krefjandi umhverfi, um fjallvegi, firði og í þéttbýli.

Starfssvið
Vinna við hönnun vega, umsjón og þáttaka í þróun veghönnunarkerfa Vegagerðarinnar , verkefnastjórn hönnunar, umferðaröryggisrýni auk þátttöku í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingarverkfræðingur, M.Sc. eða byggingartæknifræðingur B.Sc
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita
- Þekking og reynsla í notkun Microstation og Inroads er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einhverju norðurlandamáli

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.
Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeildar **(gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is) í síma 522 1000.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sérfræðingur í áhættustýringu

Við leitum að öflugum sérfræðingi í áhættustýringu Kviku banka.

Helstu verkefni:
- Greining og mat á áhættuþáttum í starfsemi bankans
- Skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila
- Þróun aðferða og kerfa innan áhættustýringar
- Þátttaka í þróun og viðhaldi upplýsingakerfa innan bankans
- Þróun á sjálfvirkni í upplýsingaöflun, skýrslugerð og vöktun

Hæfni og þekking:
- Þekking og reynsla af áhættustýringu og/eða fjárstýringu er nauðsynleg
- Reynsla af úrvinnslu gagna og notkun SQL er nauðsynleg
- Reynsla af greiningum og hugbúnaðargerð með t.d. R eða Python er æskileg
- Reynsla af XBRL skýrsluskilum til eftirlitsaðila er kostur
- Háskólapróf á framhaldsstigi í verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði eða öðru sambærilegu
- Reynsla af greiningarvinnu og mjög góð greiningarhæfni
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu talna og gagna
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 28. mars. Sækið um hér: https://attentus.umsokn.is

KVIKA

Kvika banki hf. | Borgartún 25 | 105 Reykjavík | +354 540 3200 | kvika.is

Fræðslu- og verkefnastjóri

Borgarleikhúsið auglýsir starf fræðslu- og verkefnastjóra laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í skapandi umhverfi. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að umsækjandi geti hafið störf fljótlega.

STARFSLÝSING

- Umsjón með fræðslustarfi Borgarleikhússins
- Umsjón með þróun leiklistarkennslu hjá Borgarleikhúsinu
- Samstarf við grunn- og leikskóla, Endurmenntun HÍ og félagasamtök
- Þátttaka í verkefnavali, lestri leikverka, í ritstjórn á útgefnu efni
- Verkefnastjórn fræðslutengdra verkefna skv. nánari ákvörðun leikhússtjóra
- Starfs- og fjárhagsáætlun fræðsludeildar

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í sviðslistum
- Þekking og reynsla af störfum í leikhúsi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í hóp
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla af því að starfa með börnum og ungu fólki er kostur
- Frumkvæði, fagleg vinnubrögð og kraftur til að hrinda verkefnum í framkvæmd

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars og skal umsóknum fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Eðvaldsdóttir, mannauðsstjóri Borgarleikhússins. Sækja skal um starfið á **alfred.is** eða í netpósti til mannauðsstjóra: **ingibjorg@borgarleikhus.is**

Tálknafjörður

Laus til umsóknar staða skólastjóra Tálknafjarðarskóla

Tálknafjarðarhreppur auglýsir stöðu skólastjóra Tálknafjarðarskóla lausa til umsóknar. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli undir einu þaki. Í skólanum eru um 50 nemendur.

Tálknafjörður er afar fallegur fjörður sem þekktur er fyrir einstaka veðurblíðu. Íbúarnir eru miklir íþróttaálfar og státar þorpið af glæsilegri íþróttamiðstöð með tækjasal, 25m sundlaug og fjöldann allan af skipulögðum íþróttatímum. Atvinnulíf er með miklum blóma og uppbygging fiskeldis og ferðaþjónustu á svæðinu býður upp á mikil tækifæri.

Starfssvið

- Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra og bera ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leik- og/eða grunnskólakennara
- Kennslureynsla í grunnskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og menntunarfræða eða umtalsverð og farsæl reynsla á sviði stjórnunar, rekstrar og þróunarstarfi er skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum, er skapandi og metnaðarfullur. Staðan er laus frá 1. maí 2019. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsókn skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir **Bryndís Sigurðardóttir,** sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, **í síma 450-2500** eða í gegnum **netfangið sveitarstjori@talknafjordur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2019.

Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps á netfangið sveitarstjori@talknafjordur.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

B.Ó. SMIÐIR

Ertu smiður eða hefurðu áhuga á byggingarvinnu?

B.Ó. Smiðir ehf. eru að leita að smiðum í framtíðarstarf vegna aukinna verkefna.
Verkefnastaða er víðsvegar um land, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bosmidir@bosmidir.is

HAFNADEILD

VEGAGERÐIN

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi á hafnadeild. Um er að ræða fullt starf, við hönnun hafnamannvirkja

Á hafnadeild vinna um 8 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast hafnagerð. Við erum að leita eftir verk- eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Fjölmörg verkefni eru framundan varðandi uppbyggingu hafnakerfis á Íslandi. Um er að ræða spennandi starf við hönnun hafna í krefjandi umhverfi.

Starfssvið
Vinna við hönnun hafnamannvirkja, umsjón og þáttaka í þróun hönnun hafnamannvirkja á landinu , verkefnastjórn hönnunar auk þátttöku í rannsóknarverkefnum tengdum hafnamannvirkjum og öldufari.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingarverkfræðingur, M.Sc.eða byggingartæknifræðingur B.Sc
- Lágmark 5 ára starfsreynsla við mannvirkjagerð
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita
- Þekking og reynsla í notkun Microstation og Inroads er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einhverju norðurlandamáli

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 1. april 2019. Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Snæbjörnsson, framkvæmdastjóri siglingsviðs **(jonas.snaebjornsson@vegagerdin.is) í síma 522 1000.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sérfræðingur í innri endurskoðun

Arion banki leitar að sérfræðingi í innri endurskoðun með áherslu á upplýsingatæknikerfi.
Við leitum að skipulögðum og umbótadrifnum einstaklingi með metnað til að ná árangri í starfi.
Í innri endurskoðun starfar öflugur hópur reynslumikilla sérfræðinga með það hlutverk að sjá um innri endurskoðun bankans, dótturfélaga og lífeyrissjóða í rekstri bankans.

Hæfniskröfur
- Sérþekking á sviði endurskoðunar á upplýsingatæknikerfum
- Drifkraftur og samskiptafærni
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og gagnrýnin hugsun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sérþekking á sviði innri endurskoðunar er kostur
- Þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja er kostur
- CISA, CIMS eða sambærilegar gráður eru kostur
- Faggilding í innri endurskoðun er kostur
- Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti

Helstu verkefni
- Veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að bæta reksturinn
- Þróa og viðhalda virku gæðaeftirliti sem tekur til allra þátta starfsemi innri endurskoðunar
- Greina og leggja mat á hvort eftirlitsferli/kerfi sem eru til staðar séu viðeigandi og skilvirk
- Bera kennsl á og meta mögulega áhættuþætti í starfseminni og fara fram á úrbætur

Nánari upplýsingar um starfið veita **Sigríður Guðmundsdóttir**, forstöðumaður innri endurskoðunar, **sigridur.gudmunds@arionbanki.is** og **Thelma Lind Steingrímsdóttir** mannauðsráðgjafi, **thelma.steingrimsdottir@arionbanki.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2019. Sótt er um starfið á **arionbanki.is/storf**. Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Arion banki er skráður á aðallista Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál. Arion banki er jafnlaunavottaður en það felur í sér formlega staðfestingu á því að fagleg vinnubrögð séu til staðar við ákvörðun launa og að starfsfólki í jafnverðmætum störfum sé ekki mismunað.

arionbanki.is

Arion banki atvinna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is

Global Product Manager

Össur hf. leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf alþjóðlegs vörustjóra (Global Product Manager).
Vörustjóri Össurar hefur yfirumsjón með og stýrir stefnumótun á einni af okkar vörulínum með það að meginmarkmiði að auka arðsama markaðshlutdeild og tekur þar með virkan þátt í framþróun fyrirtækisins.
Sem vörustjóri hjá Össuri ertu hluti af alþjóðlegri markaðsdeild og vinnur náið með öðrum deildum fyrirtækisins að þarfagreiningu og í að uppgötva ný tækifæri.

ÁBYRGÐ

- Mótun og viðhald heildarstefnu vörulínu
- Myndun markaðstengsla (Voice of Customer) og nýting í greiningu og þróun nýrra markaðs- og viðskiptatækifæra
- Staðfærsla og stýring á líftímaskeiði vöru
- Markaðssetning nýrra og núverandi vara í samráði við aðrar deildir fyrirtækisins
- Hönnun og innleiðing á markaðsstefnu (Go-to-Market Strategy) í samvinnu við aðrar deildir fyrirtækisins

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- MBA/meistarapróf er kostur
- 5 ára starfsreynsla við markaðsstörf og/eða viðskiptaþróun
- Hæfileiki til að stýra og taka þátt í alþjóðlegum verkefnum og þverfaglegri teymisvinnu
- Alþjóðleg starfsreynsla
- Sterkir samskiptahæfileikar
- Mjög góð enskukunnátta
- Reynsla úr heilbrigðisiðnaði kostur

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

AÐSTOÐARMAÐUR Í FLUGTURN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Isavia óskar eftir að ráða aðstoðarmann í flugturn á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru miðlun flugheimilda til flugmanna, vöktun og úrvinnsla skeyta í flugstjórnarkerfi. Skráning í gagnagrunna, tölfræði og önnur verkefni frá stjórnendum.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Páll Tryggvason, deildarstjóri, á netfangið **bjarni.tryggvason@isavia.is**.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu æskilegur
- Mjög góð enskukunnátta (lágmark ICAO level 4)
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Reglusemi og snyrtimennska

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
24. MARS

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

isavia

Sjóvá

440 2000

Við leitum að traustu fólki

Ert þú talnaglöggur?

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings í innheimtu og fjárreiðum. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og vera lausnamiðaður í hugsun.

Við leitum að einstaklingi með

- háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. viðskiptafræðimenntun
- reynslu af ráðgjafastörfum og/eða störfum innan fjármáladeilda
- mikla þjónustulund og samstarfshæfileika
- skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- frumkvæði og metnað til að ná árangri

Starfið felur meðal annars í sér

- ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini vegna innheimtumála
- afstemmingar og greiningar á núverandi viðskiptum
- verkefni tengd innheimtu, kröfustofnun og meðferð viðskiptakrafna
- þátttöku í umbótaverkefnum varðandi innheimtuferli

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Helgadóttir, forstöðumaður innheimtu og fjárreiðna, **asdis.helgadottir@sjova.is**.

Ert þú með bíladellu?

Við leitum að hörkuduglegum einstaklingi til að sjá um kaup og sölu ökutækja á Tjónasviði. Í boði er spennandi starf í samstilltu teymi sérfræðinga í ökutækjatjónum.

Við leitum að einstaklingi með

- reynslu af kaupum og sölu notaðra ökutækja
- menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði bílgreina eða löggildingar bifreiðasala
- reynslu af og/eða þekkingu á viðgerðum ökutækja
- mikla þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- góða færni í samningatækni og hæfni til að vinna sjálfstætt

Starfið felur meðal annars í sér

- kaup og sölu ökutækja sem hafa orðið fyrir tjóni
- ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini og verkstæði
- yfirferð á tjónamati frá verkstæðum
- samningagerð og frágang viðskipta með ökutæki

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Þór Guðmundsson, forstöðumaður ökutækjatjóna, **hjalti.gudmundsson@sjova.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **24. mars** nk. Sótt er um á **www.sjova.is/starfsumsoknir**.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Nýleg könnun leiðir í ljós að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018
Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

JAFNLAUNAMERKIÐ
Jafnlaunavottun velferðarráðuneytisins



Aðstoðarhafnarstjóri Faxaflóahafna sf.

Auglýst er laust til umsóknar starf aðstoðarhafnarstjóra Faxaflóahafna sf., sem er staðgengill hafnarstjóra.

Í starfinu felst m.a.:
- Áætlanagerð, forsendur hönnunar mannvirkja, eftirlit og umsjón með ástandi hafnarmannvirkja, siglingaleiðum og dýpi.
- Undirbúningur lóða- og landgerðar.
- Stjórn og eftirlit með gæðamálum framkvæmda.
- Önnur þau störf, sem viðkomandi kunna að vera falin og falla innan eðlilegs starfsviðs aðstoðarhafnarstjóra.

Leitað er eftir starfsmanni sem hefur eftirfarandi til að bera:
- Háskólamenntun í verkfræði sem nýtist í starfi.
- Reynslu af mannvirkjagerð.
- Skipulagshæfni og reynslu af áætlanagerð.
- Færni í samskiptum við fólk og fyrirtæki.
- Góða kunnáttu og færni í ensku.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsóknarfrestur er til og með miðvikudagsins 17. apríl n.k.
Umsókn og ferilskrá með nöfnum umsagnaraðila skal skilað til Faxaflóahafna sf., Tryggvagötu 17, Reykjavík eða þær sendar mannauðs- og launafulltrúa Faxaflóahafna sf. á netfangið **olafur@faxafloahafnir.is.**

*Nánari upplýsingar veitir hafnarstjóri í **síma 5258900**.*
Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Forstjóri Samgöngustofu



Við leitum að framsýnum leiðtoga með brennandi áhuga á þróun og framtíð samgöngumála á Íslandi, metnað til að veita framúrskarandi þjónustu og ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs. Ráðherra skipar forstjóra Samgöngustofu til fimm ára frá 6. ágúst nk.

Forstjóri Samgöngustofu stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Hjá Samgöngustofu starfa 150 starfsmenn í fjölbreyttum störfum. Stofnunin fer með stjórnsýslu, öryggismál og eftirlit á sviði flugmála, umferðar- og vegamála, siglinga- og hafnamála. Meðal annarra verkefna Samgöngustofu eru rannsóknir, greining og þróun á starfssviðinu ásamt fræðslu og upplýsingamiðlun um samgöngumál.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla af stjórnun, rekstri, stefnumótun og áætlanagerð.
- Færni til að vinna að umbótum.
- Reynsla af alþjóðasamstarfi kostur.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku nauðsynleg.
- Góð hæfni til samvinnu og í samskiptum.

Umsókn skal fylgja stutt kynningarbréf um hvers vegna sótt er um starfið og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist í starfi forstjóra Samgöngustofu.

Upplýsingar um embættið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, í síma 545 8200.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 1. apríl nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á starf@srn.is.
Nánari upplýsingar um starfið eru á Starfatorgi – starfatorg.is.

Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Hefur þú góða yfirsýn?

Störf hjá Icelandair við fjármál og leiðakerfisstjórnun

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 91224 03/19

Icelandair óskar eftir að ráða þrjá öfluga einstaklinga í starf forstöðumanns leiðakerfisstjórnunar, forstöðumanns reikningshalds og í stöðu endurskoðanda Icelandair Group.

FORSTÖÐUMAÐUR LEIÐAKERFISSTJÓRNUNAR

Meginhlutverk leiðakerfisstjórnunar er að þróa og viðhalda leiðakerfi félagsins. Forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar er hluti af stjórnendateymi Icelandair sem vinnur saman að því að ná hámarksárangri í rekstri, með framúrskarandi þjónustu, sveigjanleika og frumkvæði að leiðarljósi.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Þróun og innleiðing á stefnu Icelandair í leiðakerfismálum
- Halda yfirsýn yfir arðsemi leiðakerfisins og hámarka afkomu með því að gera viðeigandi breytingar á útgefinni flugáætlun
- Dagleg stjórnun og rekstur deildarinnar
- Greining nýrra markaðstækifæra, á núverandi jafnt sem nýjum áfangastöðum
- Samskipti og samningagerð við flugvelli og aðra hagsmunaðila

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í verk-, tækni-, eða viðskiptafræði
- Að lágmarki 5 ára reynsla af stjórnun er skilyrði
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni á sviði greiningar og nýtingar tölfræðilegra og fjárhagslegra gagna
- Hæfni til að vinna í hópi
- Þekking og reynsla af starfsemi flugfélaga er skilyrði
- Þekking á umsjón og hönnun leiðakerfa í flugrekstri er kostur

Nánari upplýsingar veita:
Ívar S. Kristinsson | framkvæmdastjóri flotamála og leiðakerfis | isk@icelandair.is
Kristján Pétur Sæmundsson | ráðningastjóri
kristjanpetur@icelandair.is

FORSTÖÐUMAÐUR REIKNINGSHALDS

Icelandair Group óskar eftir að ráða forstöðumann reikningshalds. Við leitum að reyndum stjórnanda með yfirgripsmikla þekkingu á reikningshaldi og samstæðuuppgjörum.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Ábyrgð á daglegum rekstri, verkefnum og starfsmannahaldi reikningshalds
- Yfirumsjón með skipulagningu og þróun ferla sem tengjast reikningshaldi
- Þátttaka í mótun stefnu og framtíðarsýnar reikningshalds
- Greiningarvinna, eftirlit og prófanir
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur

- Viðskiptafræðimenntun með áherslu á reikningshald eða fjármál, eða önnur sambærileg menntun
- Löggilding í endurskoðun er kostur
- Reynsla af reikningshaldi, uppgjörum stærri fyrirtækja og samstæðuuppgjörsvinnu
- Stjórnunarreynsla
- Samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og drifkraftur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita:
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir | framkvæmdastjóri fjármálasviðs | evasoley@icelandair.is
Kristján Pétur Sæmundsson | ráðningastjóri
kristjanpetur@icelandair.is

ENDURSKOÐANDI ICELANDAIR GROUP

Icelandair Group óskar eftir að ráða reynslumikinn endurskoðanda til þess að gegna lykilhlutverki á sviði reikningshalds hjá félaginu.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Uppgjörsvinna, samstæðuuppgjör og gerð ársreikninga
- Ráðgjöf og þjónusta við félög innan Icelandair Group og önnur félög
- Skipulagning og þróun ferla sem tengjast reikningshaldi
- Greiningarvinna, eftirlit og prófanir
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur

- Viðskiptafræðimenntun af endurskoðunar- eða fjármálasviði
- Löggilding í endurskoðun
- Góð þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Reynsla af reikningshaldi, uppgjörum stærri fyrirtækja og samstæðuuppgjörsvinnu
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita:
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir | framkvæmdastjóri fjármálasviðs | evasoley@icelandair.is
Kristján Pétur Sæmundsson | ráðningastjóri
kristjanpetur@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair, **icelandair.is/umsokn**, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi eigi síðar en 24. mars 2019.

Icelandair er leiðandi flugfélag sem býður ferðir til og frá Íslandi og er hagstæður kostur fyrir flug yfir Atlantshafið. Félagið einbeitir sér að því að veita viðskiptavinum sínum öruggar og traustar flugferðir sem og einstaka þjónustu. Icelandair flýgur til yfir 40 áfangastaða í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada.

ICELANDAIR

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra Víðistaðaskóla
Staðan er laus frá og með 1. ágúst n.k. Um er að ræða 100% starf. Umsókninni skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari auk annarra gagna er málið varðar. Óskað er eftir að með umsókninni fylgi greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarf og reynslu við stjórnun.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Hafnarfjarðarbæjar
- Að koma að skipulagi skólastarfsins í heild
- Að hafa faglegt utanumhald um skólanámskrárvinnu og starfsáætlun
- Að koma að vinnu við innra mat á skólastarfi
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða kennslufræði
- Farsæl kennslu- og stjórnunarreynsla í grunnskóla æskileg
- Leiðtogafærni og hæfni til að leiða framsækið skólastarf
- Samstarfshæfni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að leiða verkefni
- Reynsla af teymisvinnu kostur
- Þekking og/eða reynsla af SMT-skólafærni æskileg
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

LAUS STÖRF
HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

Fjölskylduþjónusta
» Verkefnastjóri fjölmenningar
» Starfsmaður í stuðningsþjónustu

Grunnskólar
» Fjölbreytt störf í boði fyrir fólk með margvíslega menntun og reynslu skólaárið 2019-2020
» Sjá nánar á **hafnarfjordur.is**

Víðistaðaskóli
» Enskukennari á unglingastigi
» Íslenskukennari á unglingastigi
» Verkefnastjóri Frístundaheimilið Álfakot í Engidal

Leikskólar
» Leikskólakennari - Bjarkalundur
» Leikskólakennari - Hvammur
» Leikskólakennari - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Tjarnarás
» Leikskólasérkennari -Tjarnarás

Málefni fatlaðs fólks
» Afleysingastarf - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
» Sumarstörf á heimilum fatlaðs fólks
» Sumarstarf á skammtímadvöl fyrir fatlað fólk
» Sjálfstæð búseta - Sumarstarf

Sumarstörf
» Sumarstörf fyrir 17 ára og eldri

Umhverfis- og skipulagsþjónusta
» Tækjamaður II

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500

Sölufulltrúi fyrir rafmagnsverkfæri

VERKFÆRASALAN óskar eftir metnaðarfullum, kraftmiklum og sjálfstæðum einstakling með ríka þjónustulund í kynningar- og sölustarf á rafmagnsverkfærum. Viðkomandi fær fullbúinn sýningarbíl til að heimsækja viðskiptavini um land allt. – ***Þetta er spennandi starf!***

Hæfniskröfur
- Reynsla af sölumennsku
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Iðnmenntun og þekking á verkfærum er kostur
- Góð enskukunnátta

Starfslýsing
- Samskipti og heimsóknir til viðskiptavina
- Ráðgjöf, kynningar og tilboðsgerð
- Sala og þjónusta við viðskiptavini

Vinsamlega sendið umsóknir og fyrirspurnir á **margret@vfs.is**
Umsóknarfrestur er til og með 24. mars.
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

VERKFÆRASALAN er verslunar og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í að bjóða uppá framúrskarandi úrval verkfæra og rekstrarvara fyrir fyrirtæki og einstaklinga í iðnaði og framkvæmdum.

VERKFÆRASALAN er framsækið fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1997 og rekur þrjár verslanir, í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 30 manns.

VERKFÆRA SALAN

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Hofsstaðakóli
- Umsjónarkennari

Leikskólinn Holtakot
- Leikskólakennari eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun
- Starfsmaður til stuðnings við fatlað barn

Leikskólinn Hæðarból
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Leikskólakennari eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun

Leikskólinn Krakkakot
- Sérkennslustjóri

Leikskólinn Lundaból
- Leikskólakennari eða annar reyndur starfsmaður

Leikskólinn Sunnuhvoll
- Matráður

Ægisgrund – heimili fatlaðs fólks
- Starfsmaður til sumarafleysinga

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Vilt þú stýra stærsta hátæknivöruhúsi landsins?

Innnes ehf. leitar að öflugum leiðtoga í starf vöruhúsastjóra. Vöruhúsastjóri kemur til með að starfa í krefjandi og líflegu umhverfi þar sem breytingar og framþróun eru lykill að árangri. Hann mun vera lykilaðili í uppbyggingu, innleiðingu og rekstri á nýju hátækni vöruhúsi félagsins sem stefnt er á að hefji starfsemi um mitt ár 2020. Vöruhús er hluti af aðfangakeðju Innnes og starfa þar um 100 starfsmenn í 4 deildum þ.e. vörumóttöku, tiltekt, dreifingu og framleiðslu.

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri vöruhússins
- Áætlanagerð launa og rekstrarkostnaðar
- Uppsetning og innleiðing ferla til hámörkunar árangurs
- Kostnaðareftirlit og stöðugar umbætur
- Starfsmannastjórnun
- Umsjón og eftirfylgni með lykilmælikvörðum vöruhúsa
- Umsjón með vöruhúsakerfum
- Tryggja að gæða- og öryggiskröfum sé fylgt eftir
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar & hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á starfsemi vöruhúsa er skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og jákvætt hugarfar
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Stefnumiðuð hugsun og drifkraftur
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sækja um starfið á heimasíðu Innnes á slóðinni storf.innnes.is merkt „Vöruhúsastjóri“ Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferlisskrá ásamt kynningarbréfi.

Upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju í tölvupóstfangi jtj@innnes.is og í síma 660 4006.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019.

Umsækjendur sem koma til greina í starfið verða kallaðir til viðtals eftir því sem umsóknir berast.

INNNES

INNNES ehf. er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins og eru vörumerki fyrirtækisins landsmönnum að góðu kunn. Fyrirtækið hefur á að skipa samhentum hópi starfsmanna sem tilbúinn er að þjóna viðskiptavinum eins vel og kostur er. Innnes er um þessar mundir að byggja fyrsta hátæknivöruhús sinnar tegundar að nýjum starfsstöðvum félagsins við Korngarða í Reykjavík. Þar mun þurrvöru- og frystihluti vöruhússins vera stjórnað af sjálfvirkum búnaði, fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Nánari upplýsingar um Innnes og starfsemi þess má finna á heimasíðunni www.innnes.is

Innnes ehf | Fossaleyni 21, 112 Reykjavík | www.innnes.is

MÁ BJÓÐA ÞÉR RAFMAGNAÐ SAMBAND VIÐ FRAMTÍÐINA?

Við leitum að metnaðarfullum og snjöllum einstaklingum í sérfræðingateymin okkar. Um er að ræða tvö fjölbreytt og spennandi störf hjá okkur.

Sérfræðingur í stafrænni þróun raforkuflutningskerfis

Starfið felst í áframhaldandi þróun og innleiðingu á stafrænum lausnum fyrir rekstur flutningskerfis raforku. Stafrænar lausnir raforkukerfisins innifela meðal annars stjórn- og varnarbúnað tengivirkja, ýmsan mælabúnað og snjallnetslausnir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur, tölvunarfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur.
- Brennandi áhugi og þekking á sjálfvirknivæðingu og snjallnetslausnum.
- Góð þekking á raforkukerfinu.
- Þekking á stjórn- og varnarbúnaði fyrir raforkukerfi og samþættingu búnaðar er kostur.
- Skipuleg og sjálfstæð vinnubrögð og framúrskarandi umbótahugsun.
- Hæfni í samskiptum og jákvæðni.

Sérfræðingur í stjórn- og varnarbúnaði

Starfið felur í sér rekstur á stjórn- og varnarbúnaði ásamt öðrum stafrænum búnaði í tengivirkjum Landsnets svo sem að annast prófanir, breytingar og uppfærslur. Bilanagreining og undirbúningur verkefna er einnig hluti af spennandi starfi við að hámarka áreiðanleika flutningskerfisins með nútíma tækni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur.
- Þekking á stjórn- og varnarbúnaði fyrir raforkukerfi.
- Öryggisvitund og umbótahugsun.
- Greiningafærni.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í samskiptum og jákvæðni.

Við vinnum fyrir þig

Við erum þjónustufyrirtæki – við vinnum fyrir þig í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar. Við viljum vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem umhyggja og öryggi er haft í hávegum. Þannig sköpum við góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar – **samvinnu, ábyrgð og virðingu** – að leiðarljósi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.

Nánari upplýsingar veitir **Valka Jónsdóttir** mannauðsstjóri, sími: 563-9300, netfang: **mannaudur@landsnet.is.** Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, **www.landsnet.is**. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

UMHVERFIS STOFNUN

Rekstur tölvukerfa hjá Umhverfisstofnun

Starf sérfræðings

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings í rekstri tölvukerfa á sviði þjónustu og fjármála. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á framsýni, samstarf og árangur í þverfaglegri teymisvinnu.

Helstu verkefni

- Notendaþjónusta við starfsmenn Umhverfisstofnunar.
- Aðgangsstýringar að tölvu- og upplýsingakerfum.
- Gagnavistun.
- Aðstoð við lausn upplýsingatæknimála.
- Umsjón með nettengingum, símakerfi og prenturum.
- Uppfærslur á kerfum.
- Samskipti við birgja og þjónustuveitendur.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2019.



ARTASAN

Grafískur hönnuður á stafrænum markaði

Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á að taka þátt í að byggja upp spennandi og fjölbreytt vörumerki á lyfja- og heilsumarkaðnum með stafrænni markaðssetningu.

BetterYou just as nature intended, SUNSTAR G·U·M, Bio-Kult, medela, Otrivin, Voltaren Gel, Femarelle, NUTRILENK GOLD, SENSODYNE, dr.organic

Starfslýsing:

- Hönnun og uppsetning á auglýsingum og markaðsefni.
- Umsjón með herferðum og viðburðum á samfélagsmiðlum; auglýsingar í gegnum Facebook Ads Manager, Google Adwords, Instagram o.þ.h.
- Gerð birtingadagatals fyrir samfélagsmiðla og umsjón með birtingum.
- Skilgreining markhópa á samfélagsmiðlum.
- Mótun stafrænnar markaðsstefnu.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla á sviði grafískrar hönnunar.
- Minnst 2ja ára starfsreynsla af stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum.
- Þekking á Facebook Business Manager, Google Adwords og Google Analytics.
- Áhugi og þekking á heilsu og bætiefnum.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hugmyndaauðgi.

Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu Artasan, www.artasan.is, og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrá fylgja með. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og skv. gildandi persónuverndarlögum.

Nánari upplýsingar veita Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Artasan í síma 824 9220 og Pétur Veigar Pétursson í síma 897 1626.

Umsóknarfrestur er til 24. mars.

Framúrskarandi fyrirtæki 2018 · Jafnlaunaúttekt PwC · VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2018

Artasan er sérhæft fyrirtæki á sviði markaðssetningar á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og öðrum heilsuvörum.

GILDI ARTASAN ERU

ÁREIÐANLEIKI HREINSKIPTNI FRAMSÆKNI

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta

Veitingastaðir

Kennsla

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is

Alþjóðabankinn auglýsir stöðu **jarðhitasérfræðings**

THE WORLD BANK
IBRD • IDA | WORLD BANK GROUP

Hjá Alþjóðabankanum er laus til umsóknar staða jarðhitasérfræðings, vegna samstarfs bankans og Íslands um jarðhitanýtingu í þróunarlöndum.

Sérfræðingurinn verður staðsettur í Washington D.C. og mun starfa innan deildar sem vinnur að því að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa (Energy Sector Management Program), og mun viðkomandi sérfræðingur sérstaklega sinna verkefnum á sviði jarðhita. Verksviðið snýr að þátttöku í jarðhitaverkefnum bankans, þ.m.t. vali á verkefnum, fjármögnun, tæknilegri ráðgjöf og miðlun þekkingar til teyma bankans og viðskiptavina.

Kröfur til umsækjenda:

- Meistaragráða í jarðvísindum, verkfræði, eða skyldum greinum er skilyrði.
- Að minnsta kosti 7 ára reynsla við þróun og framkvæmd jarðhitaverkefna og mat á tækifærum til jarðhitanýtingar er skilyrði.
- Góð almenn þekking á öllum hliðum jarðhitaþróunar og nýtingar er skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórnun, mati á verkefnum og almennri stjórnsýslu er skilyrði.
- Áhugi á þróunarsamvinnu er skilyrði og starfsreynsla í þróunarríki er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur s.s. frönsku eða spænsku er kostur.
- Fumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, aðlögunarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

Alþjóðabankinn tekur ákvörðun um ráðningu en ráðið verður til tveggja ára, frá og með 1. ágúst 2019, með möguleika á framlengingu. Sérfræðingurinn verður starfsmaður Alþjóðabankans og um launakjör fer samkvæmt reglum stofnunarinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl. Umsókn og ferilskrá á ensku skal senda utanríkisráðuneytinu í tölvupósti á netfangið **wbg@mfa.is.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar:
www.mfa.is/wbg
Senda má fyrirspurnir um starfið á netfangið **wbg@mfa.is**
Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um framangreint starf.

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Höfðaskóli á Skagaströnd
Staða skólastjóra laus til umsóknar

Sveitarfélagið Skagaströnd óskar eftir að ráða skólastjóra við Höfðaskóla á Skagaströnd.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu, hæfni og áhuga til að veita faglega forystu í skólastarfi. Mikið og gott starf hefur verið unnið í skólanum síðustu ár og þarf nýr skólastjóri að hafa áhuga á því að halda þeirri vinnu áfram og þróa enn frekar. Skólinn notar spjaldtölvur í námi og kennslu með markvissum hætti og hafa kennarar sótt fjölmörg námskeið um notkun þessara tækja í skólastarfi.

Nýr skólastjóri þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst n.k.

Í Höfðaskóla eru um 80 nemendur í 1.-10.b. og koma nemendur frá Skagaströnd og Skagabyggð. Kennarar og annað starfsfólk skólans mynda vel menntað og áhugasamt teymi. Húsnæði skólans og allur aðbúnaður er góður. Stutt er í íþróttahús og tónlistarskóla og er gott samstarf þar á milli.

Hlutverk og ábyrgð

- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýní samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög umgrunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða farsæl stjórnunarreynsla æskileg.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.
- Vilji og áhugi á nýtingu upplýsingtækni í skólastarfi, þ.m.t. snjalltækja.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og metnaður.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun sem og í fjármála-stjórnun og áætlanagerð er kostur.

Umsókn

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars n.k. Umsóknum skal skila á netfangið **sveitarstjori@skagastrond.is**

Með umsókn skal skila starfsferilsskrá, nöfnum tveggja umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á skólamál og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá.

Frekari upplýsingar um starfið veitir skólastjóri í síma 4522800 eða netfangið **hofdaskoli@hofdaskoli.is** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2018

Iðjuþjálfi

Um er að ræða tvær verkefnastjórastöður og er starfshlutfall samkomulag. Stöðurnar eru lausar nú þegar.

- Verkefnastjóri á verkjasviði
- Verkefnastjóri á tauga- og hæfingarsviði

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulags-hæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfnikröfur: Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heims-samtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Upplýsingar um störfin veita Bára Sigurðardóttir forstöðuiðju-þjálfi í síma 585-2153/585-2048, netfang; baras@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2019.

Umsóknarform má finna á heimasíðu Reykjalundar www.reykja-lundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

HEILSUGÆSLAN · HSS Heilbrigðisstofnun Suðurnesja · HSN · HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS · HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Háskólinn á Akureyri

Sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun

Lausar eru til umsóknar ellefu sérnámsstöður hjúkrunarfræðinga í heilsugæsluhjúkrun. Stöðurnar eru sex við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), tvær við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), ein við Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), ein við Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) og ein við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Hver sérnámsstaða er 80% og veitist frá 1. ágúst 2019 til eins árs. **Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2019**

Sérnám í heilsugæsluhjúkrun er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Námið samanstendur af fræðilegu námi við Háskólann á Akureyri og klínískri þjálfun á heilsugæslustöð hjá HH, HSN, HSU, HSA eða HSS undir handleiðslu lærimeistara. Námið er skipulagt til eins árs og lýkur með diplóma gráðu.

Markmið sérnáms

- Efla hæfni hjúkrunarfræðinga, meðal annars í þverfaglegu samstarfi á heilsugæslustöð
- Móta viðhorf og sýn til þjónustu heilsu-gæslunnar í komandi framtíð
- Veita nemendum tækifæri til að rýna í og innleiða gagnreynda starfshætti í daglegu starfi undir handleiðslu lærimeistara á heilsugæslustöð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt hjúkrunarleyfi, BS gráða (lágmarkseinkunn 7,25)
- Viðkomandi sé starfandi á heilsugæslustöð
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði

Nánari upplýsingar veita

- Sesselja Guðmundsdóttir, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, s. 513-5046 eða sesselja.gudmundsdottir@heilsugaeslan.is
- Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdarstjóri hjúkrunar HSN, s. 464-0500 eða gudnyf@hsn.is
- Unnur Þormóðsdóttir, hjúkrunarstjóri HSU, s. 432-2160 eða unnur.thormodsdottir@hsu.is
- Nína H. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HSA, s. 470-3054 eða ninahronn@hsa.is
- Ingibjörg Steindórsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HSS, s. 422-0500 eða ingibj@hss.is

Nánari upplýsingar á www.starfatorg.is

Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun

Verkefnastjóri skyndihjálpar

Rauði krossinn á Íslandi auglýsir eftir verkefnisstjóra skyndihjálpar í 100% stöðu. Starfsstöð er á landsskrifstofu Rauða krossins, Efstaleiti 9 í Reykjavík.

Helstu verkefni

- Umsjón með sölu skyndihjálparnámskeiða
- Umsjón með þróun og útgáfu námsefnis og námskeiða
- Umsjón með menntun leiðbeinenda
- Samskipti við samstarfsaðila innanlands og erlendis á sviði skyndihjálpar

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða menntavísinda, sjúkraflutninga-menntun eða víðtæk starfsreynsla á sviði skyndihjálpar
- Mikil samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019. Umsókn ásamt ferilskrá og kynningar-bréfi sendist á **starf@redcross.is**. Öllum umsóknum verður svarað eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

Nánari upplýsingar veitir Jón B. Birgisson, sviðsstjóri innanlandssviðs.

Allir ættu að kunna skyndihjálp!

Útbreiðsla skyndihjálpar er eitt af megin-verkefnum Rauða krossins á Íslandi. Við bjóðum vönduð og hagnýt námskeið sem sniðin eru að þörfum hópa, s.s. almennings, fagaðila og starfsmanna fyrirtækja. Nánari upplýsingar má finna á **skyndihjalp.is**.

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

MOSFELLSBÆR

Skólastjóri í Mosfellsbæ

Lágafellsskóli — Sterkur grunnur, ótal möguleikar

Lágafellsskóli

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi og státar af fjölbreyttu skólaformi. Lágafellsskóli er samþættur leik- og grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnu. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem yngstu bekkir grunnskóla ásamt elstu árgöngum leikskóla eru staðsettir í útibúi skólans, Höfðabergi.

Mosfellsbær leitar eftir framsæknum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir áræðni og leiðtogafærni til að leiða starfsemi skólans. Skólastjóri gegnir lykilhlutverki í að móta góðan skólabrag og samstarfsvettvang skóla og samfélags. Skólastjóri mótar framtíðarstefnu skólans í samræmi við aðalnámskrá, skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndafræði skólans og ber ábyrgð á að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef mosfellsbæjar, www.mos.is

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi
- Menntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og menntunarfræða
- Þekking á áætlunargerð, fjármálstjórnun og stefnumótunarvinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar og faglegrar forystu í menntastofnun
- Frumkvæði, leiðtogafærni og góðir skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að miðla upplýsingum

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2019.
Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Laus störf í fjármáladeild

Fjármáladeild Mosfellsbæjar er stoðdeild sem sér um umsýslu fjármála bæjarins. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga, innheimtu fasteignagjalda auk annarra gjalda. Fjármáladeild hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð, ársuppgjör og gerð ársreiknings. Í fjármáladeild starfa fimm starfsmenn; fjármálastjóri, verkefnastjóri, innheimtufulltrúi, aðalbókari og bókari.

Aðalbókari

Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Mosfellsbæjar, stýrir bókhaldsvinnu sveitarfélagsins og gerð uppgjörs.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Viðskiptafræðimenntun af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistarapróf í reikningsskilum
- Reynsla og þekking á færslu, skipulagningu og uppgjöri bókhalds.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Mjög góð þekking og reynsla af Dynamics NAV
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Reynsla og færni til að samþætta Dynamics NAV við önnur kerfi
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög er kostur

Innheimtufulltrúi

Innheimtufulltrúi ber ábyrgð á reikningagerð, innheimtu, álagningu fasteignagjalda auk móttöku rafrænna reikninga.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám
- Önnur menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta, sérþekking og færni í Excel
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af Dynamics NAV eða öðrum fjárhagskerfum
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Sækja skal um störfin á ráðningarvef mosfellsbæjar, www.mos.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur J. Lockton fjármálastjóri í **síma 525 6700.** Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Hugbúnaðarsérfræðingur

Rannís óskar eftir að ráða hugbúnaðarsérfræðing í fullt starf. Starfið felst í hönnun, hugbúnaðargerð og umsjón með umsókna- og upplýsingakerfum fyrir Rannís.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Þekking og reynsla á PHP, SQL, JavaScript og Java er æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð, Agile og Scrum er æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Björnsson, sviðstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5801 eða í netfangi sigurdur.bjornsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.
Sækja skal um á vefsíðu Rannís: www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/ og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið.

Rannís er líflegur vinnustaður með nálægt 50 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

HNOTSKÖGUR grafisk hönnun

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Kærunefnd útlendingamála

Leitar að einum til tveimur drífandi lögfræðingum.

Kærunefnd útlendingamála úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli laga um útlendinga nr. 80/2016. Langstærsti málaflokkur nefndarinnar varðar umsóknir um alþjóðlega vernd en nefndin úrskurðar einnig í dvalarleyfismálum og málum tengdum brottvísunum. Kærunefnd útlendingamála er metnaðarfullur vinnustaður með öflugt teymi starfsmanna sem náð hefur verulegum árangri við að stytta málsmeðferðartíma.

Nefndin er að leita að einum til tveimur drífandi lögfræðingum.Starfið felst m.a. í að vinna með nefndinni við undirbúning og ritun úrskurða.

Frekari upplýsingar um stöðuna og hæfniskröfur má finna á starfatorgi (www.starfatorg.is)

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

Hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða hagfræðing á svið hagfræði og peningastefnu bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræði og peningastefna hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamála* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

Helstu verkefni:

- Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Vinna í tengslum við greiningu og skrif í *Peningamál*.
- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðasviðum Seðlabankans.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði.
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku.
- Góð hæfni í að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og metnaður í starfi.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræði og peningastefnu, netfang: thorarinn.petursson@sedlabanki.is og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, mannauðsstjóri, netfang: mannaudur@sedlabanki.is.

Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

Leikskólinn Iðavöllur
Skólastjóri

Fræðslusvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða skólastjóra til starfa við leikskólann Iðavöll á Akureyri. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. maí 2019.

Skólinn opnaði í núverandi húsnæði 2001 og er einn elsti leikskóli Akureyrar. Iðavöllur er fjögurra deilda skóli með börn frá tæplega tveggja til sex ára. Einkunnarorð skólans eru Þar er leikur að læra og sem stendur er í gangi þróunarverkefnið Þar er leikur að læra íslensku. Um fjórðungur nemenda er af erlendum uppruna og/eða tvítyngd og fjölmenning einkennir starf skólans.

Iðavöllur vinnur í anda hugmyndafræði Reggio Emilia. Nánari upplýsingar má finna á **www.idavollur.is**

Starfssvið:

- Skólastjóri er faglegur leiðtogi sem þarf að fylkja liði um stefnu skólans og árangursríka starfshætti. Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Menntunarkröfur:

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari.
- Meistarapróf sem nýtist í starfi er kostur.
- Viðbótarmenntun í skólaþróun og/eða stjórnun er æskileg.

Hæfnikröfur:

- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og/eða reksturs leikskóla.
- Reynsla af vinnu með fjölmenningu í leikskóla.
- Reynsla af mannauðsmálum og hæfni í starfsmannastjórnun.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Gerð er krafa um vammleysi s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt.
Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2019

Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is

Laus störf
hjá Kópavogsbæ

Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:

Grunnskólar
Sérkennari í Álfhólsskóla
Stærðfræðikennari á unglingastig í Salaskóla
Umsjónarkennari á miðstig í Álfhólsskóla
Umsjónarkennari á yngsta stig í Álfhólsskóla
Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
Umsjónarkennari á yngsta stig í Salaskóla
Umsjónarkennari á miðstig í Salaskóla
Umsjónarkennari á miðstig í Vatnsendaskóla
Þroskaþjálfi / sérkennari í Hörðuvallaskóla

Leikskólar
Austurkór – Ertu ævintýragjarn útigarpur?
Leikskólakennari / leiðbeinandi í Baug
Matreiðslumaður í Kópastein

Umhverfissvið
Tækniteiknari / verkefnastjóri

Velferðarsvið
Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar

Kópavogsbær
kopavogur.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Funaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Funaborg lausa til umsóknar.

Funaborg er tveggja deilda leikskóli við Funafold í Grafarvogi. Leikskólinn hefur síðustu 7 ár verið hluti af sameinaða leikskólanum Sunnufold en hefur nú verið skilinn frá sameiningunni. Fyrirhugað er að leikskólinn stækki á næstu árum og verði 6-8 deilda. Leiðarljós leikskólans eru hamingja, málrækt, leikur, hollusta og sjálfræði. Unnið er eftir hugmyndafræði félagslegrar hugsmíðahyggju og áhersla er lögð á flæði og sjálfræði barna, að þau hafi valmöguleika og að stutt sé við að hugmyndir barnanna fái framgang í daglegu starfi. Leikskólinn stendur við opin náttúrusvæði niður við Grafarvog og fjölbreytt tækifæri eru til útiveru og útináms.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að vinna að stækkun leikskólans á næstu árum og leiða þar áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Frumkvæði í starfi, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf**

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Reykjavíkurborg

Vilt þú taka þátt í að byggja upp þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra?

Framkvæmdastjóri óskast

Samstarfsnetið er ný starfseining innan velferðarsviðs Reykjavíkurborgar en hlutverk þess er að veita börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra framúrskarandi stuðningsþjónustu

Framkvæmdastjóra er ætlað að koma að undirbúningi breytinga og innleiðingu á nýjum vinnubrögðum þar sem þjónustan er veitt í dag af fimm þjónustumiðstöðvum víðs vegar um borgina. Framkvæmdastjóri á sæti í framkvæmdastjórn velferðarsviðs.

Nánari upplýsingar veitir Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 411-1111 eða anna.gudmundsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019

Helstu verkefni
- Forysta og ábyrgð á rekstri og stjórnun samstarfsnetsins
- Byggja upp nýja vinnustaðamenningu
- Leiða fjölbreytt og ólík teymi
- Stefnumótun og umbótastarf
- Samskipti og innri og ytri upplýsingamiðlun

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- eða leiðtogamenntun á meistarastigi er kostur
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af breytingastjórnun og umbótastarfi
- Reynsla og þekking á verkefna- og straumlínustjórnun er æskileg
- Rík frumkvöðla- og nýsköpunarhugsun
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

VIRÐING • VIRKNI • VELFERÐ

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Konrektor	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201903/624
Sérnám í heilsugæsluhjúkrun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/623
Sérnám í heilsugæsluhjúkrun	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Norðurland	201903/622
Mannauðs- og rekstrarstjóri	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201903/621
Ræsting, sumarafleysing	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201903/620
Sumarstörf á Keldum	Þjóðminjasafn Íslands	Rangárvellir	201903/619
Héraðsfulltrúi	Landgræðslan	Sauðárkrókur	201903/618
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, gæðakerfi	Reykjavík	201903/617
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, skjalasafn	Reykjavík	201903/616
Byggingaverkfr./-tæknifræðingur	Vegagerðin, Hafnadeild	Reykjavík	201903/615
Byggingaverkfr./-tæknifræðingur	Vegagerðin, Veghönnun	Reykjavík	201903/614
Sérnám í heilsugæsluhjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Landið	201903/613
Forstöðum. greiningar og útgáfu	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201903/612
Hagfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201903/611
Hugbúnaðarsérfræðingur	Rannsóknamiðstöð Íslands	Reykjavík	201903/610
Sumarstörf á Lækjarbakka	Barnaverndarstofa	Hella	201903/609
Sérnámsstaða hjúkrunarfræðings	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/608
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/607
Aðstoðardeildarstjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/606
Forstjóri Samgöngustofu	Samgöngu- og sveitastj.ráðuneytið	Reykjavík	201903/605

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Yfirlæknir	Landspítali, húð-/kynsjúkdómalækn.	Reykjavík	201903/604
Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi	Landspítali, barna-/unglingageðdeild	Reykjavík	201903/603
Yfirlyfjafræðingur	Landspítali	Reykjavík	201903/602
Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi	Landspítali, bráðageðdeild	Reykjavík	201903/601
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, bráðageðdeild	Reykjavík	201903/600
Verkefnastjóri S-merktra lyfja	Landspítali	Reykjavík	201903/599
Deildarstjóri	Landspítali, lyfjaþjónusta	Reykjavík	201903/598
Verkstjóri flutningaþjónustu	Landspítali, þjónustudeild	Reykjavík	201903/597
Lífeindafræðingur	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201903/596
Geislafræðingur	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201903/595
Yfirlæknir meltingalækninga	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201903/594
Lífeindafræðingar	Landspítali, rannsóknakjarni	Reykjavík	201903/593
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, barna-/unglingageðdeild	Reykjavík	201903/592
Námsstöður lyfjafræðinga	Landspítali	Reykjavík	201903/591
Sérfræðingur í gagnagreiningu	Tryggingastofnun	Kópavogur	201903/590
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201903/589
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/588
Sérfr. málefni framhaldsskóla	Menntamálastofnun	Kópavogur	201903/587
Starfsmaður í gæslu á heimavist	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201903/586
Verkefnastjóri/kennari	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201903/585
Verkefnisstjóri MBA náms	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201903/584
Heilbrigðismenntaður starfsmaður	Embætti landlæknis	Reykjavík	201903/583
Rekstur tölvukerfa	Umhverfisstofnun	Reykjavík	201903/582
Varðstjóri	Fangelsismálastofnun ríkisins	Reykjavík	201903/581
Fangavörður, sumarstarf	Fangelsismálastofnun ríkisins	Suðurland	201903/580
Fangavörður, sumarstarf	Fangelsismálastofnun ríkisins	Akureyri	201903/579
Fangavörður, sumarstarf	Fangelsismálastofnun ríkisins	Reykjavík	201903/578
Dýralæknir	Matvælastofnun	Hafnarfjörður	201903/577
Aðstoðarmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/576
Forstöðulæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201903/575
Mannauðsstjóri	Háskóli Íslands	Reykjavík	201903/574
Kennari í myndlist	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201903/573
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201903/572
Hjúkrunarfræðingar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Vestfirðir	201903/571

Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Spennandi störf hjá Fjarðabyggð

Fjarðabyggð auglýsir eftir skólastjórnendum í eftirtaldar stjórnendastöður

- ***Skólastjóri við Grunnskólann á Eskifirði***
- ***Skólastjóri við Leikskólann Dalborg Eskifirði skólaárið 2019-2020***
- ***Aðstoðarskólastjóri við Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2019-2020***
- ***Aðstoðarskólastjóri við Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar skólaárið 2019-2020***

Fjarðabyggð auglýsir jafnframt eftir umsóknum í eftirtaldar stöður…

- **…við leikskólana í Fjarðabyggð**

Leikskólinn Dalborg Eskifirði: Deildarstjóri og leikskólakennarar
Leikskólinn Kæribær Fáskrúðsfirði: Deildarstjóri og leikskólakennarar
Leikskólinn Lyngholt Reyðarfirði: Deildarstjóri og leikskólakennarar
Leikskólinn Eyrarvellir Norðfirði: Deildarstjóri og leikskólakennarar

- **…við grunnskólana í Fjarðabyggð**

Grunnskólinn á Eskifirði: Umsjónarkennarar
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar: Íþróttakennari og umsjónarkennarar
Grunnskóli Reyðarfjarðar: Náms- og starfsráðgjafi, grunnskólakennarar og þroskaþjálfi
Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli: Umsjónarkennarar

- **…við tónlistarskólana í Fjarðabyggð**

Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar: Tónlistarkennari

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is - laus störf

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.
Umsóknarfrestur er til 6. apríl 2019.

Sótt er rafrænt um starfið á ráðningarvef Fjarðabyggðar - https://starf.fjardabyggd.is

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC

Bókhald og skrifstofustjórn

Starfslýsing

- Öll almenn bókhaldsstörf innan samstæðunnar svo sem;
  - Bókun á innkaupareikningum og á færslum bankareikninga
  - Afstemming á lánardrottnum, viðskiptamönnum og bankareikningum
  - Reikningagerð og innheimta
- Almenn umsjón með rekstri skrifstofu
- Móttaka nýliða og önnur tilfallandi störf
- Möguleiki er á hlutastarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðurkenndur bókari eða svipuð menntun æskileg
- Starfsreynsla og umfangsmikil þekking á bókhaldi er skilyrði
- Mikill kostur ef þekking er á færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðlum
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði, dönskukunnátta er kostur
- Þekking á NAV eða sambærilegu fjárhagskerfi
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á job@agrdynamics.is fyrir 29. mars. Nánari upplýsingar veitir Anna Lilja Pálsdóttir, fjármálastjóri í síma 512-1000. Fullum trúnaði heitið.

AGR Dynamics er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur frá stofnun, árið 1998, þróað lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi, Danmörku og Kanada starfa um 60 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina.

AGR Dynamics - Smáratorg 3 - 201 Kópavogur - s: 512 1000 - www.agrdynamics.is

AGR Dynamics

STUÐLABERG
Heilbrigðistækni

Söluráðgjafi heilbrigðisvara

Starfssvið

- Vörukynningar og sala til heilbrigðisstofnana
- Mynda tengsl við viðskiptavini og viðhalda þeim
- Ábyrgð á vörumerkjum og samskipti við birgja
- Greina viðskipta- og vaxtatækifæri
- Þátttaka í vörusýningum og ráðstefnum
- Tilboðsgerð og svörun verðfyrirspurna
- Afgreiðsla á hjúkrunarvörum til einstaklinga

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda æskileg
- Reynsla af sölu og ráðgjöf til stofnana
- Samskiptafærni, þjónustulund og fagmennska
- Lausnamiðaður einstaklingur með frumkvæði
- Tölvulæsi og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2019.
Um er að ræða fullt starf frá kl. 9-17 að öllu jöfnu.

Áhugasamir, sem uppfylla framangreind skilyrði og vilja starfa hjá öflugu fyrirtæki í góðum hópi, eru hvattir til að senda umsókn ásamt starfsferilsskrá með mynd á atvinna@stb.is merkt: Söluráðgjafi. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þagmælsku gætt.

Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem byggir á traustum faglegum grunni og áratuga reynslu. Starfsfólk Stuðlabergs hefur víðtæka þekkingu og menntun á heilbrigðissviði. Meðal starfsmanna eru þroska- og iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar og heilbrigðismenntað starfsfólk með áralanga starfsreynslu.

Stuðlaberg selur hjálpartæki, búnað og rekstrarvörur fyrir heilbrigðisstofnanir. Vörur sem auðvelda daglegt líf og styðja fólk til sjálfsbjargar. Stuðlaberg er samstarfsaðili Sjúkratrygginga Íslands, er aðili að rammasamningum og er í samstarfi við heilbrigðisstofnanir um land allt.

Starfsemi Stuðlabergs heilbrigðistækni ehf. var áður í heilbrigðissviði Eirbergs ehf., en er nú systurfyrirtæki þess.

Markmið okkar eru að efla heilsu, auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf

Eirberg STUÐLABERG Heilbrigðistækni

Stuðlaberg heilbirgðistækni ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • 569 3180 • stb.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

Heilbrigðisþjónusta

Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is

Sumarstörf hjá **Olíudreifingu**

Olíudreifing

Olíudreifing leitar að bílstjórum í sumarstörf staðsetta í Reykjavík, Akureyri Austurlandi, Snæfellsnesi og í Vestmannaeyjum. Um fjölbreytt störf er að ræða við olíudreifingu á tanka, skip og vinnuvélar.

Hæfniskröfur

- Meirapróf
- Þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta unnið sjálfstætt
- ADR réttindi kostur
- Íslenskukunnátta kostur

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 (Reykjavík, Austurland, Snæfellsnes og Vestmannaeyjar) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550-9910 (Akureyri).

Sótt er um störfin á vef Olíudreifingar www.odr.is

Ráðningartíminn er sveigjanlegur, getur verið allt frá byrjun apríl til loka september.

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is.

Olíudreifing | Hólmaslóð 8-10 | 101 Reykjavík | sími 550-9900 | odr@odr.is | www.oliudreifing.is

Tvær lausar stöður umsjónarkennara á unglingastigi við Þelamerkurskóla

Við Þelamerkurskóla eru lausar til umsóknar tvær stöður umsjónarkennara á unglingastigi í eitt ár vegna leyfa. Óskað er eftir að ráða fjölhæfa, sveigjanlega og skapandi grunnskólakennara með mikla hæfni í samskiptum við unglinga. Umsjónarkennararnir tveir vinna saman í teymi með einn námshóp 8.-10. bekkinga. Í skólanum eru samtals 73 nemendur sem skiptast í þrjá námshópa.

Í Þelamerkurskóla er starfað með markvissum hætti í anda skóla án aðgreiningar. Einkunnarorð skólans eru þroski, menntun og samkennd. Hann starfar eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga og heilsueflandi skóla auk þess sem ýmis þróunarverkefni hafa skipað stóran sess í skólastarfinu. Á unglingastiginu hafa rafrænir kennsluhættir verið innleiddir af krafti og vinna nemendur mikið til í gegnum Google umhverfið.
Woods er ekki eini íþróttamaðurinn sem hefur iðkað sína íþrótt þarna uppi. Þegar André Agassi og Roger Federer spiluðu tennisleik á pallinum var það gert til að vekja athygli á Dubai Duty Free mótinu. Síðan þá hefur Federer reglulega fengið spurningar um hvernig það hafi verið að spila þennan leik. „Ég vissi ekki hvaða áhrif þetta myndi hafa. Ég fór þarna um árið með Novak Djokovic og það er einstök tilfinning að standa þarna og spila sína íþrótt," sagði Federer við CNN fyrir þremur árum. Þeir félagar spiluðu árið 2005 og skemmtu sér konunglega. Líkt og með flest er toppíþróttamönnum borgað til að sýna örlitlar listir sínir þarna uppi.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Gerið gæða- og verðsamanburð

Rúmfætur í svörtu, krómuðu eða úr viði

Svefn & heilsa

Gott úrval
af vörum fyrir hótel og gististaði

- Heilsudýnur
- Rúmbotnar
- Höfuðgaflar
- Náttborð
- Rúmföt
- Rúmteppi
- Lök
- Hlífðardýnur
- Sængur
- Koddar
- Handklæði
- Inniskór
- Sloppar
- Lofthreinsitæki

og margt fleira

RESPIRA vatnsheldar dýnuhlífar og koddaver. Mjúkt „Organic cotton" byltingarkennt efni sem andar vel.

Úrval af góðum handklæðum

Baðmottur í úrvali

Svartur PU-leðurbotn

Grár botn úr gæðaefni

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefnogheilsa.is | verslun@svefn.is

SS HAMBORGARAR
599kr.
4 x 120g

TAKMARKAÐ MAGN

12 STÓR EGG
299kr.
HÁMARK 2 STK PR AFGREIÐSLU

VENJULEGT VERÐ 689 KR

SS NAUTGRIPAHAKK
999kr./kg

BANANAR
99kr./kg

VENJULEGT VERÐ 199 KR KG

ÞÝSK EPLI
199kr.
1.5 kg poki

KJÖRFUGL
1.799 kr/kg
BRINGUR

KJÖRFUGL
1.999 kr/kg
LUNDIR

KJÖRFUGL
599kr/kg
LEGGIR

KJÖRFUGL
599kr/kg
HEILL KJÚKLINGUR

HAKKAÐIR TÓMATAR
149 kr.
MEÐ HVÍTLAUK

HAKKAÐIR TÓMATAR
149 kr.
MEÐ CHILI

VENJULEGT VERÐ 247 KR

REMI
99 kr.

HAKKAÐIR TÓMATAR
149 kr.
LÍFRÆNIR

LÍFRÆNIR TÓMATAR
149 kr.

2L KLAKI
99 kr.

HÁGÆÐA VÖRUR FRÁ

REMA 1000

ÁN OFNÆMISVALDA OG SVANSMERKT

Klæðskerasniðin skrifstofurými til leigu

Laus eru til leigu rúmgóð skrifstofu- og verslunarrými með fallegu útsýni að Höfðabakka 9. Við húsið eru næg bílastæði fyrir bæði gesti og starfsfólk og auðvelt er að nálgast ýmsa þjónustu í nærumhverfi. Höfðabakki 9 er í alfaraleið og nálægt fjölförnum samgönguæðum.

Rýmin sem um ræðir eru á ýmsum hæðum.

Heil hæð um 900 m²
Hálf hæð um 450 m²

Gert er ráð fyrir að aðlaga rýmið að þörfum leigutaka í góðu samstarfi.

Myndir af uppgerðum rýmum, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is. Einnig veitir Halldór Jensson sölustjóri upplýsingar í síma 840-2100 eða á halldor@reitir.is.

Kringlan 4–12 **103 Reykjavík** **www.reitir.is** **575 9000**

REITIR

Velkomin til starfa

MEÐ OG Á MÓTI

Á Háskóli Íslands að framkvæma aldursgreiningar á hælisleitendum?

Björn Þorsteinsson, prófessor í heimspeki, og **Jón Atli Benediktsson**, rektor Háskóla Íslands, rökræða um aldursgreiningar og eru á öndverðum meiði. Háskólaráð staðfesti á dögunum þjónustusamning við Útlendingastofnun um að framkvæma hluta aldursgreiningar á ungum hælisleitendum á Íslandi en setti þó ýmis skilyrði. Tannlæknadeild Háskóla Íslands mun framkvæma rannsókn á hælisleitendum sem verulegur vafi þykir leika á að segi satt um aldur.

Björn Þorsteinsson, prófessor í heimspeki. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Á MÓTI

Hroðaleg tímaskekkja

Björn Þorsteinsson
prófessor í heimspeki
við Háskóla Íslands

„Breytingar eru í vændum – hvort sem ykkur líkar það betur eða verr.“ Þessi orð aðgerðasinnans Gretu Thunberg, sem hún beindi til ráðamanna ríkja og alþjóðastofnana á fundi um loftslagsvandann nýverið, eru í senn aðvörun og áskorun, áminning og hvatning. Sú staðreynd að Greta Thunberg er ung að árum, yngri en allir ráðamennirnir sem hún beindi orðum sínum að og yngri en flestir lesendur Fréttablaðsins, ljær orðum hennar margfalt vægi. „Sérhver ný kynslóð verður að frelsa heiminn / Með því að skapa hann í sinni mynd,“ orti Jóhannes úr Kötlum – og óhætt er að fullyrða að þetta verkefni kynslóðanna, að frelsa heiminn og skapa nýjan heim í leiðinni, hefur aldrei verið jafn tröllaukið og nú. Heimurinn sem við blasir í samtímanum er úr lagi genginn – og einhver þarf að kippa honum í lið, einhver þarf að taka að sér að koma honum í lag. Það er hins vegar ekkert áhlaupaverk, og stjórnvöld þessa heims, bæði af hálfu ríkisvalds, alþjóðastofnana og stórfyrirtækja, hafa hingað til ekki reynst fær um annað en að framleiða handa okkur innantóman hráskinnaleik sem ýmist virkar ógnvænlegur í heimsku sinni eða grátbroslegur í yfirborðsklóri sínu.

ÉG ER ANDVÍGUR ÞVÍ AÐ HÁSKÓLI ÍSLANDS LEGGI LÓÐ SÍN Á VOGARSKÁLAR ÞESS ÚR SÉR GENGNA OG ÓRÉTTLÁTA SAMFÉLAGS SEM NÚ NÁLGAST ENDALOK SÍN.

Unga fólkið, með Gretu Thunberg í broddi fylkingar, vekur upp langþráða von um að nú sé loks að renna upp það skeið þegar raunverulegar breytingar verða, þær breytingar sem við þurfum öll á að halda, sé það á annað borð ætlunarverk okkar að bjarga mannkyninu. En vandinn er sá að tíminn er naumur, og unga kynslóðin getur hreinlega ekki beðið lengur eftir því að við, hrímþursarnir, risaeðlurnar og blekkingasmiðirnir, rönkum við okkur og tökum til óspilltra málanna. Án okkar geta þau því miður ekki bjargað framtíð sinni.

Ég er andvígur því að Háskóli Íslands leggi lóð sín á vogarskálar þess úr sér gengna og óréttláta samfélags sem nú nálgast endalok sín – samfélags þar sem fjármagn hefur meira frelsi en fólk, þar sem kynt er undir frumstæðri hræðslu við ókunnuga í þeim tilgangi að sporna gegn hvers kyns breytingum í réttlætisátt, þar sem raunverulegar orsakir þeirra hræringa sem nú eiga sér stað á hnettinum eru duldar undir stöðugum straumi lygafrétta, kattamyndbanda og frásagna af nýjustu vitleysunni í Bandaríkjaforseta, þar sem fólk á flótta undan stríðsátökum og hungursneyðum sem rekja má til ofneyslu og ásælni Vesturlanda er hundelt og skipulega niðurlægt í stað þess að taka því fagnandi og leyfa því að blómstra.

Þátttaka Háskóla Íslands í tanngreiningu ungra hælisleitenda er hroðaleg tímaskekkja sem skipar æðstu menntastofnun þjóðarinnar í hóp þeirra sem láta fara vel um sig á fyrsta farrými hraðskreiðu ferjunnar til Feigðaróss – og seilast eftir kokteilnum.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. MYND/KRISTINN INGVARSSON

MEÐ

Eina opinbera tannlæknastofa landsins

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Það er alls ekki sjálfsagt að Háskóli Íslands hafi aðkomu að slíku. Þeir sem sækja um alþjóðlega vernd eru í afar viðkvæmri stöðu og verðskulda að málefni þeirra séu meðhöndluð af virðingu og fagmennsku.

Innan Háskólans hefur undanfarin misseri einmitt átt sér stað gagnrýnin umræða um aðkomu skólans að aldursgreiningum og það er umræða sem ég hef fylgst grannt með og þótt gagnleg.

Þessi umræða varð meðal annars til þess að háskólaráð ákvað að skipa starfshóp til að fara yfir álitamál varðandi aldursgreiningar. Starfshópurinn fékk meðal annars til viðtals umboðsmann barna, fulltrúa frá Rauða krossinum og fulltrúa frá Siðfræðistofnun.

HÍ hefur það mikilvæga hlutverk að veita íslensku þjóðfélagi þjónustu í krafti þekkingar. Tannlæknadeild er eina opinbera tannlæknastofa landsins, en í samanburðarríkjum sem starfshópurinn horfði til eru sambærilegar greiningar framkvæmdar af sérfræðingum í réttartannlækningum sem starfa hjá opinberum stofnunum. Innan Tannlæknadeildar er bæði tækjakostur og nauðsynleg sérþekking í réttartannlækningum og deildin tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi tengdu þessu málefni.

Niðurstaða starfshóps háskólaráðs var sú að setja ætti skýrari skilyrði og ramma utan um aðkomu HÍ að því flókna og viðkvæma ferli sem fer í gang þegar grunur leikur á að umsækjendur um alþjóðlega vernd segi ekki rétt til aldurs í von um að njóta ríkari verndar. Verksamningur um þetta yrði einungis til eins árs en endurskoðun hans hæfist strax að níu mánuðum liðnum. Á samningstímanum yrði fylgst með þróun mála varðandi aldursgreiningar almennt, siðferðileg álitaefni og aðferðir við aldursgreiningar.

ÞETTA ER AÐ MÍNU MATI ÁBYRG AFSTAÐA Í FLÓKNU SIÐFERÐISLEGU ÁLITAMÁLI.

Þessi skilyrði taka meðal annars mið af þeirri umræðu sem átti sér stað innan Háskólans, í samfélaginu öllu og ábendingum úr viðtölum. Skilyrðin eru meðal annars þau að lögð verði áhersla á að ákvarðanir Útlendingastofnunar (ÚTL) byggist á heildstæðu mati á aldri einstaklings, það er, að tekið verði tillit til fleiri þátta við mat á aldri en greiningar sérfræðinga Tannlæknadeildar HÍ og að slík greining verði aldrei gerð nema fyrir liggi staðfesting frá ÚTL um að enn leiki verulegur vafi á aldri viðkomandi eftir að aðrar aðferðir til aldursgreiningar hafi verið fullreyndar.

Þetta er að mínu mati ábyrg afstaða í flóknu siðferðislegu álitamáli. Við erum þrátt fyrir þessa niðurstöðu vel meðvituð um að enn má gera betur í meðferð stjórnvalda á málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og að vinnulagið kunni að taka breytingum. Ég hef af því tilefni, og í samræmi við niðurstöður starfshópsins, sent dómsmálaráðherra bréf þess efnis að bókun Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um aldursgreiningar frá 16. nóvember 2017 kunni að gefa tilefni til þess að endurskoða þurfi lög um útlendinga í ljósi þess að ríkjum beri almennt að haga löggjöf sinni í samræmi við mannréttindasamninga sem þau eru aðilar að.

HAMARK

Hluti af sýn

ATVINNUMENNIRNIR OKKAR

HEFST Í MARS Á STÖÐ 2

Þú getur horft á fyrri þáttaraðir á MARAÞON

Þriðja þáttaröð þessara mögnuðu þátta. Auðunn Blöndal skyggnist inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar og heimsækir þau víðsvegar um heiminn.

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

FRÉTTABLAÐIÐ
TÍMAMÓT
16. MARS 2019 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

597 f.Kr. Babýloníumenn hertaka Jerúsalem.

1315 Bein Guðmundar góða tekin upp og Gvendardagur gerður messudagur á Íslandi.

1521 Ferdinand Magellan kemur til Filippseyja.

1621 Indíáninn Samoset kemur í tjaldbúðirnar í Plymouth-nýlendunni og heilsar fólkinu á ensku, því til mikillar furðu.

1769 Franski landkönnuðurinn Louis Antoine de Bougainville lýkur þriggja ára hnattsiglingu. Í föruneyti hans er Jeanne Baré, fyrsta konan sem vitað er til að hafi siglt umhverfis hnöttinn.

1792 Gústaf 3. Svíakonungur særður til ólífis á grímuballi í óperunni. Hann dó þann 29. mars.

1852 Tólf menn drukkna þegar skipi hvolfir í Höfnum.

1867 Joseph Lister birtir grein í The Lancet þar sem í fyrsta sinn er lýst skurðaðgerðum við dauðhreinsaðar aðstæður.

1942 Fyrsta V-2-flugskeytinu skotið í tilraunaskyni í Þýskalandi. Það sprakk í flugtaki.

1976 Harold Wilson segir af sér embætti forsætisráðherra Bretlands.

1978 Olíuskipið Amoco Cadiz steytirá skerjum í Ermarsundi og brotnar í tvennt með þeim afleiðingum að úr varð eitt alvarlegasta umhverfisslys sögunnar.

1980 Fjórða hrina Kröfluelda hefst. Þetta gos var kallað skrautgos þar sem það stóð stutt en þótti fallegt.

1982 Claus von Bülow dæmdur fyrir tilraun til að myrða eiginkonu sína í Bandaríkjunum.

Þarna er Anton kóngurinn í ríki sínu, innan um alla gítarana sem eru fjölmargir í búðinni hans á Stórhöfða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meiri afslöppun að spila lag en að sitja í tölvunni

Gítarinn ehf. er 30 ára um þessar mundir. Anton Benedikt Kröyer segir að kassagítarinn hafi alltaf verið vinsælastur en hann býður upp á nánast allt sem tengist gítörum. Í upphafi var verslunarrekstur Gítarsins „eins og að eiga hænu sem verpti gulleggjum."

Kassagítarinn er alltaf vinsælastur. Það er bara þannig," segir Anton Benedikt Kröyer sem fagnar 30 ára afmæli verslunar sinnar, Gítarsins, í ár. Verslunin var stofnuð árið 1989 og var til húsa að Laugavegi 45 allt til ársins 2001 þegar Anton fór upp á Stórhöfða þar sem hann hefur unað sínum hag í 18 ár.

„Þegar ég byrjaði á Laugaveginum þá var það svipað og að eiga hænu sem verpti gulleggjum. Þá var engin Kringla og engin Smáralind. Verslunin var á Laugaveginum. Svo kom pöbbamenningin og þeir spruttu upp eins og gorkúlur. Þegar ein verslun hvarf á braut kom pöbb í staðinn. Svona gekk það koll af kolli og ég færði mig hingað." Verslunin er stórglæsileg og er, eins og nafnið gefur

> **Sko, gítar er ekki sama og gítar og það er hægt að fá góðan gítar á 20 þúsund krónur og nánast upp úr.**

til kynna, með gífurlegt úrval af gítörum en í versluninni eru um 200 gítarar og bassar uppstilltir sem og magnarar og fylgihlutir. „Ég er í góðu rými og stækkaði smátt og smátt.

Sko, gítar er ekki sama og gítar og það er hægt að fá góðan gítar á 20 þúsund krónur og nánast upp úr. Masters-línan hjá Tanglewood, sem eru ofboðslega vandaðir gítarar frá Bretlandi, kostar nokkur hundruð þúsund."

Anton segir að hann hafi snemma fengið tónlistarbakteríuna og bendir á að það sé miklu meiri afslöppun að spila lag á gítar en að vera í tölvunni. „Við vorum alltaf inni í skúr hjá pabba í gamla daga að hlusta á plötur með Bítlunum og horfa á kanasjónvarpið og stundum að hlusta á kanaútvarpið. Það var mikið um að strákar væru að spila saman á þessum tíma í Kópavoginum og ég er farinn að spila á gítar aðeins 11 ára. Um 17 ára var ég kominn í hljómsveitina Eilífð með Herbert Guðmundssyni og við spiluðum í Tónabæ. Svo var ég í nokkrum hljómsveitum og er enn að."

Aðspurður um næstu 30 ár segir Anton að þau verði vonandi jafn blómleg og skemmtileg og fyrri ár.

benediktboas@frettabladid.is

Okkar ástkæri
Jón Þór Ágústsson
Ásholti 1, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu 7. mars síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 20. mars klukkan 13.00.

Jóhanna Gunnarsdóttir
Sigrún Stella Ingvarsdóttir
Kristjana Sif Jónsdóttir Røyseth
Ingvar Jónsson Mathisen
barnabarn og aðrir ástvinir.

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir og mágkona og frænka,
Guðbjörg Ragnarsdóttir Conner
Fort Lauderdale, USA,

lést á sjúkrahúsi í Fort Lauderdale þann 10. mars síðastliðinn.

Ingibjörg Þorgrímsdóttir
James D. Conner — **Susan Lopez**
Nathan Conner
Anthony Ragnar Conner
Hagerup Isaksen — **Guðríður Benediktsdóttir**
Guðríður H. Haraldsdóttir — **Steinþór Haraldsson**
Þorgrímur Isaksen — **Kristín Gústafsdóttir**
Margrét Haraldsdóttir — **Ágúst H. Sigurðsson**
Harald Isaksen — **Jónína S. Pálmadóttir**
Jóhanna Stefanía Einarsdóttir

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Ásbjörn Eggertsson
Höfnum, síðast til heimilis að Miðgarði 5, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 11. mars. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga. Fjölskyldan vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Ólafs Baldurssonar og Þorbjargar Sóleyjar Ingadóttur, Landspítala, fyrir einstaka umönnun og vinskap. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

Jenný Karitas Ingadóttir
Sigríður Ásta Ásbjarnardóttir — **Edward Morthens**
Guðný Sóley Ásbjarnardóttir
Ingi Eggert Ásbjarnarson — **Anna Tabaszewska**
Ásbjörn og Auður Morthens

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ungar athafnakonur ætla að fjölmenna í Hörpu

Félagið Ungar athafnakonur stendur í dag fyrir ráðstefnu í Hörpu undir yfirskriftinni „Brotið glerþak til frambúðar“. Meðal fyrirlesara eru Ragnhildur Ágústsdóttir, Bergur Ebbi, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, María Rut Kristinsdóttir og Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir. Frú Vigdís Finnbogadóttir mun opna ráðstefnuna.

Sigyn Jónsdóttir er formaður Ungra athafnakvenna en félagið var stofnað 2014. Í dag verður haldin önnur ráðstefna félagsins þar sem fjallað verður um glerþakið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sigyn Jónsdóttir, sem er formaður félagsins, segir markmið þess að stuðla að jafnvægi og jafnrétti í atvinnulífinu. „Við gerum það með alls kyns fræðslu, tengslamyndun og hvatningu. Við erum með einn til tvo viðburði í mánuði fyrir félagskonur sem geta verið námskeið, málstofur, tengslakvöld og ýmislegt skemmtilegt.“

Fyrsta stóra ráðstefna félagsins var haldin í fyrra en þar var fjallað um störf framtíðarinnar. „Þetta gekk rosalega vel í fyrra og við fengum frábærar viðtökur þannig að við ákváðum að hafa þetta árlegan viðburð. Núna munum við fjalla um skakkt kynjahlutfall meðal æðstu stjórnenda í viðskiptalífinu og byltingar sem hafa orðið í jafnréttismálum á Íslandi,“ segir Sigyn.

Viðtökurnar hafa verið mjög góðar. „Það seldist upp á ráðstefnuna á miðvikudaginn sem er frábært. Við erum himinlifandi með að fylla Norðurljósasal Hörpu og þurfum ábyggilega að íhuga að hafa stærri sal á næsta ári.“

Sigyn bendir á að þótt staða jafnréttismála sé almennt góð á Íslandi í alþjóðlegum samanburði hafi viðskiptalífið setið eftir. „Þegar ég tala við erlenda vini mína þá hugsa þau bara um Ísland sem jafnréttisparadís og spyrja mig hvað ég sé að gera í þessu félagi. Þá segi ég frá því hvernig staðan er þegar kemur að því hverjir stýra peningunum og hverjir eru æðstu stjórnendur.“

Þannig séu konur aðeins ellefu prósent forstjóra hundrað stærstu fyrirtækja landsins og aðeins um 20 prósent af framkvæmdastjórum. Þá er engin kona forstjóri í skráðu félagi í Kauphöllinni.

> **Maður getur unnið að jafnrétti í grasrótinni endalaust en ef það skilar sér aldrei upp þá eru völdin alltaf á sama stað.**

„Þetta er svolítið sláandi tölfræði. Það er hægt að fjalla um jafnrétti frá mörgum sjónarhornum en við ákváðum í þetta skipti að ráðast á toppinn. Maður getur unnið að jafnrétti í grasrótinni endalaust en ef það skilar sér aldrei upp þá eru völdin alltaf á sama stað.“

Hún segist ekki hafa töfralausnina til að laga þetta. „Það er samt þannig að það þarf að gera hlutina. Ekki segja bara að þetta sé slæm staða heldur einmitt taka af skarið. Ef þú situr til dæmis í stjórn einhvers skráðs félags í Kauphöllinni að taka þetta fyrir á næsta stjórnarfundi. Spyrja hvort við ættum kannski að vera hugrakka félagið sem byrjar að stuðla að fjölbreytni.“

Tvær málstofur verða á ráðstefnunni auk fyrirlestra. Á fyrri málstofunni verður fjallað um byltingar samtímans og þau bakslög sem verða oft í kjölfarið. „Við munum ræða hvort það sé hægt að gera eitthvað til að koma í veg fyrir að bakslög fylgi byltingum og hvernig megi tryggja aðgerðir. Hlutirnir gerast oft svo hratt á Íslandi. Þú býrð til myllumerki á Twitter og allir eru tilbúnir að deila því og gera eitthvað. En svo er kannski eftirfylgnin ekki alveg til staðar.“

Síðari málstofan mun svo fjalla um bága stöðu hvað varðar kynjahlutfall æðstu stjórnenda og glerþakið.

sighvatur@frettabladid.is

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Lilja Jóhannsdóttir

Boðahlein 9,

andaðist mánudaginn 11. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 20. mars kl. 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim er vildu minnast hennar er bent á Rauða krossinn.

Jóhann Hauksson
Halldóra Hauksdóttir
Steinunn Hauksdóttir
Sigrún Hauksdóttir
Ingibjörg Lára Harðardóttir
Ófeigur Ólafsson
Sigurður E. Sigurðsson
Gunnar Erling Vagnsson
og ömmubörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sæunn Guðmundsdóttir

hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri laugardaginn 9. mars. Útför fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 23. mars klukkan 14.00.

Kristín Vignisdóttir
Aðalheiður Björk Vignisdóttir
Ragnar Bjarnason
Magnús Bjarnason
Oddur Bjarnason
Þorkell Sigurlaugsson
Gunnar Gunnarsson
Gyða Kr. Aðalsteinsdóttir
Hrefna R. Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur faðir minn og afi,

Guðjón Valdimarsson

Fjósakambi, Egilsstöðum,

lést fimmtudaginn 7. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Aðstandendur þakka hlýhug og stuðning.

María Svava
Alma Emilsdóttir
Valdimar Örn Emilsson

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Jónsdóttur

áður til heimilis á Sléttuvegi 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 2N á hjúkrunarheimilinu Eir.

Jóna Helgadóttir
Eysteinn Helgason
Matthildur Helgadóttir
Guðleif Helgadóttir
Kristín Rútsdóttir
Tómas Óli Jónsson
Haraldur Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir mín, systir, mágkona og frænka,

Anna Jóhannsdóttir

frá Steinum, Kleppsvegi 58, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 6. mars. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 19. mars klukkan 11.

Jóhann Elí
Guðmunda Jóhannsdóttir
Jóna M.R. Jóhannsdóttir
Sigurður Gunnsteinsson
Ólafur Haraldsson
og systrabörn.

Bróðir okkar,

Hilmar Jónsson

frá Mýlaugsstöðum, Aðaldal,

lést 6. mars á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hermann Jónsson
Fjóla Jónsdóttir
Friðfinna Jónsdóttir
og fjölskyldur.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra S. Jónsdóttir

lést á Landspítalanum þ. 12. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigurður Skúlason
Gústaf Adolf Skúlason
Guðrún Kristjánsdóttir
Ólöf Ingibjörg Baldursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkær systir, mágkona og frænka,

Guðrún Hilmarsdóttir

Skálatúni, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum þann 11. mars. Jarðarför fer fram þann 20. mars kl. 13.00 frá Lágafellskirkju.

Jón Hilmarsson
Berglind Hilmarsdóttir
Svanur P. Hilmarsson
Dagbjört B. Hilmarsdóttir
Guðrún H. Theodórsdóttir
Hjálmar Diego
og frændsystkini.

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samkennd, hlýhug og vináttu við andlát og útför yndislegu mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu, langömmu og vinkonu okkar allra,

Grétu Finnbogadóttur

Sérstakar þakkir færum við starfsmönnum á hjúkrunarheimilunum Mörk og Roðasölum fyrir frábæra umönnun.

Þórunn Traustadóttir
Gunnar Albert Traustason
Ólafur Árni Traustason
Jón Grétar Traustason
Sesselja Traustadóttir
Stefán Már Halldórsson
Ásta Birna Stefánsdóttir
Auður Bergsteinsdóttir
Erla Bryndís Ingadóttir
Kjartan Guðnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Finnboga Höskuldssonar

véltæknifræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans.

Hildigunnur Þórðardóttir
Rakel Þóra F. Larsen
Ásdís M. Finnbogadóttir
Keld Larsen
Magnús Magnússon
og barnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

ÍSBJARNARBLÚS

Ó		S		G		V		S		K		A		S	Í	S	A	L	I
B	R	Ú	Ð	U	H	E	I	M	I	L	I	Ð		T		Ú		Í	
R		P		L		R		I		U		D	R	A	S	L	I	N	U
O	K	U	R	L	Á	N	I	Ð		K		Á		F		U		I	
T		J		H		D		J	Ö	K	L	A	K	R	Á	K	U	N	A
H	A	U	S	A	T	A	L	A		U		N		É		Ó		G	
Æ		R		M		R		N	A	S	A	L	Æ	T	I	N		I	
T	Á	T	U	R	N	A	R			T		E		T		G	Í	N	A
T		U		A		N	Í	Ð	Þ	U	N	G	R	A		A			Ð
I	L	M	U	R	I	N	N			N		R		R	Ö	R	Á	N	A
	A				Ð		L	A	N	D	S	I	G		L		T		L
I	N	N	S	E	N	D	A		E		K		R	Á	D	Ý	R	U	M
	G		V		G		N	Ó	T	T	I	N	A		U		Ú		E
V	I	N	A	B	A	N	D		S		P		F	Æ	R	A	N	D	I
	S		L		R			M	Í	M	A	Ð	A		Ó		A		N
B	A	K	L	Ó	Ð	U	N	U	M		S		R	I	T	A	Ð	R	A
	N		S		A			N	A	S	K	A	R			Ð		U	
	D	R	A	G	N	Ó	T	A			A		Á	K	A	F	I	N	N
	U		M		N			N	Á	L	G	U	N			Ö		U	
Á	R	É	T	T	A	Ð	R	A			A		S	K	Í	R	A	R	I

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist byggðarlag og náttúruperla (14). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. mars á krossgata@frettabladid.is merkt „15. mars“.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hasim** eftir **Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna S. Antoníusdóttir, 105 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Fékk heilablóðfall er hann lagðist á sitt græna eftir vinaleg átök (9)
7 Hagsmunir mínir og hægðir fara gjarnan saman (6)
10 Hopar nú sá illi af hæð sinni (7)
11 Kvörtum undan krafti í hvíthærðum brúnettum (9)
12 Gleyma seint þessu líki við malargryfjuna (6)
13 Bæta við skipalægi og fá því kaupbæti á konsertnum (7)
14 Laxar leita liðamóta (5)
16 Færist nú fjör í innantóm hjartahvolf (6)
17 Fyrir utan allt annað nærist kóngur helst á strimlaðri mjólk (7)
18 Stýrihópur um málefni kúafóðrunar leitar leiðsagnar (9)
20 Þæfum fiður á fuglum þeim/er færa okkur vorið (4)
22 Sussirðu á Norðrið sundrast andi hins andstæða (9)
23 Mín leið upp í háskóla hófst á leikskólaplani (9)
26 Svona sóli getur aflagað kalinn fótinn (6)
27 Ha? Veit hún hvernig maður mundar bergtröllið? (6)
30 Græðgin liggur í ættum ránfugla, og flugið enn frekar (10)
32 Velkist um í hávaða og slabbi (7)
35 Málið er álitið auðleyst (5)
36 Fann fjársjóð við vatnsbólið okkar allra (10)
37 Kemur nú þessi karlaklúbbur með sinn eilífa peningasöng (5)
38 Ill þau æða upp í möstrin (7)
40 Þetta myndi brenna á hverri sál í okkar uppáhalds málaflokki (10)
43 Verður sár ef ég finn ekki ægisgrind (6)
46 Þær þykja öllum fegurri, sem hafa rass eins og rottan – eða er það rugl? (10)
48 Heimsins besta heimabrugg brugga ég í svefni (11)
50 Giska á svar og spyr svo tíðinda af þeirri sem kom undir (7)
51 Blandan er eina rétta svarið (7)
52 Erlend mynt mun líka borga mat í minn maga (4)
53 Föngum þann sem drap tuddana og þóttist finn (11)

LÓÐRÉTT

1 Ísbúð selur ís þótt á sé ísing (11)
2 Sveipum fámál furðufötum (9)
3 Skíma við skut birtist á ný (9)
4 Myndi verða skemmtilegt ef spaug væri ekki sparað (9)
5 Kýs mergjaða sopa og húðflúr fyrir hrausta menn (10)
6 Þessi töf við skógana reynir á þolinmæðina (10)
7 Fundur gengisins á Alþingi stendur enn (11)
8 Sérlega undirförlar píur, og ekki geta þær sungið heldur (11)
9 Þeir sem mættu að utan höfðu fínar tekjur (7)
15 Ég segi að hann þvogli – viltu að ég stafi það öðruvísi? (5)
19 Í hvaða tilgangi er þessi gataseðill gerður? (9)
21 Friðlar drottningar verja sínar sérstöku siðvenjur (8)
24 Staða þessarar frásagnar verður lengi í minnum höfð (7)
25 Seyði hins asíska verts er soðið upp af augum verpils (7)
27 Sá er leggur fæð á flest/fræknin vinnur sigur (6)
28 Hróp að utan vekur skipstjórann (7)
29 Brigslyrði bíta svo óþyrmilega að örið hverfur aldrei (6)
31 Smurði loðinn koparkoll (10)
33 Leita djúparnar með könnuði undirdjúpanna (6)
34 Frá er allur rógur ef vel veiðist (6)
39 Krækir í spotta við þann rass sem nær er (7)
41 Rasa út um alla álmu með vængina á lofti (6)
42 Kjörinn til að fylla hóp hinna föllnu (6)
44 Til minnis: Stefnan er í rugli (6)
45 Á því frekar að venjast að leiða það sem ljúfara er (6)
47 Rotar menn vegna ruglingslega kveðinna bálka (5)
49 Gerði athugasemd við reikning (4)

LÉTT

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7		2	
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

MIÐLUNGS

	9	2		1			6	5
7		4		5			1	
		6	8					2
			9	4				1
	6				5			4
				3	8		2	
8			3				5	
	2				7			
	4	9						

ÞUNG

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3		7			
		4		6	8			
			2	3		8		
	7		9		5			1

7	6	2	8	9	5	4	1	3
4	8	3	7	1	6	2	5	9
5	1	9	2	3	4	6	7	8
9	2	8	5	4	3	1	6	7
6	4	1	9	7	8	5	3	2
3	5	7	6	2	1	8	9	4
8	9	4	1	6	7	3	2	5
1	7	5	3	8	2	9	4	6
2	3	6	4	5	9	7	8	1

7	5	9	4	6	1	2	8	3
8	4	2	9	7	3	1	5	6
1	6	3	5	2	8	7	9	4
9	7	4	1	3	5	6	2	8
2	8	1	6	9	4	5	3	7
5	3	6	7	8	2	9	4	1
6	2	7	3	4	9	8	1	5
3	9	5	8	1	7	4	6	2
4	1	8	2	5	6	3	7	9

8	2	9	3	5	6	4	1	7
3	1	6	7	8	4	2	5	9
7	4	5	9	1	2	3	6	8
5	7	1	8	2	9	6	3	4
2	9	4	1	6	3	7	8	5
6	8	3	5	4	7	9	2	1
9	3	8	2	7	5	1	4	6
1	6	2	4	9	8	5	7	3
4	5	7	6	3	1	8	9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák

Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Hannes Hlífar Stefánsson (2.523) átti leik gegn Vladislav Bakhamtsky (2.419) á alþjóðlega mótinu í Prag. **30. c5! Dxa2 31. Rxa2 Rxc5 32. a6 Rxa6 33. Bxa6** og hvítur vann skömmu síðar. Hannes Hlífar er efstur fyrir lokaumferðina með 7 vinninga. Mótinu lýkur í dag. Afar sterkt minningarmót um Guðmund Arason fer fram á morgun í Móhellu 2.

www.skak.is: Unglingameistaramót Reykjavíkur.

Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

MIKIL ALÞJÓÐLEG GETA

Það er greinilegt að geta íslenskra bridgespilara er á háu stigi í alþjóðabridge. Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson gerðu sér lítið fyrir og enduðu í efsta sæti í Moskvu í boðsmótinu Slava Cup, sem haldið er árlega (fór fram 8.-10. mars). Bjarni Hólm Einarsson náði einnig að landa toppsætinu með Færeyingnum Boga Simonsen á Tórshavn Bridgefestival, sem fram fór einnig um síðustu helgi í Þórshöfn í Færeyjum. Íslensk kvennasveit (Anna Ívarsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Helga Helena Sturlaugsdóttir og Anna Guðlaug Nielsen) brá sér á fjölmennt sveitakeppnismót í Noregi og hafnaði þar í 6. sæti, eftir að hafa vermt efsta sætið um tíma. Jón og Sigurbjörn enduðu með 609 stig í Slava Cup, en Norðmennirnir Terja Aa og Allan Livgard fengu 607 stig. Heimamennirnir Yury Koklov og George Matushko enduðu með 591 stig og Tyrkirnir Nezih Kubac og Nafiz Zorlu enduðu í fjórða sæti með 564 stig. Alls tók 62 pör þátt í Slava Cup. Eftirfarandi spil er úr mótinu í Moskvu. Austur var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ ÁD4
♥ G104
♦ KG9
♣ K1052

Vestur
♠ G983
♥ 965
♦ 7
♣ Á9873

Austur
♠ K10652
♥ Á82
♦ D543
♣ 4

Suður
♠ 7
♥ KD73
♦ Á10862
♣ DG6

Sigurbjörn og Jón sátu í AV í þessu spili. NS höfnuðu í 3 gröndum í norður, eftir að suður hóf sagnir á einum tígli, án nokkurrar truflunar frá AV. Norður var með gaffal í spaða og útlitið var ekki svart eftir spaðafimmuna út hjá Sigurbirni. Árangurinn í spilinu virtist velta á að „finna“ drottninguna í tígli og hún var hjá Sigurbirni á undan 5 litnum. Sagnhafi byrjaði á að spila tígulgosanum – og þegar Sigurbjörn setti lítið spil, var farið upp á ás með það fyrir augum að svína í hina áttina. Það gekk ekki eftir og Jón og Sigurbjörn náðu að fría spaðann í tíma áður en sagnhafa tækist að skrapa heim samningnum. Spilið fór 2 niður (200), en margir fengu að standa spilið.

Hard Rock CAFE
REYKJAVIK

KJALLARINN

Haltu rokkaða veislu
með bestu þjónustunni
og besta matnum.

Er veisla framundan?

KJALLARINN og TUNGLIÐ eru frábærir staðir fyrir fermingarveisluna



Inngangur í Kjallarann

Rokk stemning

Haltu öðruvísi veislu

Bókanir og allar frekari upplýsingar - info@hrcreykjavik.com - Sími 856 1229

Góð þjónusta og
frábær matur

Fallegur salur

Veisla eftir ykkar óskum

TUNGLIÐ
VEISLUSALUR

Haltu grand veislu
með okkur.
Fágað umhverfi og
fyrsta flokks þjónusta.

Bókanir og allar frekari upplýsingar - info@hrcreykjavik.com - Sími 856 1229

SÍMI 5 600 888 INFO@HRCREYKJAVIK.COM LÆKJARGATA 2 A REYKJAVÍK 101
HARD ROCK CAFE REYKJAVIK HRCREYKJAVIK # THISISHARDROCK

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

344

„Þekkið þið svona orðatening?“ spurði Lísaloppa. „Nei,“ sagði Konráð. „En hann virkar spennandi.“ Konráði fannst allar nýjar þrautir sem hann hafði ekki séð áður vera spennandi. „En þið, Kata og Róbert,“ spurði Lísaloppa. „Viljið þið ekki líka reyna að leysa þennan orðatening?“ Kata horfði áhugalaus út í bláinn.

Á Á A A
A A I F
R R B L
S S N N

„Það er varla þess virði, Róbert þykist vita svarið fyrirfram,“ sagði hún fýld. Róbert ætlaði að fara að segja eitthvað, en hætti við. Það var ómögulegt að þau Kata væru alltaf að rífast um gátunar.

„Jæja, við Konráð leysum þá bara orðateninginn,“ sagði Lísaloppa. „En hvernig þraut er orðateningur?“ sagði Konráð. „Við þurfum að raða þessum stöfum þannig í reitina,“ sagði Lísaloppa, „a ð fram komi orð í allar línur hvort sem lesið er lóðrétt eða lárétt.

Fyrsta orðið er nafn einnar af dætrum Ægis, næsta orð þýðir illt umtal, svo karlmannsnafn og loks nafn dýrs.

Börn um allan heim krefjast framtíðar

Börn og ungmenni á Íslandi og víða um heim mótmæltu fyrir loftslagið fjórða föstudaginn í röð. Margir grunnskólanemar hafa tekið þátt í mótmælunum og skrópa í skólanum til þess að taka þátt. Mótmæli voru skipulögð á hvorki meira né minna en 2.000 stöðum um allan heim.

Mótmæli barna fóru fram í 123 löndum. Meira að segja á Suðurskautslandinu.

Greta Thunberg, sextán ára skólastúlka frá Svíþjóð, kom af stað þessari hreyfingu barna. Hún hefur í marga mánuði skrópað í skólanum alla föstudaga og mótmælt aðgerðaleysi hinna fullorðnu sem fara með völdin fyrir framan sænska þinghúsið.

Börn í Svíþjóð mótmæla.

Teikning af hinni sænsku Gretu Thunberg sem hratt mótmælunum af stað. Thunberg hefur nú verið tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels fyrir framtakið.

ÞIÐ SEGIST ELSKA BÖRNIN YKKAR MEIRA EN ALLT ANNAÐ EN ÞRÁTT FYRIR ÞAÐ RÆNIÐ ÞIÐ ÞAU FRAMTÍÐINNI.

Greta Thunberg
byltingarleiðtogi

Börn í Bretlandi mótmæla.

Skilaboðunum er hægt að koma á framfæri með alls kyns hætti.

Lausn á gátunni

BARA, ALAS, RAFN OG ASNI

Beltone **Trust**™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

GOTT ER AÐ AUÐGA HUGANN!

ÖLL PÚSL & PÚSLMOTTUR

30% AFSLÁTTUR



Roðabein
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Undrarýmið
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.499.-



Rauður maður | Svartur maður
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-



Eldraunin
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-

Þar sem ekkert ógnar þér
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-



Gangverk
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-



Óttinn
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-

MARS Penninn Eymundsson
BÓK MÁNAÐARINS

Hin ósýnilegu
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 3.999.-

1.
Metsölulisti Eymundsson

Blóðhefnd
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-

Dóttir Mýrarkóngsins
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-

Húðflúrarinn í Auschwitz
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-



Villinorn - Blóð Viridíönu
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 3.199.-



Fyrirmyndarmóðir
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 18. mars, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 6 ↖	-2 °C | 3 ↑	1 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 5 ↙	2 °C | 5 ←	-4 °C | 6 ↗

Dregur úr vindi og léttir til. Hiti 0 til 5 stig en vægt næturfrost.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	3 °C | 3 ↑	6 °C | 6 ↑	2 °C | 7 ↗	2 °C | 7 ↗	0 °C | 8 ↗
Ísafjörður	-3 °C | 5 ↗	2 °C | 4 ↑	-1 °C | 5 ↑	-4 °C | 5 ↑	-5 °C | 2 ↑
Akureyri	2 °C | 10 ↗	0 °C | 2 ↑	-1 °C | 2 ↑	-4 °C | 3 ↑	-5 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	3 °C | 6 ↑	-1 °C | 2 ↑	3 °C | 3 ↑	0 °C | 5 ↑	-2 °C | 4 ↑
Kirkjubæjarklaustur	1 °C | 5 ↙	3 °C | 2 ↙	3 °C | 6 ↗	2 °C | 5 ↗	1 °C | 4 ↗
Hveravellir	-5 °C | 7 ↑	-1 °C | 10 ↑	-3 °C | 9 ↑	-6 °C | 8 ↑	-7 °C | 8 ↑



Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!

0036 70 942 9573

info@fedaszdental.hu

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

LENGJAN

SPORTVÖRUR

UFC FIGHT NIGHT

EDWARDS VS NELSON

Í KVÖLD KL. 20:00

Tryggðu þér áskrift!
stod2.is | 1817

SPORT

KAUPTU STAKAN VIÐBURÐ: vodafone Síminn

Verðlaunabók um hið fordæmda klám

Stund klámsins eftir Kristínu Svövu fékk viðurkenningu Hagþenkis. Beinir sjónum að tímabilinu 1960-1980 en þá urðu sex dómsmál vegna kláms.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

„Ég átti alls ekki von á að vinna því samkeppnin var hörð og bækurnar sem voru tilnefndar allar mjög vandaðar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristín Svava Tómasdóttir fékk á dögunum viðurkenningu Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, fyrir bók sína Stund klámsins. Klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingarinnar. Í rökstuðningi dómnefndar er Kristínu Svövu meðal annars hrósað fyrir djörfung í efnisvali og brautryðjendastarf í rannsóknum.

Spurð um viðbrögð við þessari viðurkenningu segir Kristín Svava: „Þetta er frábært og mikill heiður. Það var mjög skemmtilegt að fá tilnefninguna og ég átti alls ekki von á að vinna því samkeppnin var hörð og bækurnar sem voru tilnefndar allar mjög vandaðar.

Bókin er byggð á meistararitgerðinni minni í sagnfræði. Fyrir mörgum árum fór ég að velta þessu efni fyrir mér, fyrir algera tilviljun. Klám er mjög gildishlaðið hugtak og yfirleitt notað í neikvæðri merkingu. Það er ekki síst það sem er spennandi við það sem viðfangsefni. Klám er hið fordæmda. Þegar kynferðislegar sviðsetningar eru flokkaðar í góðar og vondar er klámið vondi flokkurinn en hinu bjargað yfir í erótík eða list.

Í bókinni fjalla ég um skilgreininguna á hugtakinu klám. Á íslensku er orðið klám notað í mjög víðri merkingu. Í útlöndum hefur verið talað um obscenity og svo pornography, en á íslensku er sama orðið notað um þetta allt saman, hið ósæmilega og hið pornógrafíska.“

> **EINN MAÐUR VAR TIL DÆMIS SÝKNAÐUR AF BROTI Á KLÁMLÖGUNUM ÞÓTT HEIMA HJÁ HONUM FYNDUST KVIKMYNDIR SEM INNIHÉLDU BARNAKLÁM.**

Yfirvöld vildu ekki kýta um klám

Í verkinu beinir Kristín Svava sjónum að tímabilinu 1960-1980. „Þá er mikil hugmyndafræðileg gerjun í gangi og verið er að ræða um hluti sem er enn rætt um í dag, það er til dæmis mikil áhersla á kynfrelsi og mikilvægi þess að eiga heilbrigðar samræður um kynlíf. Bókin nær fram til um 1980 og lýkur með vídeóbyltingunni en með henni gjörbreytast aðstæður.“

Klám hefur verið bannað í íslenskum hegningarlögum síðan 1869. „Á þeim tíma sem ég fjalla um í bókinni fara fram sex dómsmál vegna kláms. Mín niðurstaða er reyndar að yfirvöld hafi ekki haft neinn sérstakan áhuga á að fara með þessi mál fyrir dómstóla og ekki viljað rífast opinberlega um klámlögin. Þau vildu frekar afgreiða þau á bak við tjöldin.

Djarfar kvikmyndir fara til dæmis aldrei fyrir dóm vegna þess að búið var að koma upp ágætis kerfi þar sem kvikmyndaeftirlitið hafði fyrirmæli um að láta stjórnvöld vita ef ekki þótti nægja að banna mynd innan sextán ára. Þá var bara samið við bíóstjórann að sýna hana ekki eða senur klipptar úr myndinni.“

Að hluta til barnaklám

Á þessum tíma fóru fram sex dómsmál vegna kláms. Í einu máli var maður kærður fyrir að dreifa klámmyndum á filmum. Annað mál snerist um plaköt með skuggamyndum af fólki í kynlífsstellingum og það mál fór alla leið upp í Hæstarétt. Hin fjögur málin snerust um sjopputímarit og bækur. Það höfðu fáir áhuga á að verja þau rit opinberlega þannig að stjórnvöld þurftu ekki að hafa miklar áhyggjur af því að fólk færi að rífast um tjáningarfrelsi út af Tígulgosanum.

Ég skoða hvað það er sem gerir að verkum að þessi tilteknu verk voru öll metin klámfengin fyrir dómi. Ég kemst að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi hafi það verið vegna þess að efninu var dreift fyrir peninga, þetta var einhvers konar klámiðnaður. Í öðru lagi voru þau seld og þeim dreift þannig að börn og unglingar höfðu greiðan aðgang að þeim. Sjoppuritin voru seld í sjoppum og þangað kom mikið af börnum og unglingum og skuggamyndaplakötin voru seld í vinsælli verslun, Karnabæ.

Ég skoða síðan hvað það er í sjálfu efninu sem gerir að verkum að það er talið klám. Mín niðurstaða er að sé tvennt. Annars vegar þegar blandað er saman kynlífi og valdbeitingu eða ofbeldi. Hins vegar ef um var að ræða verk sem lýstu annars konar kynlífi en hefðbundnu gagnkynhneigðu kynlífi sem gat stuðlað að fjölgun mannkyns, til dæmis samkynja kynlífi, hópkynlífi, endaþarmsmökum og fleira.

Það er áhugavert og sláandi að í þremur af þessum sex tilvikum er að hluta til um að ræða barnaklám. Þar kemur við sögu efni þar sem er verið að sýna eða fjalla um börn á aldrinum 10-16 ára í kynferðislegu samhengi. Það er hins vegar ekkert talað um það í dómunum. Einn maður var til dæmis sýknaður af broti á klámlögunum þótt heima hjá honum fyndust kvikmyndir sem innihéldu barnaklám. Innan við tveimur áratugum síðar var orðið ólöglegt að eiga þannig efni, hvað þá að dreifa því. Maður sér í dæmum eins og þessu hvað hlutirnir hafa breyst mikið.“

Ósigrandi sumar um hávetur

BÆKUR

Að vetrarlagi
★★★½☆

Isabel Allende
Þýðing: Sigrún Á. Eiríksdóttir
Útgefandi: Mál og menning
Blaðsíður: 368

Einn öflugasti vetrarstormur í manna minnum geisar í New York og leiðir saman ólöglega innflytjandann Evelyn, lífsþreytta háskólaprófessorinn Richard og rithöfundinn og baráttukonuna Luciu. Einföld aftanákeyrsla hrindir af stað atburðarás sem tekur ófyrirséða snúninga og meðfram línulegri frásögn eru ólík lífshlaup þessara þriggja einstaklinga rakin sem öll eiga sér þó einhverjar en misþykkar rætur í Suður-Ameríku.

Meginstef bókarinnar er hinn margliti en þó nístandi veruleiki margra þeirra sem búa í Mið- og Suður-Ameríku, veruleiki sem getur orðið svo erfiður og blóðugur að þúsundir einstaklinga hætta lífi sínu á hverjum degi til að komast til fyrirheitna landsins Bandaríkjanna þar sem óprúttnir einstaklingar nýta sér oftar en ekki neyð þeirra í ýmsum óskemmtilegum tilgangi. Mansal, glæpagengi og hrottalegar hefndaraðgerðir koma við sögu og stíga dans við litríkt persónugallerí og að hætti Allende eru vangaveltur um stjórnmálaástand og mannréttindi aldrei langt undan. Það sama má segja um töfraraunsæið og hinn einstaklega heillandi frásagnarhátt Allende og eftir því sem á líður sögunna sogast lesandinn lengra inn í örlög og harma persónanna. Það tekur þó smátíma fyrir söguna að komast í gang en þegar hún gerir það er það fyllilega þess virði.

Myndmálið er einkar vel unnið, andstæðunum hita og kulda teflt saman bæði í sögusviðunum sem eru annars vegar nístingskaldur veturinn í New York og hins vegar hitinn, stundum óbærilegur, í Suður-Ameríku, og í persónum Richards og Luciu sem eru að auki bæði komin yfir miðjan aldur og eins og venjulega einkar skemmtilegt að lesa um tilfinningalíf þroskaðra einstaklinga sem stundum getur verið alveg eins heitt og ástríðufullt og þeirra sem yngri eru. Enda hefst bókin á tilvitnun í Albert Camus: „Um hávetur komst ég loks að raun um að innra



með mér ríkti ósigrandi sumar.“ Sá grunur læðist jafnvel að lesandanum að Lucia sé að einhverju leyti byggð á Allende sjálfri sem dregur síst úr lestrargleðinni. Saga Evelyn er svo saga flóttamanns og innflytjanda sem varpar ljósi á ömurlegar aðstæður þeirra sem eiga hvergi grið. Sagan er þannig bæði grimm og blíð, nokkuð sem lesendur Allende kannast við úr fyrri bókum hennar.

Þýðingin rennur lipurlega og þó að stundum verði vart við einstaka klifun er bókin þægileg aflestrar og nær vel að fanga hinn einstaka frásagnarblæ Allende.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Sagan er hæg í gang en nær góðu flugi og aðdáendur Isabel Allende munu kannast við sig og njóta.

bauhaus.is

BAUHAUS®

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

- ekki bara byggingavöruverslun

9.995.-

Vintage Carlton loftljós
Þv. 31 cm. E27-perustæði, hám. 60 W. Fæst í svörtu og koparlituðu.

19.995.-

Towshend borðstofuljós
Hæð 110 cm. Breidd 100 cm. E27-perustæði, hám. 6 x 60 cm.

4.495.-

Plain LED kúpull
Þv. 29 cm. Með 9 W LED-peru. 700 lúmen. 3000 kelvin. IP44 vottaður til notkunar í votrými.

Þv. 34 cm, 12 W..... 4.995.-
Þv. 39 cm, 20 W.....12.495.-

14.995.-

Skyler Star LED kúpull
Þv. 74 cm. Með 60 W LED-peru. 3600-3900 lúmen. 3000-6500 kelvin. Hægt að dimma.

4.995.-

Pinto LED kúpull
Þv. 26 cm. 9 W LED-pera fylgir. Með hvítum glerskermi.

6.495.-

Kiel LED kúpull
Þv. 28 cm. Með 12 W LED-peru. 1050 lúmen. 3000 kelvin. Hvítur. IP43-vottaður til notkunar í votrými.

Mikið úrval af ljósum og hitagjöfum í BAUHAUS

2.995.-

Voltomat pallahitari
1500 W. 3 hitastillingar 500/1000/1500 W. Þyngd 1,6 kg.

4.995.-

Hitablásari
1500 W. 2 hitastillingar. Með innbyggðri hita– og veltivörn. Stærð: :18 x 16,5 x 21 cm. (L x B x H).

2.995.-

Hitablásari
2000 wött. Með 3 stillingum, hitamæli og gaumljósi.

3.495.-

Keramík hitablásari
1800 W.

5.995.-

Hitablásari
2000 W. Með 3 stillingum og hitamæli. Vörn gegn ofhitnun.

5.995.-

Rafmagnsofn
200 W með blæstri.

10.995.-

Olíuofn
2000 W. Með 9 rifum.

12.995.-

Olíuofn
2000 W. Með 9 rifum og tímastilli.

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Myllu heilkornabrauð

LÍFSKORN

Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Ekkert ger
Ekkert hvítt hveiti
Inniheldur spelthveiti

trefjaríkt

VEGAN

Hafraflögur 26%
Sólblómafræ 9%
Hörfræ 8,5%
Rúgkjarnar 3%
Graskersfræ 2,5%
Sesamfræ 1,5%
Spelthveiti 1,5%

SJÖ LÍFSKORN FYRIR HEILSUNA

Lífskorn – Sjö tegundir af fræjum og kornum er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn í Lífskornalínunni. Frábær kostur fyrir alla sem hugsa um heilsuna. Það inniheldur hafraflögur, sólblómafræ, hörfræ, sesamfræ, graskersfræ og rúg en ekkert hvítt hveiti og ekkert ger. Trefjaríkt og gómsætt brauðið er vegan og sérstaklega þétt og saðsamt.

